SKOÐUN Drífa Snædal spyr hvað ríkið skuldar launafólki mikið. **14**

MENNING Franskt barokk á Sumartónleikum við Mývatn um helgina . **22**

LÍFIÐ Eygló Höskuldsdóttir safnar fyrir tónlistarnámi með frumlegum hætti. **46**

SPORT Hversu öruggt er sæti Gylfa Þórs Sigurðssonar í liðinu hjá Swansea? **30**

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT
1011

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
25. júlí 2014
173. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

LÍFIÐ

Hefði viljað vita að þetta var ekki mér að kenna

Ásdís María Viðarsdóttir söngkona er einn skipuleggjenda Druslugöngunnar.

FRÉTTIR

Meiri endurvinnsla Umfang á sorp- og urðunarstöðum er aftur farið að aukast en það dróst saman strax eftir hrun. Þátttaka almennings í endurvinnslu eykst. **4**

Neita að greiða Reykjavíkurborg samþykkir ekki að greiða 50 milljónir í nýjum flóðljósum Laugardalsvallar. ÍTR hafði áður gefið slíkt vilyrði. **8**

14

Bolungarvík	12°	S	6
Akureyri	16°	S	3
Egilsstaðir	19°	SV	2
Kirkjubæjarkl.	13°	S	4
Reykjavík	13°	S	6

Skúrir sunnan- og vestanlands en bjart eða bjart með köflum norðan og austan til með síðdegisskúrum. Fremur hægur vindur og hiti 12 til 22 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk

Bæta þarf skipulag við Sólheimajökul

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, kynnti nýtt hættumat vegna hlaups úr Sólheimajökli á fundi með íbúum í Vík í Mýrdal í gærkvöldi.

„Við horfum til hlaupsins í Jökulsá 1999 og í Múlakvísl 2011 og hvaða útbreiðslu og áhrif þau hefðu í dag miðað við bílastæði, göngustíga og annað," segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, um nýtt hættumat vegna Sólheimajökuls. Hann kynnti matið á íbúafundi á Vík í Mýrdal í gærkvöldi. Það er ætlað til leiðbeiningar fyrir heimamenn við skipulagningu og gerð viðbúnaðaráætlana komi til hlaups í ám úr jöklinum.

Hann segir ljóst að það verði að bæta skipulag á svæðinu og segir bílastæði sem næst er ánni, innan varnargarða, vera illa staðsett og berskjaldað fyrir hlaupum af þeirri gerð sem kom 1999.

Hættumatið segir Magnús Tumi að taki ekki sérstaklega til hættu af eiturgufum sem komið geta frá ánni þegar hlaup er í gangi, líkt og varað var við fyrr í þessum mánuði þegar almannavarnir lýstu yfir óvissustigi vegna vatnavaxta sem urðu í Jökulsá. „Það á eftir að vinna betur hvaða mörk á að hafa í tengslum við það," segir hann.

óká/ sjá síðu 6

„Við horfum til hlaupsins í Jökulsá 1999 og í Múlakvísl 2011 og hvaða útbreiðslu og áhrif þau hefðu í dag miðað við bílastæði, göngustíga og annað

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðfræði

HALDIÐ Í HAFIÐ Íslandsmótið í sjósundi fór fram í Nauthólsvík í gær. Það eru Sundsamband Íslands og Coldwater, félag áhugamanna um sjósund, sem standa fyrir mótinu í samvinnu við Securitas. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Verið er að stækka farþegarými í Leifsstöð og bæta aðgengi farþega.

Framkvæmdir við Leifsstöð:

Stækka rými fyrir farþega

SAMGÖNGUR Aukinn ferðamannafjöldi og breyttar áherslur í sjávarútvegi setja nú mark sitt á starfsemi Leifsstöðvar en þar eru í gangi umfangsmiklar framkvæmdir. Verið er að stækka suðurbyggingu um fimm þúsund fermetra og á það að bæta aðgengi fyrir þann fjölda ferðamanna sem kemur í Leifsstöð með rútu. Verklok eru áætluð árið 2016. Að auki er verið að reisa þúsund fermetra viðbyggingu við fragtmiðstöð fyrir IGS, sem er flugþjónustufyrirtæki undir hatti Icelandair.

- jse/ sjá síðu 10

Stjörnubjart Evrópukvöld:

Skotarnir lagðir í framlengingu

FÓTBOLTI Stjarnan og FH komust bæði áfram í 3. umferð forkeppni Evrópudeildar karla í knattspyrnu í gærkvöldi eftir magnað íslenskt Evrópukvöld.

Stjarnan gerði sér lítið fyrir og vann skoska liðið Motherwell, 3-2, í framlengingu, en fyrri leikurinn fór 2-2 ytra. Atli Jóhannsson var hetja Stjörnunnar, en hann skoraði sigurmarkið með þrumuskoti af 25 metra færi þegar fimm mínútur voru eftir.

Atli Guðnason og Atli Viðar Björnsson sáu um hvítrússneska liðið Neman Grodno hvor með sínu markinu í Kaplakrika, en FH mætir Elfsborg í næstu umferð á sama tíma og Stjarnan spilar við Lech Poznan frá Póllandi.

- tom / sjá síðu 30

NÝ SENDING
KOMIN Í VERSLANIR!
AMINO ENERGY
TRUE STRENGTH

Sigríður Björk Guðjónsdóttir er nýr lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu:

Vill sjá nýjar áherslur í borginni

STJÓRNSÝSLA Sigríður Björk Guðjónsdóttir hefur verið skipuð lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, fyrst kvenna.

„Þetta leggst mjög vel í mig," segir Sigríður. „Það er alltaf gaman að taka við nýrri stofnun, kynnast fólkinu og finna hvar hægt er að gera betur."

Sigríður, sem hefur verið lögreglustjóri á Suðurnesjum frá árinu 2009, tekur við af Stefáni Eiríkssyni sem hefur verið ráðinn í starf sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Hún segir nýjar áherslur alltaf fylgja ráðningu nýs fólks.

„Ég myndi vilja sjá einhverjar af þeim áherslum sem við höfum staðið fyrir á Suðurnesjum í höfuðborginni, eins og áherslur á heimilisofbeldi," segir Sigríður. „En það er of snemmt að segja eitthvað afgerandi með það."

Ólafur Helgi Kjartansson sem hefur verið sýslumaður á Selfossi tekur við starfi Sigríðar Bjarkar á Suðurnesjum en Kjartan Þorkelsson, sýslumaður á Hvolsvelli, fer í starf hans. Samkvæmt nýjum lögum verður lögregluumdæmum fækkað úr 15 í níu um næstu áramót. Tvö embætti verða auglýst á næstu dögum, embætti lögreglustjóra á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum. Hanna Birna Kristjánsdóttir segir að með fækkun embættanna verði þau öflugri og yfirbygging minni.

- bá

Ég myndi vilja sjá einhverjar af þeim áherslum sem við höfum staðið fyrir á Suðurnesjum í höfuðborginni, eins og áherslur á heimilisofbeldi,"

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, nýr lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Undragóð blanda
við bólgum og meiðslum
Nýtt
natures aid
Ginger, Turmeric & Bromelain
www.gengurvel.is

SPURNING DAGSINS

Sveinn Rúnar, er í lagi að berja runna?

„Nei, því hann gæti fengið berangur."

Sveinn Rúnar Hauksson er annálaður bláberjamaður og var hann að ræða þau mál í Fréttablaðinu í gær en svo er hann friðarsinni og auðvitað læknir.

Íslenskir ferðalangar afbókuðu vegna fréttaflutnings af nauðungarbúðum og hungursvelti:

Hættu við hópferð til Norður-Kóreu

FERÐALÖG Hætt var við fyrstu íslensku hópferðina til Norður-Kóreu sem fara átti í apríl síðastliðnum. Yfir tuttugu manns höfðu skráð sig í ferðina, sem var nægilegur fjöldi til að hægt yrði að fara, en babb kom í bátinn.

EGILL ÖRN ARNARSON HANSEN

„Við vorum komnir með fullan hóp en þegar fór að koma fréttaflutningur af nauðungarbúðum og hungursvelti í þessu annars ágæta landi þá fór fólk að afbóka. Sumir sögðu að þeir gætu eiginlega ekki farið án þess að fá gagnrýni frá fjölskyldunni," segir Egill Örn Arnarson Hansen hjá ferðaskrifstofunni Trans Atlantic en ferðin kostaði rúmar 600 þúsund krónur.

„Ég sagði þeim úti að umfjöllunin væri frekar neikvæð á alþjóðavísu og það hefði áhrif á viðtökurnar heima. Þeir voru ekki kátir en þeir hafa samt góða reynslu af Skandinövum. Þessi umfjöllun virtist ekki draga úr ferðahug Svía og Dana. Ég held að við höfum tekið þetta nær okkur en þeir."

Egill var að vonum svekktur með niðurstöðuna enda búinn að leggja mikla vinnu í undirbúninginn. Hann er samt sem áður ekki af baki dottinn og ætlar að reyna aftur við Norður-Kóreu á næsta ári. „Páskarnir verða líklegast fyrir valinu en fyrst þarf að fá grænt ljós frá stjórnvöldum úti varðandi dagsetningar. Það tekur dálítinn tíma."

- fb

LEIÐTOGI Kim Jong Un stjórnar Norður-Kóreu með harðri hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AÐSTANDENDUR SAMEINAST Ár er liðið frá lestarslysinu mikla á Spáni og var þess minnst í Santiago de Compostela í gær. AFP/NORDICPHOTOS

Minnast sjötíu og níu sem fórust í lestarslysi:

Lestarstjórinn kvalinn

SPÁNN Þess var minnst í gær í spænsku borginni Santiago de Compostela að ár er liðið frá lestarslysinu mikla þar sem 79 farþegar létust. Lestin fór af sporinu þegar henni var ekið á 179 kílómetra hraða á klukkustund, en það er helmingi meiri hraði en leyfilegur er við þessar aðstæður. Lestarstjórinn, Francisco José Garzón Amo, lifði slysið af með skrámur einar og er hann sá eini sem ákærður er. Hann sendi skilaboð og samúðarkveðjur í gær til aðstandenda þar sem hann sagðist biðjast velvirðingar af sínum veika mætti, enda hefði hann hefði ekki á sér heilum tekið einn einasta dag frá því slysið átti sér stað.

- jse

Þyrla Landhelgisgæslunnar:

Sótti karlmann á skemmtiskip

BJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út á sjötta tímanum í gærkvöldi til að sækja sjúkling í skemmtiferðaskip sem var þá nýlagt af stað frá Reykjavíkurhöfn.

Að sögn starfsmanns gæslunnar var um að ræða karlmann á áttræðisaldri sem var í hjartastoppi. Skipið var statt utan við Gróttu og hélt leið sinni áfram eftir að maðurinn var sóttur.

Sjúklingurinn var fluttur á Hjartagátt Landspítalans við Hringbraut en læknar þar gátu ekkert gefið upp um ástand hans.

- bá

Gæsluvarðhald framlengt:

Haldið í fjórar vikur í viðbót

LÖGREGLUMÁL Framlengt hefur verið um fjórar vikur gæsluvarðhaldi yfir tveimur mönnum sem setið hafa inni í tengslum við rannsókn lögreglu á alvarlegri líkamsárás í Grundarfirði 17. þessa mánaðar.

Fram kemur í tilkynningu lögreglu að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi kveðið upp úrskurð sinn um þetta í gær. Mönnunum er haldið á grunvelli almannahagsmuna.

Rannsóknardeild lögreglunnar á Akranesi fer með rannsókn málsins.

- óká

Opnar umræðu með ómandi kontrabassa

Listamaður í Keflavík vill minnisvarða um tónlistarmanninn Rúnar Júlíusson. Hann leggur fram hugmynd í formi ómandi kontrabassa og vonar að það hleypi lífi í umræðuna. Rúni Júl gaf samfélaginu gríðarlega mikið, segir listamaðurinn.

SAMFÉLAGSMÁL „Mér fannst tímabært að koma þessu á einhvern umræðugrundvöll í samfélaginu að það væri nú reistur minnisvarði um þennan besta son bæjarins," segir listamaðurinn Guðmundur Lúðvíksson sem setti nýverið fram hugmynd að minnisvarða í Reykjanesbæ fyrir tónlistarmanninn ástsæla Rúnar Júlíusson.

Ég vildi bara setja fram mína hugmynd, það má hver sem er smíða skúlptúrinn.

Hugmynd Guðmundar er eingöngu ætlað að hleypa lífi í umræðuna um minnisvarða fyrir söngvarann. Samfélagið þurfi að ákveða hvort það vilji almennt heiðra fólk sem hefur skarað fram úr. Rúnar lést seint á árinu 2008.

„Þá þarf að finna einhvern farveg fyrir framkvæmdina. Á að hafa samkeppni eða leita til einhverra ákveðinna listamanna?" spyr Guðmundur. „Eða á að opna möguleika fyrir alla að senda hugmyndir inn?" Skúlptúrinn sem hann hefur hannað er hans innlegg í þessa umræðu.

„Ég vildi bara setja fram mína hugmynd, það má hver sem er smíða skúlptúrinn."

Guðmundi þykir mikilvægt að bærinn, eða aðilar hvaðanæva að á landinu, stígi upp og heiðri Rúnar, sem oft var kallaður Rúni Júl.

„Þarna er einstaklingur sem gaf þessu samfélagi gríðarlega mikið og var fyrirmynd margra, bæði hér og annars staðar."

nanna@frettabladid.is

TÓNLIST Í VERKINU Hugmynd Guðmundar er meðal annars sú að leggi gestir eyrað við verkið heyrist í því tónlist Rúnars Júlíussonar, sem hefur löngum verið talinn einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar. MYND/GRL

ÓMANDI KONTRABASSI VIÐ SJÁVARSÍÐUNA

Hugmynd Guðmundar er nýstárleg en listamaðurinn hefur legið yfir henni lengi. „Niðurstaðan varð sú að ég vel þarna form úr kontrabassa, það er að segja efsta hluta hans. Það gefur augaleið að það er vegna þess að Rúnar spilaði á bassa, að vísu aldrei á kontrabassa," útskýrir hann. „Það er ákveðin reisn yfir kontrabassanum og virðing borin fyrir honum." Jafnframt eru takkarnir og strengirnir fjórir vísun í þá fjóra einstaklinga sem stofnuðu keflvísku hljómsveitina Hljóma. „Í einu verki er því í raun og veru öll hljómsveitin þó svo að skúlptúrinn sé tileinkaður honum [Rúnari] sérstaklega."

Guðmundur segir einnig að úr fjarska gæti þessi hluti af kontrabassanum litið út eins og stafn á reisulegu, virðulegu víkingaskipi.

Flugvél Air Algerie með 116 manns innanborðs féll til jarðar í Sahara:

Brak fundið úr alsírsku vélinni

ERLENT Forseti Malí, Ibrahim Boubacar Keita, tilkynnti í gærkvöld að brak úr flugvél alsírska flugfélagsins Air Algerie hefði fundist í Sahara-eyðimörkinni í norðurhluta landsins. Þetta kom fram á erlendum fréttavefjum.

Alls voru 110 farþegar um borð, þar af um fimmtíu Frakkar, og sex manna áhöfn sem var starfsfólk spænska flugfélagsins Swiftair. Að minnsta kosti tíu börn voru í vélinni.

Vélin var á leið til Algeirsborgar, höfuðborgar Alsírs. Hún tók á loft í Ouagadougou í Búrkína Fasó en tæpri klukkustund síðar barst kall frá flugmanni til flugstjórnar í Níger þess efnis að breytt yrði um stefnu vegna mikils sandbyls fram undan.

Mikil leit fór fram í Malí og sendu Frakkar meðal annars herflugvélar í slíkan leiðangur. François Hollande Frakklandsforseti sló öllum fundarhöldum sem hann átti fyrir höndum erlendis á frest þegar fréttist að vélin hefði horfið af ratsjá. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu ekki borist neinar nánari fréttir af því hvað hefði farið úrskeiðis þegar vélin hrapaði. Stríðsástand ríkir á svæðinu í norðurhluta Malí og skemmst er að minnast hörmunganna í síðustu viku þegar flugvél frá Malaysia Airlines var skotin niður í Úkraínu með nær þrjú hundruð manns innanborðs.

- jse

VÉL FRÁ AIR ALGERIE Alls voru 116 um borð í vélinni sem var á leið frá Búrkína Fasó til Algeirsborgar. NORDICPHOTOS/AFP

Verið hjartanlega velkomin. Geysir Skólavörðustíg, opið 10-19. Geysir Akureyri, opið 11-18. www.geysir.com Sími 519 6000.

SVONA ERUM VIÐ

96,7 prósent íslenskra heimila höfðu aðgang að neti á síðasta ári.

Árið 2002, eða rúmum áratug fyrr, höfðu 78 prósent heimila netaðgang.

Aðferð sem nota á við framleiðslu sólarkísils á Grundartanga er umhverfisvænni en tíðkast hefur:

Áhrif framleiðslunnar á umhverfið óveruleg

IÐNAÐUR Bent hefur verið á að veruleg mengun hafi fylgt framleiðslu sólarkísils. Í grein sem Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur ritar á vef sinn bendir hann á að slíkri framleiðslu hafi fylgt mikil losun á eiturefninu sílikontetraklóríði auk þess sem klórgas berist í miklu magni út í andrúmsloftið. Bandaríska fyrirtækið Silicor Materials ætlar í haust að hefja byggingu 19 þúsund tonna sólarkísilverksmiðju á Grundartanga og á starfsemi að hefjast þar árið 2017.

„Er ef til vill búið að afskrifa Hvalfjörð og Akranes, og dæma þetta svæði sem iðnaðarhverfi, þar sem mengun er leyfileg?“ spyr Haraldur í umfjöllun á vef sínum.

Á vef Silicor Materials kemur hins vegar fram að fyrirtækið hafi einkaleyfi á nýrri framleiðsluaðferð sem ekki hafi í för með sér slíka mengun. Bráðið ál er notað til að hreinsa kísilmálminn og síðan selt aftur í áliðnað.

Þá var það mat Skipulagsstofnunar í apríllok á þessu ári að „hreinsun kísilmálms til framleiðslu á sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“ Mengun sem berist frá starfseminni til andrúmsloftsins sé ryk og fyrirliggjandi gögn segja magn þess og samsetningu hafa óveruleg áhrif.

- óká

GRUNDARTANGI Hér á að rísa fyrirhuguð verksmiðja Silicor Materials. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA Jatsenúk tilkynnti afsögn úr ræðustól. NORDICPHOTOS/ AFP.

Afsögn forsætisráðherra:

Líklega kosið í Úkraínu í haust

KÆNUGARÐUR, AP Arsení Jatsenúk sagði í gær af sér sem forsætisráðherra Úkraínu eftir tæpa fimm mánuði í embætti. Fyrr um daginn tilkynntu tveir flokkar í samsteypustjórn Jatsenúks að þeir hygðust ganga úr stjórninni.

Jatsenúk tilkynnti um afsögn sína úr ræðustól úkraínska þingsins. Petró Porósjenkó, forseti Úkraínu, fagnaði fyrr um daginn ákvörðun flokkanna tveggja og sagði almenning vilja grundvallarbreytingar á ríkisstjórninni. Talið er að Porósjenkó muni í kjölfar afsagnar Jatsenúks rjúfa þing og boða til kosninga í haust.

- bá

Hleypt af skotum á geðdeild:

Einn lést í skotárás á spítala

PENNSYLVANÍA, AP Einn starfsmaður lést þegar maður hóf skotárás á geðdeild spítala í Bandaríkjunum í gærkvöldi. Annar starfsmaður og skotmaðurinn sjálfur slösuðust einnig illa.

Ekki liggur fyrir hvað leiddi til árásarinnar og er málið enn til rannsóknar, en lögregla vildi ekki segja frá því hver hleypti af skotinu sem hæfði árásarmanninn.

Atvikið átti sér stað á Mercy Fitzgerald-spítalanum í bænum Darby fyrir utan borgina Fíladelfíu.

- bá

Sorp gefur til kynna komu betri tíma

Umfang á sorp- og urðunarstöðum dróst heilmikið saman á mögru árunum strax eftir hrun. Nú er magnið aftur að aukast. Stefnir í sömu átt og fyrir hrun, segir rekstrarstjóri. Þátttaka almennings í endurvinnslu eykst og sóunin er minni.

SAMFÉLAGSMÁL Ef litið er á það magn sem kemur til endurvinnslustöðva Sorpu má leiða að því líkum að neysla landans sé heldur að aukast eftir mögur ár.

„Heildarmagn inn á Endurvinnslustöðvar Sorpu er ekki komið í sömu hæðir og fyrir hrun en við stefnum í þá átt,“ segir Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva Sorpu. „Það sem af er árinu fjölgar heimsóknum um ríflega sjö prósent og magn úrgangs að sama skapi. Það er ekki hægt að horfa fram hjá þeim möguleika að þetta séu merki um aukinn kaupmátt og aukinn áhuga almennings á umhverfismálum.“

Hann bætir við að frá því að sveitarfélögin tóku blátunnuna í notkun hafi það skilað sér í frekari þátttöku almennings í pappírsflokkun og síðan leitt til aukinnar flokkunar annarra endurvinnsluefna. Hann segir enn fremur að meira af hlutum, fatnaði og raftækjum skili sér til Góða hirðisins og söfnunar Rauða krossins en á mögru árunum fyrst eftir hrun.

Ingþór Guðmundsson, stöðvarstjóri endurvinnslunnar hjá Gámaþjónustunni, segir að þar hafi menn orðið varir við að neysla landsmanna sé að aukast. Aðspurður hvort hún sé að ná sömu hæðum og fyrir hrun svarar hann: „Nei, almáttugur. Það er ekki svo. Þá var svo svakaleg sóun sem ég vonast ekki til að sjá aftur. Nú er þetta bara að komast í eðlilegt horf.“

Hann segir enn fremur að fólk sé farið að endurvinna mun meira en áður og nánast öllu sem er endurvinnanlegt er komið í endurvinnslu.



Þá var svo svakaleg sóun sem ég vonast ekki til að sjá aftur. Nú er þetta bara að komast í eðlilegt horf.

Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva Sorpu

Í ENDURVINNSLU Þeir sem vinna við ruslið fá ágæta mynd af ástandi landans sem virðist nú aftur hafa meira á milli handanna en fyrstu árin eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN KARLSSON

Þegar kaupgetan þvarr hjá landanum við hrunið sáust þess glöggt merki í Urðunarstöðinni á Álfsnesi. Þar varð 35 prósenta samdráttur á magninu sem þangað kom þar frá árinu 2008 til 2010. Varð þetta til þess að stytta varð vinnutíma starfsmanna á Álfsnesi um eina og hálfa klukkustund.

Á þessu ári virðist ætla að verða samdráttur á magninu sem þangað berst en á því eru aðrar skýringar en minni neysla. „Það er annars vegar vegna aukinnar endurvinnslu á svæðinu, einkum þá á pappír og pappa, vegna blátunnuvæðingarinnar,“ segir Bjarni Gnýr Hjarðar, yfirverkfræðingur hjá Sorpu. „Og hins vegar vegna eigendasamkomulags sveitarfélaganna sem standa að Sorpu, þess efnis að hætta eigi móttöku á hluta af lífrænum úrgangi samkvæmt sérstakri áætlun fram að gangsetningu gas- og jarðgerðarstöðvar.“

jse@frettabladid.is

HÆTTUR STÖRFUM Peres gegndi embætti forseta í sjö ár. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr forseti tekur við í Ísrael:

Peres lætur af forsetaembætti

JERÚSALEM, AP Shimon Peres lét í gær formlega af embætti forseta Ísraels.

Peres er nýræður og hefur gegnt nánast öllum helstu stöðum í ísraelskum stjórnmálum á löngum og viðburðaríkum ferli. Hann hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1994 fyrir tilraunir sínar til að reyna að koma á friði í Mið-Austurlöndum.

Við af honum tekur þingmaðurinn Reuven Rivlin, sem hefur lengi mælt gegn sjálfstæðu ríki Palestínumanna.

- bá

Sala jókst talsvert milli ára:

Methagnaður hjá Össuri

VIÐSKIPTI Hagnaður stoðtækjaframleiðandans Össurar jókst um 106 prósent milli ára. Hann nam tæpum tveimur milljörðum íslenskra króna eða þrettán prósentum af sölu og er um methagnað að ræða.

Þetta kemur fram í ársfjórðungsuppgjöri Össurar sem birt var í gær. Sala fyrirtækisins nam rúmlega fimmtán milljörðum króna, samanborið við rúmlega tólf milljarða á öðrum ársfjórðungi í fyrra.

Sala á spelkum og stuðningsvörum jókst um þrjátíu prósent milli ára og sala á stoðtækjum um fimmtán prósent.

- bá

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	31°	Friedrichshafen	25°	New York	26°
Aþena	32°	Gautaborg	27°	Orlando	32°
Basel	26°	Kaupmannahöfn	27°	Ósló	29°
Berlín	22°	Las Palmas	25°	París	26°
Billund	28°	London	26°	San Francisco	25°
Frankfurt	25°	Mallorca	33°	Stokkhólmur	28°



Á MORGUN Hægur vindur, skúrir mestir á NA-landi.

SUNNUDAGUR Hægur vindur, þykknar upp S-lands síðdegis.

MINNKANDI VÆTA. Það dregur úr vætu sunnan og vestan til á morgun en á sama tíma verða myndarlegar skúrademur norðaustanlands eða jafnvel rigning um tíma. Á sunnudag lítur út fyrir bjart veður með köflum að minnsta kosti hluta úr degi.



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
GILDIR 25.07-30.07

SUMAR ÚTSALA

ALLT AÐ 54%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!

SPARIÐ 6000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 12.990

6.990

ÓSLO GARÐSTÓLL
Glæsilegur viðhaldsfrír stálstóll úr sterku, veðurþolnu pentan efni. Vnr. 3747800

FULLT VERÐ: 9.995

5.990

40% AFSLÁTTUR

IDRE BORÐ
Stærð: B58 x L58 sm.
Vnr. 3761500

53% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 16.990

7.990

HESTRA STILLANLEGUR STÓLL
Góður stillanlegur stóll úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Stólinn er hægt að leggja saman.
Vnr. 3761900

54% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 12.990

5.990

VEN GARÐSTÓLL
Þægilegur og staflanlegur stóll úr áli og polyester.
Vnr. 3756300

SPARIÐ 15.000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 34.990

19.990

KLINT BORÐ
Glæsilegt borð úr áli og veðurþolnu, fléttuðu polyrattan efni með viðarlíkis borðplötuplötu.
Stærð: Ø120 sm. Vnr. 3745901

LOMMA STÓLL
Flottir stillanlegir stólar með sterku netáklæði.
Vnr. 3737700

SPARIÐ 5000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 12.990

7.990

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

995

MALIBU PLASTSTÓLL
Góður, staflanlegur stóll.
Litur: Hvítur.
Vnr. 042709630

GEDSER SÓLSTÓLL
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtu, bláu og rauðu. Vnr. 3738500

SPARIÐ 2500 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 7.995

5.495

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 9.995

4.995

GENOVA ARMSTÓLL
Góður, staflanlegur stóll.
Vnr. 3715542

ALLAR GARÐSESSUR 40% AFSLÁTTUR

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvaða Íslendingur er framleiðandi kvikmyndar sem skartar Richard Gere í aðalhlutverki?
2. Hver er formaður Bandalags þýðenda?
3. Hvað hafa mörg hjólhýsi verið nýskráð í júlí?

SVÖR:
1. Eva María Daníels. **2.** Magnea J. Matthíasdóttir. **3.** Á þriðja tug.

Meirihluti í Hafnarfirði ræður Harald Haraldsson sem bæjarstjóra og hækkar launin um 31,5 prósent:

Fulltrúi minnihluta sagði sig úr valnefnd

SVEITARSTJÓRNIR Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti í gær að ráða Harald Líndal Haraldsson í starf bæjarstjóra.

Haraldur, sem er hagfræðingur, var bæjarstjóri á Ísafirði í tíu ár og í fimm ár sveitarstjóri í Dalabyggð. Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ segir að á undanförnum árum hafi hann starfað sjálfstætt sem ráðgjafi og sérhæft sig í endurskipulagningu í rekstri og fjármálum sveitarfélaga.

HARALDUR L. HARALDSSON

Minnihluti Samfylkingar og Vinstri grænna gagnrýndi á bæjarráðsfundi í gær vinnubrögð valnefndar við ráðninguna. „Þegar mér var tilkynnt um sameiginlega niðurstöðu fulltrúa meirihlutans í valnefndinni áður en formlegt mat á umsækjendum hafði farið fram eða tilraun hafði verið gerð til að leiða rök að þeirri niðurstöðu, sagði ég mig frá störfum nefndarinnar," bókaði Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingar.

Í bókun minnihlutaflokkanna er bent á að gert sé ráð fyrir að laun bæjarstjóra hækki um 31,5 prósent. „Fulltrúar minnihlutans eru mjög hugsi yfir því hvaða skilaboð felast í slíkri hækkun á launum æðsta embættismanns sveitarfélagsins."

Mánaðarlaun Haraldar verða 1.480 þúsund krónur. - gar

HAFNARFJÖRÐUR Deilt er um ráðningu bæjarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

netto 24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ GRANDA OG MJÓDD

DAG SEM NÓTT

Sum svæði óvarin fyrir jökulhlaupi

Drög að uppfærðu hættumati vegna mögulegra hlaupa úr Sólheimajökli voru kynnt á íbúafundi í Vík á miðvikudagskvöld. Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir plaggið eiga að styðja við skipulagningu og gerð viðbúnaðaráætlana.

NÁTTÚRUVÁ Nýtt hættumat vegna Sólheimajökuls í austanverðum Mýrdalsjökli sem Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, kynnti á íbúafundi á Vík í Mýrdal í gærkvöldi er ætlað til leiðbeiningar fyrir heimamenn við skipulagningu og við gerð viðbúnaðaráætlana komi til hlaups í ám úr jöklinum.

„Við horfum til hlaupsins í Jökulsá 1999 og í Múlakvísl 2011 og hvaða útbreiðslu og áhrif þau hefðu í dag miðað við bílastæði, göngustíga og annað," segir Magnús Tumi. Niðurstöðurnar séu hins vegar ekki þannig að þær raski áætlunum ferðaþjónustu sem nú sé á svæðinu. „Það er hins vegar ljóst að þarna þarf að bæta skipulag," segir hann og kveður bílastæði sem næst er ánni, innan varnargarða, vera illa staðsett og berskjaldað fyrir hlaupum af þeirri gerð sem kom 1999.

MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

Hættumatið segir Magnús Tumi að taki ekki sérstaklega til hættu af eiturgufum sem komið geta frá ánni þegar hlaup er í gangi, líkt og varað var við fyrr í þessum mánuði þegar almannavarnir lýstu yfir óvissustigi vegna vatnavaxta sem urðu í Jökulsá. „Það á eftir að vinna betur hvaða mörk á að hafa í tengslum við það." Alla jafna sé hins vegar ekki hætta á ferðum, nema dvalið sé langdvölum í gufum frá ánni alveg við upptökin þegar þannig ber við. „Þá getur það við sumar aðstæður valdið einhverri eitrun."

Eins og staðan er nú er hægt að keyra vegslóða á bílaplan alveg niður við á. Tæki fólk upp á því að gista í bílum á þeim stað væri það berskjaldað fyrir hlaupi ef það kæmi og um leið svo nærri ánni og upptökum gæti brennisteinsmengun þar orðið nokkur. „En tilgangur okkar er fyrst og fremst að vinna að upplýstri umræðu þannig að bregðast megi rétt við," segir Magnús Tumi.

olikr@frettabladid.is

SÓLHEIMAJÖKULL Fyrr í þessum mánuði, þegar óvissustigi var lýst yfir vegna hlaups í Múlakvísl og Jökulsá á Sólheimasandi, beindu Almannavarnir því til ferðafólks að halda sig í að minnsta kosti hundrað metra fjarlægð frá ánum á sandinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

STÓR SVÆÐI RÝMD KOMI TIL GOSS Í KÖTLU

Í ítarlegri viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Mýrdalsjökli sem finna má á vef Almannavarna kemur fram að stór svæði kunni að vera rýmd í nágrenni Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls komi til meiriháttar jarðhræringa og flóða í kjölfar þeirra. Auk svæðisins austur af Hvolsvelli, Fljótshlíðar og Landeyja, er gert ráð fyrir að rýma alla bæi undir Vestur-Eyjafjöllum, bæi undan Sólheimajökli í vestanverðum Mýrdalsjökli, öll hús í neðri og austari hluta Víkur í Mýrdal, og í Meðallandi vestan Eldvatns.

HLUTI RÝMINGARSVÆÐA VEGNA KÖTLUGOSS Hér má sjá gráleit svæði þar sem rýma þarf komi til goss í Mýrdalsjökli. MYND/ALMANNAVARNIR RÍKISINS

Nýr forstjóri 365 fagnar því að kona bætist í hóp yfirstjórnar fréttastofu:

Kristín verður útgefandi 365

FJÖLMIÐLAR Kristín Þorsteinsdóttir hefur verið ráðin útgefandi 365. Með þessari breytingu er lögð áhersla á sjálfstæði fréttastofu frá öðrum rekstri fyrirtækisins en áður hefur forstjóri einnig sinnt hlutverki útgefanda.

Kristín verður yfirmaður fréttastofu og ber ábyrgð á störfum hennar gagnvart nýjum forstjóra, Sævari Frey Þráinssyni. Ekki er um neina breytingu að ræða á daglegum rekstri fréttastofu sem Mikael Torfason aðalritstjóri mun áfram stýra ásamt Ólafi Stephensen ritstjóra.

Kristín hefur víðtæka reynslu af fjölmiðlum og vann lengst af hjá Ríkisútvarpinu. Hún hefur einnig starfað á samskiptasviði Baugs og í upplýsingamálum hjá Iceland Express. Síðastliðin tvö ár hefur Kristín setið í stjórn 365 en hún lætur nú af stjórnarstörfum.

„Ráðning Kristínar er mikill fengur fyrir fréttastofu 365 í ljósi reynslu hennar," segir Sævar Freyr í tilkynningu. „Það er sérstakt ánægjuefni að kona bætist í hóp yfirstjórnar fréttastofu og er liður í áformum 365 að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum innan fyrirtækisins." - bá

NÝR ÚTGEFANDI Kristín er MA í blaðamennsku frá City University í London. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Jaðar göngubuxur.
Áður: 19.900 kr.
Nú: 15.920 kr.

Laugavegur göngubuxur.
Áður: 16.900 kr.
Nú: 13.520 kr.

Esja buxur.
Áður: 19.000 kr.
Nú: 15.200 kr.

Vatnajökull softshell buxur.
Áður: 38.000 kr.
Nú: 30.400 kr.

66° NORÐUR

Buxnadagar

20% afsláttur af öllum buxum 24.-27. júlí.

Opið alla daga til kl. 21 í Faxafeni.

66north.is

Færri án vinnu en fyrir ári:

Atvinnuleysi 4,6 prósent

VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi mældist 4,6 prósent í síðasta mánuði í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Samanburður mælinga í júní 2013 og 2014 sýnir að hlutfall atvinnulausra hefur minnkað um 1,8 prósentustig milli ára og atvinnuþátttaka aukist um eitt prósentustig.

Samkvæmt rannsókninni voru að jafnaði 195.400 manns á vinnumarkaði í júní, þar af 186.300 starfandi og 9.000 í atvinnuleit.

- bá

Vestfirðingar voru nær tvöfalt fleiri en Akurnesingar árið 1988:

Akranes slagar upp í Vestfirði

MANNFJÖLDI Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um 20 frá sama tímabili í fyrra en Hagstofa Íslands var að birta mannfjöldatölur fyrir annan ársfjórðung í gær. Vestfirðingar eru nú um 7.010 eða rétt 266 íbúum fleiri en á Akranesi og nágrenni.

Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í fjórðungnum allt frá árinu 1982, sé rýnt í tölur Hagstofunnar. Ef örlög þessara tveggja svæða eru borin saman má geta þess að nær helmingi fleiri bjuggu á Vestfjörðum en á Akranesi og nágrenni árið 1988.

Sagt er frá því á bb.is, fréttavef Vestfirðinga, að þrátt fyrir allt hafi fjölgað á fjórum stöðum fyrir vestan, það er í Bolungarvík, Súðavíkurhreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð. Í þeim tveimur síðarnefndu hefur átt sér stað mikil uppbygging í fiskeldi sem eflaust á sinn þátt í þessari þróun.

Mest varð fækkunin hins vegar í Ísafjarðarbæ, eða sextíu manns, og fer hún langt með að vega upp á móti fjölgun hinna staðanna fjögurra.

- jse

FRÁ ÁSTARVIKU Í BOLUNGARVÍK Þrátt fyrir fólksfækkun á Vestfjörðum fjölgar í Bolungarvík samkvæmt tölum Hagstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ BJARKI FRIÐBERGSSON

Heildarveiði íslenskra skipa:

Aukin veiði frá því í júní í fyrra

SJÁVARÚTVEGUR Heildarveiði íslenskra skipa var um fjörutíu prósentum meiri í júní 2014 en í sama mánuði árið 2013.

Hagstofa Íslands greinir frá þessu. Botnfiskafli var almennt nokkuð meiri en í júní í fyrra og kolmunni veiddist einnig mun betur.

Þegar borin eru saman tólf mánaða tímabil á milli ára kemur í ljós nokkur minnkun í bæði botnfisk- og uppsjávarafla á milli ára.

- fbj

LAUGARDALSVÖLLUR Knattspyrnusamband Evrópu mun hjálpa til við uppbyggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ DANÍEL

Neitar að taka þátt í kostnaði við flóðljós

Reykjavíkurborg samþykkir ekki að greiða 50 milljónir í nýjum flóðljósum Laugardalsvallar. Áður hafði ÍTR samþykkt samningsdrögin þann 9. maí síðastliðinn. Innkaupareglur telja framkvæmdir af þessari stærðargráðu krefjast útboðs.

STJÓRNSÝSLA Stjórn Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að taka ekki þátt í kostnaði Knattspyrnusambands Íslands við uppsetningu á nýjum flóðljósum við Laugardalsvöll.

Áður hafði íþrótta- og tómstundaráð borgarinnar lagt blessun sína yfir samningsdrög þess efnis að borgin greiddi um 50 milljónir á þremur árum til KSÍ vegna uppsetningar ljósanna. Aðeins átti borgarráð eftir að samþykja samningsdrögin. Nú er ljóst að KSÍ mun eitt bera kostnaðinn af uppsetningu nýrra ljósa.

Ný og betri flóðlýsing var krafa sérfræðinga evrópska knattspyrnusambandsins UEFA þegar þeir tóku út vallaraðstæður á Laugardalsvelli síðastliðið vor. Taldi UEFA að það þyrfti að laga lýsinguna til að hægt væri að sýna frá leikjum landsliða í undankeppni Evrópumóts landsliða sem hefst í haust þegar bronslið HM, Hollendingar, kemur til landsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar var hætt við að taka þátt í kostnaðinum þar sem álit borgarlögfræðings væri á þá leið að það gæti verið á svig við innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Verkið væri það dýrt að það krefðist útboðs ef Reykjavíkurborg hefði annast verkið sjálft. Því hafi verið sjálfhætt að taka þátt í þessum kostnaði.

S. BJÖRN BLÖNDAL

S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir það aldrei hafa verið ætlun Reykjavíkurborgar að taka þátt í kostnaðinum við uppsetningu flóðljósa fyrir svo háa upphæð. Hann telur að hér sé verið að rugla saman tveimur hlutum, annars vegar rekstrarsamningi við KSÍ og hins vegar flóðlýsingu.

Hins vegar bókaði ÍTR um samning við KSÍ um styrk vegna flóðljósakaupa. Þar kom fram að Reykjavíkurborg greiddi 16,6 milljóna króna greiðslur til þriggja ára vegna nýrra flóðljósa. Þetta staðfestir einnig Geir Þorsteinsson við Fréttablaðið þann 4. júní síðastliðinn.

Um sjálf kaupin á nýjum flóðljósum sagði Björn Blöndal að beiðnin um bætta flóðlýsingu hefði ekki komið frá borgaryfirvöldum heldur frá UEFA. „Við hjá borginni óskuðum ekki eftir þessari uppfærslu á flóðljósum heldur Knattspyrnusamband Evrópu. Því er eðlilegt að knattspyrnuhreyfingin beri kostnaðinn en ekki Reykjavíkurborg.“

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að flóðljósin verði greidd af Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, og því komi það ekki að sök að Reykjavíkurborg vilji ekki taka þátt í kostnaðinum.

sveinn@frettabladid.is

Utanríkismálanefnd kom saman í gær vegna ástandsins á Gasasvæðinu:

Ræða slit stjórnmálasambands

UTANRÍKISMÁL „Þetta er eitt af þeim atriðum sem við eigum að hafa uppi á borði,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um það hvort Ísland eigi að slíta stjórnmálasambandi við Ísraelsmenn. Utanríkismálanefnd Alþingis kom saman í gær, meðal annars til að ræða það hvort slíta ætti sambandinu vegna ástandsins á Gasasvæðinu.

„Við eigum ekki að ýta því frá okkur að óathuguðu máli. Það er flókið, ekki einfalt að finna því farveg, og það væri langbest auðvitað ef um það gæti orðið einhver samstaða meðal annarra ríkja sem hluti af uppstilltu átaki til að þrýsta á Ísrael.“

Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, er ekki fylgjandi því að slíta sambandinu. Hann segir skiptar skoðanir, bæði á meðal nefndarmanna og annars staðar, um hvort slíkar aðgerðir beri yfir höfuð árangur.

„Málið er náttúrulega til umfjöllunar og verður áfram til umfjöllunar í næstu viku,“ segir Birgir. „Það eru einhver áhöld um það hver næstu skref eiga að vera.“

Birgir segir Íslendinga geta haft einhver áhrif á alþjóðavettvangi þrátt fyrir smæð landsins.

- bá

FUNDAÐ Í GÆR Skiptar skoðanir eru á meðal nefndarmanna um hvaða skref eigi að taka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

netto
Kræsingar & kostakjör

HUMAR
2 KG ASKJA
VERÐ PER 2 KG ÖSKJU
~~VERÐ ÁÐUR 8.989,-~~

6.922,-

HUMARHALAR Í SKEL
20 -30 G 1 KG POKI
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 5.968,-~~

4.476,-

HUMARHALAR
20 -30 G 1 KG POKI
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 5.968,-~~

4.492,-

HUMAR
SKELBROT 1 KG
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 3.989,-~~

2.992,-

HUMAR PIZZA

1 skammtur pizzadeig
rjómaostur
1 dós tómatakraftur
8-10 humarhalar
25 g smjör
3-4 hvítlauksgeirar, mjög fínt saxaðir
Parmesanostur
lúka af söxuðum, ferskum basilblöðum

Fletjið pizzudegið út mjög þunnt. Blandið saman rjómaosti og tómatakrafti/púrru í jöfnum hlutföllum og smyrjið á pizzuna. Rífið ferskan parmesan-ost yfir.

Hitið ofn eða grill. Ef þið notið ofn er hann hitaður eins mikið og hægt er. Best er hins vegar að elda pizzuna á pizzasteini í grilli (það má líka nota slíka steina í ofni). Með því að nota stein fæst mikill undirhiti sem gerir botninn stökkari og líkari því sem við þekkjum úr pizzaofnum veitingastaða.

Setjið botninn á steininn/í ofninn.

Á meðan bræðum við smjör og setjum hvítlaukinn út í. Veltið humarhölunum upp úr bráðnu hvítlaukssmjörinu. Þegar pizzan fer að verða tilbúinn og á einungis nokkrar mínútur eftir er humarinum bætt út á og látinn bakast með síðustu mínuturnar.

Takið pizzuna af grillinu/úr ofninum.
Rífið meiri Parmesanost yfir og sáldrið fersku basil yfir.

www.netto.is
| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

S&P breytir mati á TM:

Horfur jákvæðar

VIÐSKIPTI Standard & Poor's (S&P) breytti í gær horfum sínum fyrir Tryggingamiðstöðina (TM) úr stöðugum í jákvæðar. Fjárhagsleg styrkleikaeinkunn félagsins BBB- er jafnframt staðfest en það er sama einkunn og S&P hefur veitt langtímaskuldbindingum íslenska ríkisins. Breyting á horfum fyrir TM er gerð í kjölfar þess að S&P breytti horfum sínum fyrir íslenska ríkið í jákvæðar þann 18. júlí síðastliðnum.

- jhh

Tvö hundruð milljóna króna utanhússviðgerðir á húsnæði Landspítalans hafa staðið yfir síðan í júní:

Töluvert ónæði vegna framkvæmdanna

HÚSNÆÐISMÁL Tvö hundruð milljóna utanhússframkvæmdir á húsnæði Landspítalans hafa gengið vel síðan þær hófust í síðasta mánuði. Ónæðið sem hefur hlotist af þeim hefur engu að síður verið þó nokkuð.

„Þetta gengur ágætlega en þetta er rask fyrir sjúklinga og starfsmenn. Við reynum að nýta sumarmánuðina vel þegar starfsemin er í lágmarki," segir Aðalsteinn Pálsson, deildarstjóri fasteignadeildar Landspítalans, aðspurður. „Þetta er ónæði en það eru allir tilbúnir að leggja á sig í þeirri trú að þetta verði betra á eftir."

Um gluggaskipti og steypuviðgerðir er að ræða en leki í gluggum og mygla hefur verið vandamál hjá Landspítalanum. Verið er að taka í gegn suðurhlið spítalans í Fossvogi, vestursvæðið við Hringbraut og vesturálmuna á Landakoti. Framkvæmd suðurhliðarinnar kostar 150 milljónir króna, vestursvæðisins 50 milljónir og vesturálmunnar sömuleiðis.

Að sögn Aðalsteins er vonast til að framkvæmdunum ljúki í september og október. „Þá er starfsemin komin á fullt. En þetta eru bara áfangar. Það þarf að halda síðan áfram á öllum stöðunum og við vonumst til að fá fjárveitingar til þess. Það er brýn þörf á því að fara í þessar aðgerðir til að stöðva leka." - fb

FRAMKVÆMDIR Í FOSSVOGI Suðurhlið Landspítalans í Fossvogi. Framkvæmdirnar kosta 150 milljónir króna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Leifsstöð stækkar og fær nýja fráveitu

Framkvæmdir eru hafnar við Leifsstöð til að stækka rými fyrir fragt og farþega. Einnig liggur fyrir að bæta fráveitu þar sem skólp rennur beint í sjó en þó mælist engin mengun í fjörunni. Nýlega var svo nýtt farangursflokkunarkerfið stækkað.

FRAMKVÆMDIR Aukinn ferðamannafjöldi og breyttar áherslur í sjávarútvegi setja nú mark sitt á umfangið við Leifsstöð en þar eru hafnar framkvæmdir sem samanlagt ná yfir sex þúsund fermetra.

Framkvæmdirnar hófust í þessum mánuði. Verið er að stækka suðurbygginguna um fimm þúsund fermetra og á það að bæta aðgengi fyrir þann fjölda ferðamanna sem kemur í Leifstöð úr rútu, það er að segja ekki um landganginn. Verklok eru áætluð árið 2016 að sögn Sveins Valdimarssonar, skipulagsfulltrúa á Keflavíkurflugvelli.

Svo er verið að reisa þúsund fermetra viðbyggingu við fragtmiðstöð fyrir IGS, sem er flugþjónustufyrirtæki undir hatti Icelandair. Mikil áhersla er lögð á það núorðið að koma ferskum fiskafurðum sem fyrst á erlenda markaði svo enn frekar reynir á þessa þjónustu við Leifsstöð.

Guðni Sigurðsson, talsmaður Isavia, segir að einnig sé nýbúið að stækka farangursflokkunarkerfið, það er að segja kerfið sem tekur við farangri við innritun og fleytir því að viðkomandi flugvél, og þannig tvöfalda afkastagetu þess. Hann segir að þar sem álagstímarnir séu afar þungir á Leifsstöð, fyrst í morgunsárið þegar flestar Evrópuferðirnar hefjast og svo síðdegis þegar komið er að Ameríkuferðum, verði þetta kerfi að vera skilvirkara en víðast annars staðar.

Það er að ýmsu að huga á fjölmennum stað því Sveinn segir að fyrir liggi að taka fráveitukerfið í gegn en nú rennur skólp út í sjó í klettóttri fjörunni milli Gálga og Básenda. Áformin, sem enn eru reyndar á frumstigi, beinast að því að koma upp hreinsistöð og lengri lögn svo skólpið fari lengra út í sjó. „Verið er að hefja undirbúningshönnun fyrir nýja hreinsistöð og gera þarfagreiningu á verkefninu," segir Guðni. „Það mun svo fara í útboð síðar á árinu og við stefnum að því að þetta verði komið í notkun eftir um það bil tvö ár." Að sögn Magnúsar H. Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, mælist engin mengun þar við fjöruna, sem kann að hljóma undarlega miðað við að um tuttugu þúsund manns fara um Leifsstöð á sólarhring. Lánið liggur hins vegar í því að sterkur straumur fer fyrir nesið og hirðir allt sem fyrir verður út á haf. Samkvæmt lögum ber þó að búa þannig um fráveitumál í þéttbýlum að skolpið fari ekki óheft til sjávar og fylgir Leifsstöð áætlun til að ná því markmiði.

Um tuttugu þúsund manns fara um Leifsstöð á sólarhring. Um 3.200-3.500 manns starfa þar. Heimild: Isavia og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

jse@frettabladid.is

YS OG PYS Á LEIFSSTÖÐ Umfangið er farið að þrengja svo að veggjum að stækka verður stöðina út og endurbæta innviði.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➜ Um tuttugu þúsund manns fara um Leifsstöð á sólarhring. Um 3.200-3.500 manns starfa þar. Heimild: Isavia og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Framkvæmdastjóri SA segir boð og bönn ekki leysa vanda atvinnulausra:

Vill auka áherslu á virkniúrræði

ATVINNUMÁL „Það er langheppilegast að eiga við langtímaatvinnuleysi með aukinni áherslu á virkniúrræði. Það er vel þekkt að því lengur sem fólk er án vinnu því erfiðara reynist að fóta sig aftur á vinnumarkaði," segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra boðaði í gær lagafrumvarp sem bannar atvinnurekendum að mismuna fólki eftir aldri. Ástæðan er sú að langtímaatvinnuleysi er mest hjá konum yfir fimmtugu.

Þorsteinn segir að á slíkum vanda verði ekki tekið með auknum boðum og bönnum í löggjöf. „Heldur einfaldlega með því að auka virkniúrræði sem aðilar á vinnumarkaði hafa meðal annars verið að leggja áherslu á á undanförnum misserum," segir Þorsteinn. Hann vill að núverandi fyrirkomulag atvinnuleysistryggingakerfis verði skoðað betur. „Við myndum vilja sjá miklu meiri áherslu á virkniúrræði til þess að leiðbeina fólki að komast aftur á atvinnumarkað." Þar á hann við starfsendurhæfingu, endurmenntun og fleiri úrræði. - jhh

HAFNAR BOÐUM OG BÖNNUM Þorsteinn segir nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á virkniúrræði.
MYND/AÐSEND

Hrefnusteikin innkölluð:

Í kryddleginum reyndist sellerí

HEILBRIGÐISMÁL Fyrirtækið IP Dreifing ehf. hefur ákveðið að innkalla eina gerð af kryddleginni hrefnusteik sem til sölu er í verslunum hér á landi.

Þetta er gert þar sem kryddlögurinn inniheldur sellerí, án þess að þess sé getið í innihaldslýsingu á umbúðum.

„Fólk með ofnæmi fyrir selleríi er varað við að neyta þessarar tilteknu steikur og bent á að hafa samband við fyrirtækið," segir á vef Matvælastofnunar. - óká

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp iðnaðarráðherra:

Mótmæla skerðingu valds sveitarfélaga

ORKUMÁL Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar mótmælir harðlega hugmyndum Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um breytingar á raforkulögum. Frumvarp iðnaðarráðherra er nú í umsagnarferli og geta sveitarfélög sent umsögn sína til 20. ágúst næstkomandi.

Markmið frumvarpsins er að kerfisáætlun fái traustan grundvöll, sem er nauðsynlegt fyrir áætlun sem lýtur að mikilvægum grunnkerfum landsins.

Eyjafjarðarsveit hefur um nokkurt skeið átt í viðræðum við Landsnet um lagningu byggðalínu í Eyjafjarðarsveit en samkomulag ekki náðst um útfærslu línunnar, hvorki staðsetningu línunnar né hvort um loftlínu eða jarðlínu sé að ræða.

Sérstaklega mótmælir sveitarstjórnin grein 9.c sem tekur til stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaganna. Þar segir að sveitarfélögunum beri að samræma skipulag kerfisáætlunar raforkudreififyrirtækis. Þar segir einnig:

„Af þessu tilefni vill sveitarstjórn benda á að ágreiningur milli raforkudreififyrirtækja og sveitarfélaga snýst aðallega um hvar skuli lagðar loftlínur og hvar jarðstrengir," segir í umsögn Eyjafjarðarsveitar.

Sveitarstjórnin mótmælir líka harðlega þeirri skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga sem hún segir að fram komi í frumvarpinu. - sa

RAFLÍNUR Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar er afar ósátt við nýjar tillögur iðnaðarráðherra um breytingar á raforkulögum. FRETTABLAÐIÐ/GVA

HÓLADÓMKIRKJA Á vef þjóðkirkjunnar eru allir sagðir velkomnir að Hólum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Prestsvígsla í Hóladómkirkju:

Þjónar í Dalvíkurprestakalli

ODDUR BJARNI PORKELSSON

TRÚARBRÖGÐ Oddur Bjarni Þorkelsson, cand. theol., sem meðal annars er þekktur sem einn liðsmanna Ljótu hálfvitanna, verður vígður til prestsþjónustu í Dalvíkurprestakalli næstkomandi sunnudag.

Vígslan fer fram í Hóladómkirkju klukkan ellefu árdegis. Oddur Bjarni verður með aðsetur á Möðruvöllum í Hörgárdal. Solveig Lára Guðmundsdóttir Hólabiskup vígir og séra Gylfi Jónsson þjónar fyrir altari. - óká

SIGURÐUR VE Fleyið kemur úr tólf daga siglingu í dag. AÐSEND MYND/EYÞÓR HARÐARSON.

Nýtt skip Ísfélagsins kemur:

Sýnir Sigurð

SJÁVARÚTVEGUR Nýtt skip Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, Sigurður VE 15, kemur til hafnar í dag í Heimaey. Því stendur til að sýna skipið og bjóða upp á gos og Prins, eins og Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri fyrirtækisins, kemst að orði.

Það þarf meira en létt innlit til að sjá sjófar þetta því það er 80 metra langt og mikið um sig.

Þetta eru endalok tólf daga siglingar sem hófst í Istanbúl í Tyrklandi.

Eyþór segir að haldið verði svo til makrílveiða öðru hvorum megin við verslunarmannahelgi. - jse

Hiti heima á verönd:

Krafðist bóta vegna ferðar

NOREGUR Viðskiptavinur tryggingafélagsins Europeiske Reiseforsikring krafðist bóta og vildi hætta við sólarlandaferð sem hann hafði borgað fyrir mörgum mánuðum. Honum fannst óþarfi að fara til Miðjarðarhafsins þegar hann gat verið í steikjandi hita heima á eigin verönd. Beiðninni var synjað. - ibs

skattur.is

Álagningu skatta á einstaklinga er lokið

Álagningar- og innheimtuseðlar einstaklinga 2014
eru aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra;
www.rsk.is og www.skattur.is.

Barnabætur, vaxtabætur og inneign vegna álagningar verður greidd út 1. ágúst.

Upplýsingar um greiðslustöðu veita tollstjóri og sýslumenn.

Álagningarskrár liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra, dagana 25. júlí til 8. ágúst 2014 að báðum dögum meðtöldum.

Kærufresti lýkur 25. ágúst 2014.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | '13 | FYRIRMYNDAR STOFNUN 2014

Nánari upplýsingar á rsk.is

Gríðarlegt mannfall á Gasa

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Ekkert stöðvar átökin á Gasasvæðinu. Um miðjan dag í gær hafði 751 Palestínumaður látist síðan þau hófust 8. júlí. Að sögn palestínskra heilbrigðisyfirvalda eru flestir hinna látnu óbreyttir borgarar. Þar af hafa meira en 165 börn verið drepin. 32 ísraelskir hermenn hafa fallið, allir eftir 17. júlí þegar aðgerðir Ísraelsmanna urðu umfangsmeiri. Um 500 heimili hafa eyðilagst, 16 moskur og tvö sjúkrahús, samkvæmt tölum Palestínumanna. Sameinuðu þjóðirnar segja að 140 þúsund manns hafi þurft að yfirgefa heimili sín.

FJÖLDI ÞEIRRA SEM HAFA FALLIÐ Á GASA SÍÐAN ÁTÖKIN HÓFUST 8. JÚLÍ SÍÐASTLIÐINN



LISTINN AFHENTUR Illugi Jökulsson afhendir Birgi Ármannssyni undirskriftalistann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Illugi afhenti Birgi undirskriftalista

Um 6.600 nöfn eru á undirskriftalista sem Birgi Ármannssyni, formanni utanríkismálanefndar Alþingis, var afhentur í gær.

Í yfirlýsingu Illuga Jökulssonar, sem fór af stað með listann þann 21. júlí, er tilgangurinn með listanum að „skora á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir slitum á stjórnmálasambandi við Ísrael vegna framferðis Ísraelsmanna á Gasasvæðinu undanfarnar vikur“.

Á listanum var textinn m.a. svohljóðandi: „Jafnvel þótt viðurkenndur sé réttur Ísraels til að snúast til varnar gegn hryðjuverkaárásum þykir okkur augljóst að hernaður Ísraels nú fari langt fram úr því sem eðlilegt getur talist. Með þeim hernaði hafa Ísraelsmenn nú þegar drepið hundruð saklausra óbreyttra borgara. Þar á meðal eru tugir barna.“

Í yfirlýsingunni til utanríkismálanefndar kemur fram að þeim sem skrifuðu undir þyki ljóst að diplómatískar leiðir dugi ekki. „Við teljum ekki að þær mótbárur við stjórnmálaslitum, að þau muni gera hjálparstarf erfiðara, séu nægar til að vega upp á móti þeim eindregnu skilaboðum til Ísraelsmanna sem fælust í stjórnmálaslitum. Aðrar leiðir munu þá einfaldlega finnast til að gera gagn hinum hrjáðu íbúum á Gasa og Vesturbakkanum.“

> **Jafnvel þótt viðurkenndur sé réttur Ísraels til að snúast til varnar gegn hryðjuverkaárásum þykir okkur augljóst að hernaður Ísraels nú fari langt fram úr því sem eðlilegt getur talist.**
>
> *Úr undirskriftalistanum*

VOPNAHLÉ AF MANNÚÐARÁSTÆÐUM

GRÁTANDI BÖRN Palestínsk börn sem særðust í loftárás Ísraelsmanna í skóla Sameinuðu þjóðanna í bænum Beit Hanoun á norðurhluta Gasasvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Philip Hammond, utanríkisráðherra Bretlands, hvatti Hamas-samtökin í Palestínu til að samþykkja vopnahlé undir eins af mannúðarástæðum. Bætti hann við að Ísraelar og Palestínumenn gætu að því loknu hafið samningaviðræður.

„Hamas verður, fyrir fólkið á Gasasvæðinu, að samþykkja vopnahlé af mannúðarástæðum,“ sagði Hammond á blaðamannafundi eftir fundahöld í Egyptalandi. „Við höfum gríðarlega miklar áhyggjur af mannúðarmálum á svæðinu og þeim fjölda sem hefur látið lífið.“

Samkvæmt AP-fréttastofunni hafa Hamas-samtökin skotið yfir tvö þúsund eldflaugum yfir til Ísraels frá 8. júlí síðastliðnum á meðan Ísraelsmenn hafa gert loftárásir á Gasasvæðið.

Almenningur hvattur til þátttöku

Íslandsdeild Amnesty International hvetur almenning til þátttöku í herferðum þar sem þess er krafist að blóðbaðið á Gasasvæðinu verði stöðvað og að öryggi borgaranna tryggt. Fólk er hvatt til að skrifa orðið STOP á hebresku eða arabísku í lófann á sér og deila myndinni á samfélagsmiðlum undir kassmerkinu #CiviliansUnderFire.

Í herferð á Twitter er svo almenningur hvattur til að senda skilaboð á utanríkisráðuneytið og á erlenda stjórnmálamenn.

„Vægðarlausar árásir á Shuja´iyyeh og önnur svæði á Gasa ásamt áframhaldandi handahófskenndum eldflaugaárásum á Ísrael kalla á tafarlausar alþjóðlegar aðgerðir til að hindra frekari glæpi. Sameinuðu þjóðirnar ættu að leggja vopnaviðskiptabann á alla aðila og öll ríki ættu tafarlaust að stöðva vopnasendingar til Ísraels, Hamas og annarra vopnaðra hópa á Gasa,“ segir í tilkynningu á heimasíðu mannréttindasamtakanna Amnesty International.

STOP! Starfsmaður Íslandsdeildar Amnesty International með STOP í lófa sínum. MYND/AMNESTY INTERNATIONAL

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 69990 07/14

Glæsilegir vinningar fyrir glæsileg tilþrif

Í Vegabréfinu eru átta spennandi Minute to Win It – Ísland þrautir og auk þess geturðu fengið tvær til viðbótar með því að safna stimplum. Á vegabréfaleikur.is getur þú sent inn myndband af fjölskyldunni að leysa þrautirnar og unnið glæsilegan vinning.

Ekki vera feimin. Þú gætir unnið þennan glæsilega Samsung Galaxy S5 snjallsíma!

Sæktu Vegabréfið og veldu þraut

Veldu flokk og taktu myndband

Sendu inn á vegabréfaleikur.is

Sýningar hefjast á SkjáEinum næsta haust

Hluti af ferðasumrinu

SKOÐUN

Íslenskir neytendur eiga ekki von á góðu:

Draugagangur

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að innanríkisráðherra, sem er jafnframt ráðherra neytendamála, svari ekki fyrir neytendamál þegar kemur að innflutningi á landbúnaðarvörum. Þess í stað gegnir landbúnaðarherra hlutverki neytendaráðherra í þeim málaflokki. Formaður Neytendasamtakanna segir þetta dæmi um íslenska stjórnsýslu í hnotskurn; landbúnaðarráðherra líti á það sem sitt helsta hlutverk að vernda landbúnað en hafi ekki hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Fréttablaðið hefur undanfarið fjallað ítrekað um agnúa á landbúnaðarkerfinu. Eftirspurn sem ekki er mætt með innlendri framleiðslu, háa tolla á innfluttum vörum sem bitna á verði til neytenda, vanbúnað á merkingum á innfluttum landbúnaðarvörum og fleira. Allir sem lagt hafa orð í belg um neytendavernd í þessum málaflokki hafa sömu sögu að segja; kerfið sem við búum við er úr sér gengið og verulega hallar á neytendur.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er hvergi minnst á neytendur, hvorki þegar kemur að landbúnaði né almennt og er engu líkara en að þeirra hagsmunir hafi þótt of lítilfjörlegir til að komast í yfirlýsinguna, sem var þó heilar tólf blaðsíður að lengd. Þar er þó að sjálfsögðu að finna langan kafla um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum, til að mynda að bæta kjör bænda meðfram vaxandi alþjóðlegri eftirspurn eftir matvælum.

Hagsmunir íslensks landbúnaðar eru vissulega miklir og vel hægt að færa fyrir því sannfærandi rök að þá skuli verja og vernda tryggilega. En á sama tíma eru hagsmunir neytenda í málaflokknum gríðarlegir og þar með íslenskra heimila sem er mikið í mun að verð á matarkörfunni sé sem hagstæðast. Þarna mætast tvö hlutverk sem eðli málsins samkvæmt fara ekki saman. Einn og sami ráðherrann getur ekki sinnt báðum hlutverkum á sannfærandi hátt þar sem viðkomandi er þá beggja vegna borðsins að gæta hagsmuna tveggja andstæðra sjónarmiða. Slíkt getur aldrei annað en stuðlað að vantrausti, jafnvel þótt viðkomandi geri sitt besta. Fyrir 30 árum hefði þetta líklega þótt sjálfsagt en í dag eiga menn að vita betur. Svona ákvörðun um verkaskiptingu getur eiginlega bara verið tilkomin af ótrúlegum barnaskap, nostalgíu eftir gamla spillta bitlingakerfinu eða, sem er mun líklegra, vanvirðingu gagnvart öðrum málaflokknum. Því miður virðist vanvirðingin beinast að hagsmunum neytenda.

Það er ljóst að íslenskir neytendur eiga ekki von á góðu á meðan þetta hugarfar er ríkjandi innan ríkisstjórnarinnar. Núverandi kerfi gengur út á að vernda framleiðendur með öllum tiltækum ráðum. Eini tilgangur neytenda í þessu kerfi er að kaupa vörur þessara aðila, sama hversu dýrar, óhollar, óhagkvæmar og illa merktar þær eru. Til að tryggja þetta kemur ríkið í veg fyrir samkeppni, úrval og lágt vöruverð með háum tollum á landbúnaðarvörum. Þetta heitir að snúa lögmálinu um framboð og eftirspurn á hvolf. Neytendur stjórna ekki markaðnum með neyslu sinni heldur fá eingöngu að versla óhagkvæma ríkisvarða framleiðslu. Það ber ekki vott um frjálslyndi í neinni merkingu þess orðs heldur miklu frekar draugagang úreltrar hugmyndafræði og sjónarmiða. Þá drauga ætti fyrir löngu að vera búið að særa í burtu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hanna Birna og konurnar
Hanna Birna Kristjánsdóttir fækkaði sýslumönnum úr 24 niður í níu. Við það tækifæri réð innanríkisráðherra nýja sýslumenn í þessi embætti. Hún hafði því hreint borð þegar hún raðaði niður sýslumönnum. Gullið tækifæri gafst því ráðherranum til þess að hafa kynjahlutfall nýrra sýslumanna landsins sem jafnast. Sex sýslumanna eru karlar en aðeins þrír eru konur. Það hlýtur að teljast eðlilegra að hafa jafnari kynjaskiptingu en þetta og í nútímaþjóðfélagi er afar líklegt að konur séu jafn hæfar körlum til þess að gegna stöðu sýslumanns. Það væri óskandi að fleiri konur myndu einhvern tímann gegna stöðu sýslumanna í landi jafnréttis og kvenfrelsis.

Bréf til Netanjahús
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sendi starfsbróður sínum í Ísrael, Benjamín Netanjahú, nokkuð harðort bréf í vikunni þar sem hann mótmælir harðlega stríðsbrölti Ísraelsmanna á Gasasvæðinu. Við hljótum að vera sammála um að stríð og ofbeldi leysir engan vanda og bréf Sigmundar Davíðs er virðingarvert. Hins vegar þarf alþjóðasamfélagið að skerast í leikinn með mun meiri myndugleika en það hefur sýnt hingað til. Á meðan haldið er uppi móntrunni um rétt Ísraels til að verja sig,

Björt framtíð og Ísrael
Í bæjarráði Hafnarfjarðar voru lagðar fram tvær tillögur í dag frá minnihlutanum. Sú fyrri var um að styrkja Rauða krossinn vegna hjálparstarfs á Gasa og hin um að reyna að haga innkaupum bæjarins á þá vegu að sniðganga vörur frá fyrirtækjum sem hagnast á hernumdum svæðum í Palestínu. Þessar litlu tillögur voru felldar af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar. Þeirrar Björtu framtíðar sem talaði svo mikið um nýja nálgun, friðsemd og virðingu milli fylkinga. **sveinn@frettabladid.**

HALLDÓR

Ríkið í skuld við launafólk

KJARAMÁL

Drífa Snædal
framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Í tengslum við kjarasamningana síðustu lofaði ríkisstjórnin að leggja sitt af mörkum með endurskoðun á gjöldum og að gjaldskrárhækkanir yrðu innan við 2,5 prósent. Þetta loforð skipti máli við frágang kjarasamninganna, sem voru umdeildir svo ekki sé meira sagt.

Það liðu tíu dagar frá því að kjarasamningarnir voru undirritaðir þangað til komugjöld heilsugæslustöðva hækkuðu um allt að 15-20 prósent. Nú berast fréttir af því að komugjöld og rannsóknargjöld í heilbrigðisþjónustunni hafi enn hækkað um fimm prósent í júlí.

Það sem ríkið hefur hins vegar hreykt sér af eru gjaldskrárlækkanir á eldsneyti, tóbak og áfengi en þegar ríkisstjórnin lagði til breytingar í þá átt var það sett í skýrt samhengi við kjarasamningana. Þetta framlag ríkisins ber að skoða nánar:

Í fyrsta lagi þá kemur frumvarpið ekki fram fyrr en tæpum tveimur mánuðum eftir undirritun kjarasamninga og lækkanirnar taka ekki gildi fyrr en nær hálfu ári eftir undirritun.

Í öðru lagi þá benti Starfsgreinasambandið (og fleiri) á það að nær væri að lækka gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu en að lækka gjöld á áfengi, tóbak og eldsneyti. Óvíst er hvernig lækkanir á einstakar vörur skila sér en lægri gjaldskrár skila sér beint í vasa þeirra sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu.

➜ Ríkið stóð ekki við sitt og tilefni er til að spyrja: Hvað skuldar ríkið launafólki mikið vegna þeirra loforða sem gefin voru við gerð síðustu kjarasamninga?

Í þriðja lagi er komið í ljós að þær lækkanir á opinber gjöld af eldsneyti, tóbaki og áfengi sem komu eftir dúk og disk frá ríkinu hafa ekki skilað sér í vasa launafólks eins og Neytendasamtökin hafa sýnt fram á.

Samandregið má því segja að framlag ríkisins til kjarasamninganna hafi verið að hækka gjaldskrár í heilbrigðiskerfinu, fyrst í kjölfar samninganna og svo aftur í sumar. Sú lækkun sem kom seint og um síðir á opinber gjöld á áfengi, tóbak og eldsneyti skilaði sér illa til launafólks og virðist að hluta til hafa lent í vasa smásala. Ríkið stóð ekki við sitt og tilefni er til að spyrja: Hvað skuldar ríkið launafólki mikið vegna þeirra loforða sem gefin voru við gerð síðustu kjarasamninga? Þessi spurning og fleiri verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga en viðræður vegna þeirra hefjast strax í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Ofbeldisfólkið

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Maður hefur áhugamál sem færir honum mikla ánægju og peninga. Áhugamálinu fylgja hættur fyrir þann sem stundar áhugamálið. Áhrif á aðra eru engin. Sumum finnst áhugamálið ógeðslegt. Aðrir eru hræddir um að ungt fólk fari að apa eftir áhugamálinu. Krafan um að áhugamálið verði bannað verður háværari.

Þetta gæti átt við um margt: MMA, kappakstur, skotveiði, kvalalostakynlíf, eða annað sem einhverjum finnst ógeð. En setjum okkur aðeins í spor fólksins sem stundar þessi ógeðslegu áhugamál. Hugsum okkur boxara. Dag einn mætir löggan í æfingasalinn hans og tekur af honum boxhanskana og sekkinn. Aðstöðunni er lokað. Sektum og fangelsisvist er hótað.

Auðvitað er þetta ofbeldi. Einhverjum kann að þykja það ofbeldi réttlætanlegt en ofbeldi er það án nokkurs vafa. Vitanlega beitum við slíku ofbeldi af og til. Við bönnum fólki að keyra undir áhrifum áfengis og refsum fólki sem gerir það. Auðvitað er það líka ofbeldi en í því tilfelli má vel rökstyðja það með því móti að verið sé að verja líf annarra. Og, það sem mestu máli skiptir, aðrar mildari leiðir blasa ekki við.

Frelsi fullorðinsáranna

Það er yndislegt að vera fullorðinn. Í alvörunni. Maður getur borðað það sem maður vill. Drukkið það sem manni sýnist. Séð hvað sem er í bíó og verið úti á kvöldin. Fullorðið fólk talar stundum um hvað það fylgja þessu miklar skyldur og kvaðir en það er satt að segja smámál miðað við allt það frelsi sem fylgir. Enda biður enginn sjálfviljugur um sjálfræðissviptingu.

Eitt af því sem ég hef orðið hvað ánægðastur með við það að vera fullorðinn tengist samt ekki löggjöf heldur félagslegum þroska. Það er yndislegt að að þurfa ekki lengur að ljúga til að falla í hópinn. Ég þarf ekki að fela það að ég hlusta helst á Cörlu Bruni og rúmenska danstónlist. Ég þarf ekki lengur að láta sem mér finnist kvikmynd betri eftir því sem hún er ógeðslegri eins og ég gerði þegar ég var táningur.

Ég hef til dæmis ekki gaman af hrollvekjum. Sumt fólk hefur gaman af hrollvekjum. Fínt hjá því. Ekki ætla ég að þykjast hafa gaman af hrollvekjum og ekki ætla ég að smíða hálfgildingssiðfræði í kringum klígju mína til þess að réttlæta hrollvekjubann. Sumt er bara spurning um smekk en ekki muninn á góðu og illu.

Á að banna ógeð?

Fólki má finnast iðja annarra ógeðsleg. Fólk má tjá þá skoðun að því finnist einhver iðja ógeðsleg. En menn vilja gjarnan ganga lengra og banna hluti. Hér verður að staldra við. Ef einhver vill banna fólki að stunda áhugamál sín þá verður hann að réttlæta það ofbeldi með einhverju sterkara en eigin klígju.

Hugsum okkur kvikmyndagerðarmanninn sem má ekki lengur taka upp kvikmyndir vegna þess að fólki þykir þær ógeðslegar. Hugsum okkur bardagamanninn sem horfir fram á það að þurfa að hætta að

> Ef einhver vill banna fólki að stunda áhugamál sín þá verður hann að réttlæta það ofbeldi með einhverju sterkara en eigin klígju.

slást við annað fullorðið fólk því einhverjum finnst slagsmálin vera „ógeðsleg“. Hvaða stjórn geta „hinir ógeðslegu“ haft á því hvernig aðrir upplifa það sem þeir gera? Enga. Maður stjórnar ekki því sem gerist í heilanum á öðru fólki.

Off-takkinn

Menn nota orðið ofbeldi á mismunandi hátt. Almennt þýðir það þvingun. En þegar talað er um ofbeldisfullar kvikmyndir er ekki átt við kvikmyndir þar sem leikararnir hafa verið neyddir til að leika heldur myndir þar sem sögupersónurnar upplifa ofbeldi. Sumar bardagaíþróttir mætti kalla „ofbeldisfullar“ í svipuðum skilningi. En kannski væri réttara að kalla þær „lemjufullar“. Því þegar um er að ræða íþróttir sem fullorðið fólk stundar, með fullu samþykki allra, er eiginlega fáránlegt að spyrða þær saman við alvöruofbeldi.

Alvöruofbeldi er nefnilega það þegar einhver er neyddur til að gera það sem hann vill ekki gera eða einhverjum er meinað að gera það sem hann vill gera. Hvort tveggja á stundum rétt á sér. En ef fólki líkar ekki eitthvert afþreyingarefni þá getur það bara horft á eitthvað annað. Það er ofbeldisminni leið en sú að láta banna dót.

Vandað og skilvirkt eftirlitsumhverfi

EFTIRLIT

Skúli Sveinsson
hdl., formaður vinnuhóps um eftirlitsstofnanir

Þann 27. júní 2014 skipaði forsætisráðherra vinnuhóp sem hefur það hlutverk að fara yfir lög, reglur og stjórnsýslu mikilvægra eftirlitsstofnana og meta hvernig viðmið um vandað regluverk og stjórnsýslu eru uppfyllt, með einföldun, samræmi og skilvirkni að leiðarljósi.

Á vettvangi OECD og aðildarríkja þess hefur á síðasta áratug verið unnið mikið starf við að innleiða bestu framkvæmd varðandi starfshætti eftirlitsstofnana eða það sem nefnist meðal annars „Best practice principles for regulatory enforcement and inspections“. Nánast öll lönd OECD hafa í dag innleitt þær meginreglur sem skilgreindar hafa verið af hálfu OECD í þessu sambandi en Ísland hefur þó verið eftirbátur annarra ríkja í þessum efnum.

Mikilvægi vandaðra og skilvirkra starfshátta eftirlitsstofnana er ótvírætt. Vandað regluverk og starfshættir eftirlitsstofnana eru grundvallaratriði í hagkerfi sem ætlað er að skapa þegnum sínum velmegun og betri lífskjör. OECD hefur jafnframt skilgreint að vandaðir starfshættir eftirlitsstofnana stuðli að nýsköpun og aukinni framleiðni. Einnig stuðla þeir að nauðsynlegum sveigjanleika þegar kemur að því að fást við ný viðfangsefni, hraðari afgreiðslu leyfa og annars sem atvinnulífið þarf á að halda til að geta vaxið og dafnað.

Betri vinnubrögð

Það meginsjónarmið sem er jafnframt gegnumgangandi er að aukið eftirlit þýði ekki endilega betra eða skilvirkara eftirlit. Það sem lagt hefur verið upp með er að eftirlit skuli byggjast á áhættumati, mati á því hvort reglur séu viðeigandi, auk meðalhófs, með það að markmiði að auka reglufylgni almennt. Einnig að sérstakt tillit skuli tekið til minni fyrirtækja (e. micro, small and medium enterprises – MSMEs), því þau hafi ekki sömu burði og stór fyrirtæki til að innleiða tilskipanir eftirlitsstofnana. Þessi meginregla á sérstaklega vel við á Íslandi því hérlent hagkerfi er í meginatriðum samansett af félögum sem falla í þennan flokk. Hugmyndafræðin gengur út á að eftirlitsstofnanir vinni sérstaklega með þessum minni félögum til að stuðla að eftirfylgni við lög og reglur, eigi við þau nokkurs konar samtal ef svo mætti að orði komast.

Starf vinnuhópsins mun byggjast á framangreindri vinnu OECD og þeim meginreglum sem hafa verið mótaðar varðandi eftirlit og starfshætti eftirlitsstofnana með það að markmiði að innleiða bestu framkvæmd á þeim vettvangi. Ef vel tekst til mun það stuðla að auknum hagvexti, velmegun og bættum lífskjörum fyrir alla en jafnframt má ekki gleyma að bæði eftirlitsaðilar og þeir sem undir eftirlitið falla geta notið ábata af betri starfsháttum og vinnubrögðum.

• SUMARÚTSALA •

30-50% AFSLÁTTUR
SÍÐUSTU DAGAR

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Rýmingarsala
65% afsláttur af sýningarsófum

Ítölsk hágæða sófasett

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Hver nýtur eiginlega vafans?

NEYTENDUR

Þuríður Hjartardóttir
framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna

Hver skyldi ekki vera sammála mér um að almenningur eigi alltaf að njóta vafans þegar framleiðendur taka upp á því að menga umhverfið öðrum til tjóns? En það er svolítið sérstakt hvað margir eru tilbúnir að taka upp hanskann fyrir fyrirtæki sem brjóta gegn lögum og reglum eða knýja fram undanþágur frá þeim til að hámarka hagnað sinn. Hvaða hagsmuni er þá verið að vernda? Jafnvel þótt samfélagið þurfi stöðugt á því að halda að auka hagvöxtinn á ekki að gera það með þessu móti. Þjóðin er aldrei svo illa sett að það þurfi að ganga á rétt almennings á heilnæmu lofti og hreinu vatni.

Meðal grundvallaréttinda neytenda er rétturinn til að lifa og starfa í umhverfi sem ógnar ekki velferð og heilsufari okkar og komandi kynslóða. Einhverra hluta vegna þarf stöðugt að minna á þennan rétt. Því er jafnvel haldið fram að það sé að kröfu neytenda sem brotið sé á þessum grundvallarrétti með síaukinni eftirspurn þeirra eftir meira vöruúrvali og nýjustu tækni og tísku, auðvitað á eins ódýran hátt og framleiðendur finna upp á. Er þá í lagi að gjaldfella kröfuna um hreint og ómengað umhverfi?

Síðustu ár hefur komið upp hvert málið á fætur öðru þar sem upp kemst um díoxínmengun, flúormengun og brennisteinsmengun. Ættu yfirvöld ekki alltaf að standa með mengunarþolanum en ekki þeim sem menguninni veldur? Það má þakka fyrir virkt eftirlit, þótt það mætti örugglega vera enn virkara og sem betur fer sleppa stundum skýrslur upp úr skúffum og fjölmiðlar fjalla um skandalinn. Það eru samt ótrúlega margir sem standa ekki með almenningi, það er sjálfum sér og börnum sínum, segja lögin alltof ströng og skammast út í eftirlitsstofnanir og félagasamtök ef fjármunir eru í húfi.

Börn í mestri hættu

Mikið af neytendavarningi inniheldur alls kyns efni sem eru hormónaraskandi, ofnæmis- eða krabbameinsvaldandi. Þá er lágmarkskrafa að varað sé við eitrinu með merkingu á umbúðum og sum efni ættu að vera bönnuð ef vafi leikur á um skaðleysi þeirra. Það er flókið að vera neytandi í dag, með alla þessa tækni í framleiðslunni. Það hefur áhrif á lífríkið að nota agnarsmá plastkorn í krem og snyrtivörur og nanósilfur til að drepa bakteríur í skóm og sokkum. Svo ekki sé talað um eldtefjandi efni í raftækjum sem veldur krabbameini og mýkingarefni í plasti sem truflar hormóna. Börn eru þar í mestri hættu því allt sem þau snerta endar í munninum og gólfið er þeirra leiksvæði, þar sem rykhnoðrar með blöndu af þessum efnum safnast fyrir.

Þegar spurning vaknar um hvort áhrif framleiðslu geti verið skaðleg fyrir lífríki og umhverfi á sönnunarbyrðin að hvíla á framleiðandanum en ekki neytendum eða yfirvöldum. Þá kemur til kasta sérfræðinga, því neytendur hafa sjaldnast tök á að greina hættuna. En hvort sem um er að ræða mikilvægar stoðir fyrir hagkerfið eins og orkufyrirtæki og álverksmiðjur eða fjölskyldufyrirtæki í smárekstri, er það svo að ef eina leiðin til að halda starfseminni gangandi er að menga og valda öðrum skaða ætti að hætta starfseminni strax. Neytendur eiga alltaf að njóta vafans og þann rétt má aldrei gjaldfella.

➜ Ættu yfirvöld ekki alltaf að standa með mengunarþolanum en ekki þeim sem menguninni veldur?

Um innfluttan kjúkling og Skráargatið

LANDBÚNAÐUR

Sveinn Jónsson
framkvæmdastjóri Matfugls

Á blaðsíðu 2 í Fréttablaðinu á mánudaginn 21. júlí sl. var fjallað um innflutning á landbúnaðarvörum og talað við Magnús Óla Ólafsson, forstjóra heildsölunnar Innness, sem meðal annars flytur inn kjúkling frá danska kjúklingaframleiðandanum Rose Poultry. Haft er eftir Magnúsi að hvert einasta kíló sem flutt er til landsins þurfi heilbrigðisvottorð til að tryggja að varan uppfylli hæstu gæðakröfur og að sams konar kröfur séu ekki gerðar til íslensku kjúklinganna. Einnig er haft eftir Magnúsi að kjúklingurinn frá Rose Poultry sé sá fyrsti sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.

Þessar fullyrðingar Magnúsar eru rangar.

Það er rétt hjá Magnúsi að öllu kjöti sem flutt er til landsins þarf að fylgja heilbrigðisvottorð, upprunavottorð og staðfesting á því að ekki hafi greinst salmónella í sendingunni. Það þýðir ekki að hvert einasta kíló sé rannsakað eins og skilja má á orðum Magnúsar. Einnig ber að geta þess að allir hópar alifugla sem slátrað er á Íslandi þurfa að undirgangast rannsóknir bæði á kampýlóbakter og salmónellu og fá leyfi til slátrunar áður en fuglinn er fluttur í sláturhús. Ef einhver vafi leikur á um heilbrigði íslenska fuglsins fær hann ekki sláturheimild. Því er það ekki rétt hjá Magnúsi og beinlínis ósannindi að sömu heilbrigðiskröfur gildi ekki um íslenska framleiðslu. Þær kröfur sem gerðar eru til íslensku framleiðslunnar eru heldur strangari ef eitthvað er.

Villa um fyrir neytendum

Magnús heldur því fram í viðtalinu að vörur frá Rose Poultry séu fyrstu kjúklingavörur á íslenskum markaði sem uppfylla gæðakröfur Skráargatsins. Það er ekki aðeins rangt heldur hefur fyrirtækið Innnes, sem Magnús er í forsvari fyrir, beinlínis villt um fyrir neytendum með túlkun á þýðingu Skráargatsins í auglýsingum á vörum frá Rose Poultry.

Í fyrsta lagi skal segja frá því að Skráargatið hefur ekkert með gæði á vörum að gera. Það er engin stofnun sem vottar gæði vörunnar og heimilar að hún geti borið merki Skráargatsins. Skráargatið er aðeins myndræn yfirlýsing framleiðanda á því að tiltekin vara uppfyllir næringarviðmið sem sett eru í hverjum vöruflokki fyrir sig.

Í flokki kjötafurða uppfyllir vara skilyrði Skráargatsins ef innihald kjöts er umfram 50% vörunnar, fita undir 10% og sykur undir 5%. Allar íslenskar kjúklingabringur hafa því uppfyllt skilyrði þess að bera merki Skráargatsins frá upphafi tíma. Íslenskir framleiðendur höfðu ekki möguleika á að merkja vörur sínar með Skráargatinu fyrr en eftir gildistöku reglugerðar um Skráargatið í nóvember 2013. Í Danmörku hefur merkingin hins vegar verið í notkun frá því í júní 2009 og það er skýringin á því að kjúklingaafurðir innfluttar frá Danmörku eru fyrstu kjúklingavörurnar sem merktar voru með Skráargatinu á íslenskum markaði.

Ólöglegar merkingar

Innnes og Rose Poultry hafa því beinlínis villt um fyrir neytendum með auglýsingum sem fullyrða að tilteknar innfluttar kjúklingavörur séu „eina kjúklingavaran á Íslandi sem hefur hlotið gæðavottun Skráargatsins“ og „fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem uppfyllir kröfur Skráargatsins“. Ekki er samt að sjá að Neytendastofa eða Matvælastofnun hafi verið vakandi fyrir að gera athugasemdir við þessa misnotkun Innness og Rose Poultry á Skráargatinu.

Að lokum má benda á það að Innnes flytur inn lífrænan kjúkling frá Rose Poultry. Er það enn ein innflutta varan sem seld er á íslenskum neytendamarkaði þar sem ekki er farið að íslenskum lögum og reglum um merkingar matvæla. Er þessi kjúklingur sagður 100 prósent salmónellufrír, en það er ólöglegt að merkja kjúkling á þann hátt á Íslandi. Til samanburðar er íslenskum framleiðendum beinlínis óheimilt að merkja framleiðslu sína salmónellufría þrátt fyrir að hafa staðist allar salmónellumælingar skv. íslenskum lögum og reglugerðum, þ.e. á eldistíma og við slátrun. Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa einnig ákveðið að að láta hjá líða að gera athugasemdir við sölu og dreifingu á þessari vöru, þrátt fyrir ábendingar þar um.

➜ Innnes og Rose Poultry hafa því beinlínis villt um fyrir neytendum með auglýsingum.

Hreinsun sundlaugarvatns og heilsuáhrif

HEILSA

Magnús Orri Grímsson
sjóntækjafræðingur

Óson (O3) og vetnisperoxíð (H2O2) eru oxarar sem fyrirfinnast í náttúrunni. Til að óson geti myndast þarf að vera til staðar súrefni (O2) og útfjólublá geislun, einnig getur óson myndast við jónun súrefnis við aðstæður eins og í eldingum. Þar sem óson og raki eru til staðar getur myndast örlítið magn af vetnisperoxíði.

Oxarar eins og óson og vetnisperoxíð eru öflugir til að eyða mengun, drepa sýkla og aðra óværu. Í andrúmsloftinu er um 20 prósent súrefni og sólin sér okkur fyrir útfjólublárri geislun, þannig að stöðug myndun ósons á sér stað í andrúmsloftinu.

Í sundlaugum er yfirleitt notað hýpóklórít, natríum hýpóklórít eða kalsíum hýpóklórít við sótthreinsun sundlaugarvatns en við oxun þeirra geta myndast óæskileg klórsambönd sem geta skaðað heilsu okkar.

Eitt þessara klórsambanda er klóramín (e. chloramine). Þegar við finnum klórlykt í sundi er það lyktin af klóramíni. Klóramín getur verið ertandi fyrir augu og húð. Klóramín er einnig talið orsök hárrar tíðni astma hjá sundfólki.

Annað þessara klórsambanda er klóróform (e. chloroform). Klóróform getur skaðað lifur, nýru og miðtaugakerfi. The International Agency for Research on Cancer hefur flokkað klóróform sem hugsanlegan krabbameinsvald.

Klóramín og klóróform myndast í gegnum klórefnahvörf við lífræn efni eins og þvag, svita, hár og skinn. Með síaukinni sölu lyfjaplástra viðurkennist upptaka í gegnum húð og ekkert annað á við um böð í klórbættu vatni. Sundfólk upptekur klóramín og klóróform að mestu leyti í gegnum húð.

Útfjólublá geislun sólar virkar sem hvati efnahvarfs þar sem klóróform og súrefni eru með í myndun eitruðu gastegundarinnar phosgene. Phosgene var notað sem efnavopn í fyrri heimsstyrjöldinni.

Aðferð náttúrunnar

Þess skal einnig getið að halogenarnir flúor, klór, bróm og joð hafa oxunareiginleika. En joð er nauðsynlegt snefilefni fyrir lífverur, það fyrirfinnst helst í skjaldkirtli, brjóstum kvenna og blöðruhálskirtli karla. Sífellt sterkari tenging er gerð milli joðskorts og krabbameins í ofantöldum líffærum. Joð ver okkur gegn sýkingum og er mikilvægt við hormónaframleiðslu. Joðskortur getur valdið stækkun skjaldkirtils (goiter), greindarskorti og vansköpun (cretinism), síþreytu, þunglyndi, yfirþyngd og lágum líkamshita.

Í líkamanum eru ákveðnir joðmóttakarar (receptorar) sem halda joði í líkamanum en léttari halogenar, þ.e. flúor, klór og bróm, geta losað joð úr sínum móttökum og tekið þeirra stað. Með öðrum orðum getur það leitt til joðskorts að nota flúortannkrem og flúorskol, drekka flúor- og/eða klórbætta drykki og vera í klórbættu vatni (sundlaugarvatn). Íslendingar hafa ekki bætt flúor og/eða klór í drykkjarvatn, en það hafa margar aðrar þjóðir gert.

Höldum ásýnd Íslands sem fyrirmynd um hreinleika og tærleika, bætum heilsu sundfólks og hættum að nota klór til sótthreinsunar sundlaugarvatns. Notum þess í stað aðferð náttúrunnar og hreinsum sundlaugarvatnið með ósoni, útfjólubláu ljósi og vetnisperoxíði.

➜ Höldum ásýnd Íslands sem fyrirmynd um hreinleika og tærleika, bætum heilsu sundfólks og hættum að nota klór til sótthreinsunar sundlaugarvatns.

Eru stjórnmálamenn helstu óvinir safna?

MENNING

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
dósent við HÍ

Í upphafi árs birtist í fjölmiðlum útlistun á því hversu gott það væri að búa í Seltjarnarnesbæ, með tilliti til lágra útsvarsgreiðslna. Á sama tíma senda tvö fagfélög á sviði safnamála frá sér yfirlýsingar þar sem harmað er að bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi dragi sig út úr viðamiklu samstarfsverkefni um uppbyggingu og rekstur Lækningaminjasafns Íslands á Nesinu.

Samkvæmt frétt RÚV er ákvörðun bæjarins byggð á því að vegna efnahagshrunsins 2008 hafi orðið fjárhagslegur forsendubrestur í áætlunum og því sé eina ábyrga leiðin í málinu að segja sig frá því. Safnstjórinn sagði upp störfum og var þar með áralöngum undirbúningstíma fyrir framsækna starfsemi til að bæta lífskjör íbúa, auka menntun og taka við ferðamönnum kastað fyrir róða. Í yfirlýsingu Íslandsdeildar ICOM, Alþjóðasamtaka safna, er minnt á að það fylgir því ábyrgð að taka að sér varðveislu menningararfs með starfrækslu safns og að sú ábyrgð sé langtímaverkefni. Minnihluti bæjarstjórnar mótmælti einnig þessari ákvörðun á fundi bæjarstjórnar í byrjun ársins og bendir á að ekkert mat liggi fyrir um það hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir bæjarsjóð eða hvaða afleiðingar þetta getur haft fyrir uppbyggingarstarf safnsins á undanförnum árum. Með öðrum orðum, fjárhagsleg ábyrgð á afkomu bæjarsjóðs er tekin fram yfir aðrar skuldbindingar. Íbúar á Seltjarnarnesi eða landsmenn, sem hingað til hafa borgað brúsann að stórum hluta, eru ekki spurðir álits á aðgerðunum eða leitað samráðs.

Alþjóðlegar siðareglur

Eftir fjármálahrunið 2008 hafa flest, ef ekki öll, söfn á landinu tekið á sig skerðingar eins og aðrar samfélagslega reknar stofnanir í landinu. Skerðingarnar hafa haft áhrif á starfsemina og dregið þar með úr því markvissa uppbyggingarstarfi á menningarsviðinu sem Alþingi hefur staðið fyrir, meðal annars með setningu Safnalaga 2001 og nú síðast með endurskoðun þeirra laga 2011. Starfsmenn safna hafa hingað til tekið þessum breytingum með jafnaðargeði, enda vanir því að búa við þversagnakenndar aðstæður, fjárhagslega þröngan kost og að þurfa að eyða reglulega ómældum tíma í að mennta nýkjörna stjórnmálamenn um starfsemi safna, hlutverk, skyldur og þann velvilja sem gengnar kynslóðir hafa sýnt safnahugsjóninni. En uppbygging flestra safna í landinu er fengin að stofni til með óeigingjörnum gjöfum einstaklinga, hópa og félagasamtaka, á munum, sjálfboðavinnu og oft stórum fjárupphæðum. Saga Lækningaminjasafns Íslands er eitt dæmi af mörgum um slíkt.

Uppákoman á Seltjarnarnesi gefur tilefni til þess að spyrja hvort ráðandi stjórnmálamenn séu helsta ógnin við tilvist safna ef þeir álíta sem svo að fjárhagur sé eina viðmiðið sem beri að virða og að þeir geti firrt sig ábyrgð á öðrum skuldbindingum. Fagfélög safna og safnmanna benda á lagalegur skyldur máli sínu til stuðnings og einnig alþjóðlegar siðareglur safna, sem hér á landi hafa verið að tvinnast betur saman og sést meðal annars í nýjum Safnalögum. Þegar á hólminn er komið virðist það hins vegar ekki vera nægileg vörn fyrir atburðarás af því tagi sem við sjáum í málefnum Lækningaminjasafnsins.

565 6000 / somi.is

SKELLTU ÞÉR ÚT AÐ BORÐA.

Við bjóðum spennandi matseðil
Íslendingar hafa fjölbreyttan smekk sem við gerum okkar allra besta á hverjum degi að sinna. Þitt er valið!

SÓMI

Ferskt á hverjum degi

†

Elskuleg dóttir, systir og frænka,

ELÍN KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR
Grenimel 25,

lést á líknardeild Landspítalans að morgni 23. júlí. Útförin auglýst síðar.

Theodóra Ólafsdóttir
Ingibjörg Þóra Gunnarsdóttir
Dóra Björk Guðjónsdóttir

†

Faðir minn,

KARL JÚLÍUS STEFÁNSSON

lést 21. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 29. júlí kl. 13.00.

Eygló Daða Karlsdóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

KRISTJÁN HÓLM JÓNSSON
fyrrverandi sérleyfishafi,
Klettahlíð 14, Hveragerði,

andaðist á heimili sínu þann 22. júlí.

Una Runólfsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir — **Helgi Hannesson**
Helga Guðný Kristjánsdóttir — **Björn Birkisson**
Runólfur Þór Jónsson — **Guðrún Hanna Guðmundsdóttir**
Harpa Kristjánsdóttir — **Atli Einarsson**
Gígja Kristjánsdóttir
Birkir Kristjánsson — **Valgý Arna Eiríksdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Móðir okkar,

ÞORBJÖRG EIRÍKSDÓTTIR
Bleiksárhlíð 56, Eskifirði,

er látin. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Starfsfólki Hulduhlíðar sendum við hugheilar þakkir fyrir frábæra umönnun. Einnig þökkum við auðsýnda samúð.

Börnin.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts eiginmanns míns,

SIGURÐAR G. VILMUNDARSONAR.

Elskurnar í Heimahlynningu fá sérstakar þakkir.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Regína Reginsdóttir

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

KATRÍN ÁSMUNDSDÓTTIR
Mávahlíð 22,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 22. júlí.

Kári Elíasson
Elías Kárason
Ásgerður Káradóttir — **Hannes Jón Helgason**
Katrín og Kári Jón

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför systur okkar,

KRISTÍNAR ÁRNÝJAR ALBERTSDÓTTUR (STÍNU)
áður til heimilis Selvogsgötu 10, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Ingveldur Albertsdóttir
Ólafía Albertsdóttir

ÞETTA GERÐIST 25. JÚLÍ 1978

Fyrsta glasabarnið fæðist

Fyrsta glasabarn heimsins fæddist þennan dag árið 1978 í Bretlandi. Louise Brown fæddist stuttu fyrir miðnætti. Hún vó ellefu merkur og var tekin með keisaraskurði þar sem móðir hennar þjáðist af blóðeitrun. Allt gekk þó að óskum og barnið virtist vera algerlega heilbrigt og móðurinni heilsaðist vel.

Móðir stúlkunnar var 29 ára og með stíflaða eggjaleiðara, sem gerir það að verkum að eggin komast ekki leiðar sinnar í legið. Hún og eiginmaður hennar höfðu árangurslaust reynt að eignast barn í níu ár. Þau gengust því undir glasafrjóvgun þar sem egg úr móðurinni var frjóvgað með sæði úr manni hennar í tilraunaglasi og síðar komið fyrir í legi hennar.

Þessi aðferð við gervifrjóvgun varð gríðarlega vinsæl. Tuttugu árum síðar höfðu 300 þúsund konur víða um heim fætt börn með aðstoð glasafrjóvgunar.

Louise Brown vinnur nú sem hjúkrunarkona. Yngri systir hennar Natalie, sem einnig var getin með gervifrjóvgun, varð árið 1999 fyrsta glasabarnið til að eignast barn með eðlilegum hætti.

FYRSTA GLASABARNIÐ Louise Brown með glasabörnum sem fæddust á eftir henni.

VINNA VEL SAMAN Félagarnir ákveða rosa lítið hvernig þeir ætla að gera hlutina, þeir bara gerast. MYND/AÐSEND

Hafa gaman af spuna og líka gömlum sálmum

Síðustu Sumartónleikar sumarsins í Akureyrarkirkju fara fram næsta sunnudag en þar munu Eyþór Ingi Jónsson og Jón Þorsteinsson leika sér að tónlistinni.

„Þetta verður svolítið blönduð efnisskrá," segir organistinn Eyþór Ingi Jónsson en hann kemur fram ásamt tenórnum Jóni Þorsteinssyni á síðustu Sumartónleikum sumarsins í Akureyrarkirkju. Þeir félagar munu flytja íslenska sálma og söngverk eftir J.S. Bach og G.F. Händel. „Síðan endum við þetta á því sem við höfum oft best gert áður og leikum okkur með gamla íslenska sálma," segir Eyþór Ingi sem hefur alltaf haft gaman af spuna í tónlist.

„Við ákveðum rosa lítið hvernig við ætlum að gera hlutina, þeir bara gerast," segir hann og hlær en tónlistarmennirnir tveir eru ekki óvanir því að koma fram saman. „Það hefur alltaf gengið rosalega vel, rosalega góð aðsókn alltaf."

Eyþór Ingi er fæddur og uppalinn í Dalasýslu þar sem hann hóf tónlistarmenntun sína sex ára gamall en auk þess að leggja áherslu á orgelleik í námi sínu hefur Eyþór lagt mikla áherslu á kórstjórn og stjórnar bæði Kór Akureyrarkirkju og Kammerkórnum Hymnodiu. Það má því með sanni segja að líf Eyþórs snúist um tónlist.

„Maður vinnur við þetta alla daga og svo er þetta einmitt áhugamálið líka, það er ekkert öðruvísi," segir hann.

Á tónleikunum í kvöld mega áhorfendur búast við að Eyþór og Jón taki upp á einhverju óvæntu en þeir notast mikið við sálmabók frá árinu 1945.

„Við tökum mikið sálma sem hafa ekki verið sungnir seinustu áratugi, við blöndum þessu svolítið saman," segir Eyþór Ingi. „Við erum ekki mikið í að spila og syngja nýju sálmana, sem eru yngri en 100 ára, við erum meira í eldri gerðinni."

Tónleikarnir fara fram í Akureyrarkirkju sunnudaginn 27. júlí klukkan 17.

baldvin@frettabladid.is

„Við erum ekki mikið í að spila og syngja nýju sálmana, sem eru yngri en 100 ára, við erum meira í eldri gerðinni."

→ Tónvís tenór

Jón Þorsteinsson er alls ekki óvanur söngvari en hann hóf tónlistarnám ungur að árum hjá Magnúsi Magnússyni í Tónskóla Ólafsfjarðar. Hann stundaði seinna nám hjá Marit Isene við Tónlistarháskólann í Ósló í Noregi við Det Jydske Musikkonservatorium í Árósum og hjá Arigo Pola í Modena á Ítalíu. Jón hefur starfað í Hollandi frá 1980 og söng hann meðal annars yfir 40 hlutverk á þeim tíma hjá Hollensku ríkisóperunni og víða söng hann við óratoríu- og ljóðaflutning.

†

Ástkær bróðir minn og frændi okkar,

JÓN ÁRNI VILMUNDARSON
loftskeytamaður,
Dunhaga 11,

lést á Hrafnistu í Kópavogi að morgni 23. júlí sl. Útför verður auglýst síðar.

Þórunn Vilmundardóttir
Kolbrún Baldursdóttir — **Guðmundur Fr. Ottósson**
Guðmundur Einarsson — **Alda Elíasardóttir**
Guðmundur B. Salómonsson — **Svava Benediktsdóttir**
og önnur frændsystkini og makar.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og aðstoð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, sonar, bróður, tengdasonar og mágs,

REYNIS ÞÓRS REYNISSONAR
Austurströnd 14, Seltjarnarnesi.

Hann lést þann 1. júlí sl. og hefur útför hans farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Elín Thelma Róbertsdóttir
Anna Stefánsdóttir
Reynir Hólm Jónsson

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

FRANSKIR DAGAR Á FÁSKRÚÐSFIRÐI

Franskir dagar hafa verið haldnir á Fáskrúðsfirði frá árinu 1996. Þá er haldið á lofti minningu um veru Frakka í bænum og tengsl þeirra við staðinn, auk þess sem heimamenn ásamt gestum gera sér glaðan dag. Franskir dagar hafa unnið sér sess sem árleg bæjarhátíð Fáskrúðsfjarðar.

2 FYRIR 1

af Plokkarapitsu gegn framvísun þessa miða. Aðeins 990 kr. fyrir tvo. Gildir til 31. 8. 2014.

Texasborgarar.is s: 517-3130

NÝTT Á ÍSLANDI TEXAS PIZZA PIE

TEXASBORGARAR KYNNA *Ekta ameríska pitsur fást nú á Texasborgurum og kosta allar 990 kr. óháð fjölda áleggstegunda. Val er um fjölbreyttar sósur og ost og raðað á pitsuna um leið og valið er úr áleggsborðinu.*

Nú eru Texasborgarar við Grandagarð meira en bara hamborgarastaður því að pitsur að vinsælum ameríska hætti hafa bæst á matseðilinn. Texas Pizza Pie kallar Magnús Ingi Magnússon veitingamaður pitsurnar sem hann hefur gefið sér góðan tíma til að þróa eftir að hafa prófað þær margar í Texas síðasta haust. „Þar er fjöldi vinsælla staða sem hafa aðlagað pitsurnar að smekk Bandaríkjamanna og fara svipaða leið við afgreiðsluna og gert er á ýmsum samlokustöðum. Þú byrjar á að velja þér sósu, til dæmis BBQ-sósu eða Alfredo-ostasósu í stað hefðbundinnar pitsusósu," segir Magnús Ingi. „Síðan er osturinn settur á og loks álegg og krydd meðan raðað er á pitsuna fyrir framan þig. Þetta er fljótafgreitt og svo fer pitsan beinustu leið í Turbochef-ofurofninn okkar og er tilbúin á örfáum mínútum."

Það er alveg sama hvað þú færð þér á pitsuna, verðið er það sama, 990 kr. fyrir 10 tommu pitsu. Og tilboðin slá allt út: Pitsa, hrásalat og gos á 1.390 kr. og pitsa, kaka dagsins og gos á 1.490 kr.

Svo er einfaldlega hægt að panta pitsur sem mælt er með á matseðli, eins og Texas-stjörnu, Kjötveislu, BBQ-kjúkling, TexMex, Jurtaríkið og

fleiri klassískar. En tvær pitsur vekja sérstaka athygli, Plokkarapitsa og Fiskibollupitsa. „Mig langaði að bjóða upp á rammíslenskar pitsur með þeim ameríska og þetta er dúndurgott," segir Magnús Ingi.

Á texasborgarar.is og Facebook er meðal annars að finna matseðilinn og öll nýjustu tilboðin á Texasborgurum. Þar er einnig að finna helgarbrönsinn vinsæla.

BRAGÐGÓÐAR
Pitsurnar eru bakaðar í Turbochef-ofurofninum á nokkrum mínútum.
MYND/VALLI

Nýjar vörur frá x-two

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

MIKIÐ ÚRVAL Ellefu veitingastaðir bjóða úrval göturéttа næstu fimm laugardaga í Fógetagarðinum. Gerður er fyrir miðri mynd og Ólafur Örn til hægri.
MYND/DANÍEL

GÖTUMATUR AF BESTU GERÐ

VEISLA *undir berum himni í miðbænum næstu fimm laugardaga*

Á morgun laugardag hefst götumatarmarkaðurinn Krás í Fógetagarðinum í miðborg Reykjavíkur. Þar munu matreiðslumenn frá nokkrum veitingastöðum borgarinnar bjóða gestum upp á gómsætan götumat undir berum himni næstu fimm laugardaga. Ellefu veitingastaðir, bæði nýir og rótgrónir, ætla að bregða á leik og bjóða úrval göturéttа. Fjölbreytnin verður mikil að sögn Gerðar Jónsdóttur, menningar- og borgarfræðings, en markaðurinn er hugarfóstur hennar og veitingamannsins Ólafs Arnar Ólafssonar. „Ég hef búið erlendis og þekki svona markaði þaðan. Í vor fékk ég þessa hugmynd og sendi Reykjavíkurborg tölvupóst. Á sama tíma fékk Ólafur svipaða hugmynd þannig að borgin kom okkur saman á fund. Útkoman varð götumatarmarkaðurinn Krás.“

Meðal veitingastaða sem verða á Krás næstu laugardaga eru Dill, Grillið, Kol, Uno, Ramen Momo, The Coocoo‘s Nest, Kolabrautin, Durum, Walk the Plank, Gandhi, Fjalakötturinn og Bergsson mathús.

Gerður segir alla veitingastaðina bjóða upp á nýja rétti sem hæfa slíkum aðstæðum auk þess sem einn básinn selji rósavín og freyðivín. „Þetta verður frábær vettvangur fyrir áhugafólk um mat og ekki síður fjölskyldur, vinahópa og vinnufélaga. Hér mun fólk borða ljúffengan mat, upplifa skemmtilega götustemningu og anda að sér fersku lofti. Þetta verður vafalaust mikil upplifun fyrir gesti að koma hingað og sjá alla flóruna og fjölbreytileikann. Ekkert kostar inn á markaðinn en gestir borga fyrir þá rétti sem þeir velja.“

Markaðurinn er unnin í samvinnu við Reykjavíkurborg og er hluti af verkefninu Torg í biðstöðu. Þverfaglegur hönnunarhópur á vegum borgarinnar sér um allt heildarútlit markaðarins, básа og bekki. Auk hans koma tveir starfsmenn Reykjavíkurborgar að verkefninu.

Krás verður opin næstu laugardaga frá kl. 13-18. „Fyrsti dagurinn er á morgun. Næsti laugardagur er um verslunarmannahelgi og tilvalið fyrir fólk að kíkja ef það er í bænum. Viku síðar er svo Gleðigangan þar sem búast má við miklu fjöri og þar næst tekur Beikonhátíðin við en þar ætlum við að vera í samstarfi við skipuleggjendur hátíðarinnar. Lokadagurinn er svo á Menningarnótt þannig að óhætt er að lofa miklu fjöri og góðum mat í miðbænum næstu helgar.“

Nánari upplýsingar um götumarkaðinn má finna á Facebook-síðunni www.facebook.com/gotumatur.

STRANDARTÓNAR OG HANDBOLTI

Íslandsmótið í strandhandbolta hefst í dag í Nauthólsvík í Reykjavík. Um 200 manns keppa þar en þetta er ellefta árið sem mótið er haldið.

Árlegt strandhandboltamót hefst í Nauthólsvík í dag og stendur fram á laugardag. Þetta er ellefta árið sem mótið er haldið en 200 keppendur taka þátt um helgina, sem er metfjöldi. Spilað er á strandvelli í Nauthólsvík undir dúndrandi strandartónlist og er jafnan mikið fjör á meðal leikmanna, sem oft eru klæddir skrautlegum búningum.
Það eru Haraldur Þorvarðarson og Davíð Lúther Sigurðarson sem settu mótið á fót á sínum tíma en Haraldur hafði kynnst íþróttinni í Þýskalandi þegar hann spilaði þar sem atvinnumaður í handbolta. „Strandhandbolti er mjög vinsæl íþrótt í Þýskaland og raunar víða um Evrópu. Ég spilaði hana mikið úti og þegar ég flutti heim ræddi ég þessa hugmynd við Davíð sem dreif þetta áfram með mér. Fyrsta árið kepptu tíu lið en mótið hefur stækkað ár frá ári. Vegna fjöldans þurfum við í fyrsta skipti að dreifa því á tvo daga.“

Í grunninn er strandhandbolti svipaður venjulegum handbolta. Tíu leikmenn eru í liði en fimm inni á vellinum í einu; markmaður og fjórir útileikmenn. Ef markmaður skorar gildir það sem tvö mörk og fallegt mark getur líka gilt sem tvö mörk. „Til þess þarf þó að sýna frumleika og sérstaka tilburði og metur dómarinn það hverju sinni. Ef lið skorar úr víti gildir það hins vegar ávallt sem tvö mörk.“ Leiktíminn er stuttur, einungis 2×5 mínútur og ef jafnt er í leikslok er bráðabani.

Engar reglur gilda um kynjaskiptingu og því keppa lið skipuð einungis körlum og konum auk blandaðra liða. Haraldur segir keppendur koma úr öllum áttum þótt flestir eigi þeir það sameiginlegt að hafa spilað handbolta. „Hér spila gamlar kempur og yngri leikmenn í bland við okkar besta handboltafólk. Það ríkir mikil gleði framan af móti en svo færist eðlilega meiri harka í leikinn þegar nær dregur úrslitaleiknum enda vilja allir komast þangað. Undanfarin ár hafa úrslitaleikirnir verið hörkuleikir.“

Mótið hefst í dag kl. 18 en þá eru tólf leikir á dagskrá. Á morgun hefst dagskrá kl. 10 og lýkur kl. 17 með úrslitaleiknum.

Nánari upplýsingar um mótið og dagskrána má finna á Facebook-síðunni Strandhandbolti.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Lífið

FÖSTUDAGUR
25. JÚLÍ 2014

Guðrún og Jóhanna Kristjánsdætur
HINAR ÍSLENSKU FLOTHETTUR SLÁ Í GEGN 2

María Nielsen kjólaklæðskeri
Á KLASSÍSKAN FATASKÁP OG SAUMAR 4

Birgitta Birgisdóttir leikkona
ÆTLAÐI AÐ GRAFA UPP FORNLEIFAR 10

Ásdís María Viðarsdóttir

ÞAÐ MÁ ENGINN SNERTA MANN NEMA MEÐ LEYFI

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

HVER ER?

Nafn:
Rakel Matthea Dofradóttir
Aldur: 22 ára

Starf? Margmiðlunarnemi og tískuritstjóri NUDE magazine. Sumarstarfsmaður hjá Suðurverki.

Maki? Enginn.

Stjörnumerki? Meyja.

Hreyfing? Hitt og þetta í World Class, ég ætlaði líka að hjóla helling í sumar en dekkið sprakk í júní.

Uppáhaldslistamaður? Dr. Woo gerir hrikalega flott húðflúr, ég væri alveg til í eitt listaverk eftir hann.

Uppáhaldsmynd? Ég er mjög lélegt biómyndanörd og get horft á sömu myndina tvisvar án þess að fatta það. The Parent Trap var samt fyrsta uppáhaldsmyndin mín svo ég vel hana … og Harry Potter.

A- eða B-manneskja? Skóli og skrifstofustörf bjóða ekki upp á margt annað en A-manneskjulífnaðarhætti sem ganga misvel. Inn við beinið er ég þó 100 prósent B og sú týpa springur út um helgar og í jólafríum.

HVERJIR HVAR?

Á bjórkvöldi Druslugöngunnar sem fór fram á skemmtistaðnum Brikki í gær var margt um manninn og mikil gleði við völd. Reykjavíkurdætur voru á staðnum auk Halldórs Eldjárns en þau frumfluttu nýtt

Druslugöngulag. Þá lét María Rut Kristinsdóttir sig ekki vanta. Nafna hennar **María Lilja Þrastardóttir** var einnig á staðnum, ásamt vinkonu sinni, myndlistarkonunni **Sunnu Ben**.

HEILSA ÍSLENSKA FLOTHETTAN Í ÚTRÁS

Guðrún og Jóhanna Kristjánsdætur, eigendur Systrasamlagsins, kynna almenning fyrir hinni íslensku flothettu sem slegið hefur í gegn. Hægt er að leigja flothettur í Systrasamlaginu og fljóta í náttúrulaugum landsins.

„Þetta er alveg búið að slá í gegn, bæði hér á landi og erlendis, en flothettan er farin að seljast út um allar trissur," segir Guðrún Kristjánsdóttir, annar eigandi Systrasamlagsins, um hina íslensku flothettu. Flothettan var hönnuð af Unni Valdísi Kristjánsdóttur vöruhönnuði fyrir nokkrum árum og var innblásin af vatnsauðlegð þjóðarinnar. Undanfarið hefur notkun hennar færst í aukana og sundlaugar landsins eru nokkrar hverjar farnar að bjóða upp á leigu á hettum. „Það má segja að þetta sé íslenska leiðin til að hugleiða en með flothettunni er meginákersla lögð á slökun og ró. Við vildum fara með þetta upp í laug og leyfa almenningi að prófa að fljóta með okkur," segir Guðrún, en undanfarið hafa þær systur hjá Systrasamlaginu staðið fyrir svokölluðu samfloti í Neslauginni. Hún segir náttúrulaugarnar víða um land kjörnar fyrir flotið. „Gamla laugin við Flúðir er alveg yndisleg og það er eins og hún sé hönnuð fyrir flot. Ég hugsa einmitt að það verði yndislegt að fara þangað í vetur og fljóta í skammdeginu og fá snjóinn í andlitið eða fylgjast með norðurljósunum."

Flothettan hefur vakið þó nokkra athygli erlendis og segir Guðrún hana vera í eins konar útrás. „Umfjöllun á erlendum síðum hefur kveikt áhugann og nú er það svo að flothettan er nánast komin út um allt, til Bretlands, Kanada, Portúgal, Frakklands, Indlands og meira að segja til Hollywood." Guðrún segir að næsta samflot þeirra systra verði í Neslauginni hinn 17. ágúst kl. 9 og hvetur hún þá sem vilja prófa að taka þátt.

kristjana@frettabladid.is

Þær Jóhanna og Guðrún Kristjánsdætur hafa rekið heilsuhof við Neslaugina frá því í fyrra við góðan orðstír.

Flothetturnar þorna eftir gott samflot í Neslauginni.

Þjáist þú af svefnleysi?

Segðu bless við hvíldar- og svefnlausar nætur



Sefur eins og engill

Elín, sem er 62 ára, hefur átt erfitt með að festa svefn og átti það til að vakna oft að nóttu til.

„Það er óþolandi að liggja í rúminu og bylta sér af því að maður getur ekki sofið. Á daginn átti ég erfitt með einbeitingu. Ég var alltaf þreytt. ."

„Nú líður mér stórkostlega. Ég er úthvíld og glöð þegar ég vakna. Ég er orkumeiri yfir daginn og afkastameiri."

NÝ SENDING KOMIN! FYRRI VORU FLJÓTAR AÐ SELJAST UPP

Inniheldur náttúruleg vítamín og jurtir eins og amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun ásamt alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíums.

IceCare
Þín heilsa

Fáanlegt í apótekum og heilsuverslunum.
Til að fá frekari upplýsingar eða kaupa á netinu: www.icecare.is

LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

Skautastuð, matarmarkaður og Drusluganga

Roller derby á Íslandi og Reykjavíkurborg blása til viðburðarins **Skautum inn í sumarið** á laugardaginn í Nauthólsvík. Þeir sem eiga hjólaskauta geta mætt fyrir framan kaffi Nauthól klukkan 15.30 og síðan er lagt af stað meðfram sjónum klukkan 16.00. Skautaævintýrið endar síðan fyrir framan Hörpu þar sem hljómsveitin White Signal heldur uppi góðu stuði.

Götumarkaðurinn KRÁS verður haldinn í fyrsta sinn á laugardaginn á milli 13.00 og 18.00. Markaðurinn er haldinn í Fógetagarðinum og að sögn eins af skipuleggjendunum, **Ólafs Arnar Ólafssonar**, verða tólf veitingastaðir á staðnum sem bjóða upp á svokallaða götuútgáfu af sínum réttum. Stefnt er að því að halda slíka markaði á hverjum laugardegi út sumarið.

Druslugangan er haldin í fjórða sinn á laugardaginn og hefst gangan stundvíslega klukkan 14.00. Gengið verður frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíg, Bankastræti og endað á Austurvelli þar sem við taka fundarhöld og tónleikar. Stefnt er að því að Druslugangan verði stærri en áður í ár en hún stuðlar að því að samfélagið rísi upp gegn kynferðisofbeldi og standi upp fyrir þolendum þess.

AUGNABLIKIÐ

Leikkonan **Rachel McAdams** stal senunni þegar nýjasta mynd hennar, A Most Wanted Man, var frumsýnd í nútímalistasafninu í New York í vikunni. Rachel klæddist litríkum kjól frá Zuhair Murad og greiddi hárið frá andlitinu. Þá setti dökka augnmálningin punktinn yfir i-ið.

Délifrance®

Délifrance smjördeigs bakkelsið er komið í nýjar og spennandi pakkningar, kíktu í frystinn í næstu verslun!

Délifrance®

alltaf nýbakað ...úr ofninum þínum

Ég hefði viljað að á þeim tíma sem ég varð fyrir kynferðislegu ofbeldi að ég hafi vitað að það var ekki mér að kenna. Þá hefði þurft Druslugönguna. Að þolendur viti hvert á að skila ábyrgðinni, þangað sem hún á heima, að leita réttar síns sama hvað og ekki skammast sín

ÁSDÍS MARÍA

HEFÐI VILJAÐ VITA AÐ ÞAÐ VAR EKKI MÉR AÐ KENNA

Ásdís María Viðarsdóttir er söngkona og einn skipuleggjenda Druslugöngunnar, sem haldin er í fjórða sinn í ár. Ásdís tók þátt í Eurovision á dögunum með laginu Amor og vakti mikla athygli í keppninni. Hún er nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð en um þessar mundir er það Druslugangan sem á hug hennar og hjarta, en kynferðislegt ofbeldi er málefni sem Ásdís þekkir vel.

Mér finnst þetta mikilvægur málstaður og þetta málefni, sem er kynferðisofbeldi, stendur mér mjög nærri. Hjarta mitt slær pínulítið fyrir þetta verkefni. Það er ógeðslega gaman að taka þátt í þessu og að gefa vinnu sína í eitthvað sem er svona mikilvægt en um leið líka svona gleðilegt," segir Ásdís María og segir margt gott fólk í kringum Druslugönguna.

Rísa upp gegn kynferðisofbeldi

Druslugangan er haldin í fjórða sinn í ár, en hún er orðin að föstum punkti í íslensku samfélagi þar sem fólk tekur sig saman og rís upp gegn kynferðisofbeldi og stendur upp fyrir þolendum – gegn gerendum.

„Hingað til hef ég bara gengið gönguna en í ár ákvað ég að taka frekari þátt í skipulagningunni. Druslugangan hefur opnað á svo mikilvæga umræðu og ég vildi gera mitt til að vekja athygli á málstaðnum. Druslugangan leggur höfuðáherslu á að færa ábyrgð kynferðisglæpa frá þolendum yfir á gerendur. Það er alltof oft þannig að einblínt er á klæðnað, hegðun eða fas þolenda sem afsökun fyrir kynferðisglæpum. Það er ekki til nein afsökun."

Reykjavíkurdætur gáfu út sérstakt Druslugöngulag fyrr í vikunni og Ásdís lét ekki sitt eftir liggja. „Ég frekjaðist til að vera í laginu, ég heyrði þær vera að tala um að gera lag og mig langaði svo að vera með að ég hringdi í allar stelpurnar og bauð fram aðstoð mína. Þegar þær hringdu í mig og báðu mig að vera með var ég í skýjunum," segir Ásdís og hlær, en hún er rísandi stjarna í tónlistarheiminum á Íslandi.

„Ég syng núna með Gluteus Maximus og með DJ Margeiri þegar hann er að spila einn. Það er alveg ótrúlega skemmtilegt. Hver sem er sem hefði beðið mig um að vera í hljómsveit eftir Eurovision hefði fengið já. Núna er ég rosa glöð að það hafi verið þessir strákar, Margeir og Högni Egilsson og Daníel Ágúst. Þeir eru alveg dásamlegir."

Aldrei aftur Eurovision

Gætirðu hugsað þér að fara aftur í Eurovision?

„Nei, það er eitthvað sem maður gerir bara einu sinni, held ég. Eða mér fannst að ég ætti að gera það bara einu sinni og reyna að pönkast pínu í því og koma svo aldrei aftur."

Finnst þér keppnin ekki nógu kúl?

„Jú, mér finnst hún nefnilega kúl þó að ég sé ekki að viðra þá skoðun mína við alla. Ég geri svo oft hluti sem eru ekki kúl. En andinn var ekki alveg fyrir mig. Ég meika ekki svona mikla keppni, að safna stigum og safna atkvæðum og vera óskabarn þjóð-

arinnar í smástund, eða þykjast vera það allavega. Það var ekki alveg fyrir mig. Ég er ekki mikil keppnismanneskja.“

Og hvað gerir þú fleira varðandi skipulagningu göngunnar en að syngja í laginu?

„Já, ég er í laginu og svo sé ég um ýmislegt smálegt hvað varðar skipulagninguna og svo er ég dugleg að auglýsa gönguna úti um allt. Ég er reyndar ekki með bílpróf þannig að ég hef verið dálítill ónytjungur í þessu öllu saman. En ég geri það sem ég get. Ég kem á fundi og trufla í svolítinn tíma þangað til að ég næ á einhverja góða hugmynd. Það er rosalega mikið búið að spretta upp úr þessu og fólk er að fara í alls konar áttir – en ég hef gert það sem ég hef getað og margir boltar á lofti. Ég veit til dæmis ekki um neitt sem María Rut Kristinsdóttir hefur ekki komið nálægt. Hún er ótrúleg.“

Ekki mér að kenna

María Rut Kristinsdóttir steig fram í mjög flottu viðtali síðasta sumar, þar sem hún talar um sína eigin reynslu af kynferðisofbeldi.

Hefur þú svipaða sögu að segja?

„Já, en það var aðili ótengdur fjölskyldu minni. Ég hefði viljað að á þeim tíma sem ég varð fyrir kynferðislegu ofbeldi hefði ég vitað að það var ekki mér að kenna. Þá hefði þurft Druslugönguna. Að þolendur viti hvert á að skila ábyrgðinni, þangað sem hún á heima, að leita réttar síns sama hvað og ekki skammast sín. Það er svo fáránleg skömm sem fylgir þessu, sem kom mér svo mikið á óvart. Því ég veit betur. En hún er svo fjarri fólki sem hefur ekki lent í svona. Af hverju myndi maður skammast sín? En það er bara ein afleiðing af kynferðislegu ofbeldi, sem er kannski erfitt að útskýra eða færa í orð. Ég hef fundið fyrir því sjálf fyrir hönd vinkvenna minna að þora ekki endilega að vera leiðinleg við gæjann sem misnotaði þær, vegna þess að ég vil ekki að honum finnist ég leiðinleg. Ég sé hann og ég þoli hann ekki en hann segir hæ og ég segi hæ til baka. Þetta eru svo erfiðar aðstæður og svo mikilvægt að koma þessum skilaboðum áleiðis, að fólk sem verður fyrir svona ofbeldi þarf ekki að skammast sín,“ segir Ásdís María og heldur áfram.

Leitaði aldrei réttar síns

„Ég varð fyrir þessu þegar ég var yngri, en ég leitaði aldrei réttar míns. Ég uppgötvaði þetta mörgum árum síðar. Þetta er rosalega fjarri manneskjunni sem ég er í dag og mér líður núna ekki endilega eins og þetta hafi verið mín upplifun, heldur einhvers annars. Minnið er brotakennt, og það er líka einkenni þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi á borð við það sem ég varð fyrir. Þess vegna er tvískinnungur falinn í því hversu þung réttarleiðin er. Fólk leitar ekki réttar síns því sönnunarbyrðin er svo þung. Ferlið er svo þungt og svo erfitt. Í tilfellum þeirra sem verða fyrir svona ofbeldi er það þekkt að minnið verður oft brotakennt, samt má engu muna í vitnisburðum til þess að málum sem líta kannski út fyrir að vera borðliggjandi er vísað frá.

Skilum ábyrgðinni

„Stofnanir eins og Stígamót eru lífsnauðsynlegar. Ég vil bara meira. Ég vil að þú getir leitað í næsta hús og fengið sama skilning og hjá Stígamótum. Draumurinn er að allir horfi á fórnarlambið og skili ábyrgðinni þangað sem hún á heima. Það skiptir engu máli hvort hún var of full eða klædd eins og „drusla“. Það þarf að breyta þessu samfélagi, dálítið mikið, og breyta hugsunarhætti fólks. Bæði á þann hátt að þolendur fái jákvæðari upplifun af þessu réttarkerfi sem er nú verið að vinna í og að þolendur upplifi það að fólk standi með þeim. Ég vil að börnin alist upp í samfélagi þar sem kynferðisofbeldi er dauðans alvara og enginn má snerta þig nema að þú leyfir það.“

Myndaalbúmið

Ásdís með eldri systkinum sínum tveimur, Arnari og Önnu Sóleyju ● Ásdís var glaðlegt barn ● Snemma beygist krókurinn ● Ásdís að syngja ásamt DJ Margeiri í Bláa lóninu

FATASKÁPURINN MARÍA NIELSEN

María Nielsen er 25 ára kjólaklæðskeri sem mun hefja nám í fatahönnun við Listaháskóla Íslands í haust.

1 Silkiskyrta: Ég saumaði þessa skyrtu á sjálfa mig úr sandþvegnu silki sem ég keypti í Hong Kong. Þar sem ég er enginn sérfræðingur í að prútta borgaði ég trúlega svona 10 sinnum of mikið fyrir þetta silki en ég var svo hrifin af litnum að ég lét mig hafa það.

2 Hálsmen og hringar: Ég er ekki mikið fyrir skart og glingur en þessa þrennu elska ég og er alltaf með á mér. Hringlaga hringurinn er frá Mariu Black og blómahringurinn er frá Aurum, báðir hringarnir voru gjöf frá fjölskyldunni minni. Hálsmenið fékk ég í jólagjöf frá kærastanum mínum og er úr hreindýrshorni. Það er hönnunarþríeykið IIIF sem hannar þessi fallegu hálsmen, einstaklega flott merki þar á ferð.



3 Trench coat: Þennan trench fékk ég í JÖR og hann er í einstöku uppáhaldi. Hann er einstaklega vel sniðinn og svo er síddin á honum einfaldlega fullkomin.

4 Leðurtaska: Þessi taska frá Royal Republic fylgir mér hvert sem er, ég er nefnilega alltaf með skrilljón ómissandi hluti á mér svo að það er gott að hafa svona rúmgóða risatösku í lífi sínu.

5 Leðurskór með sylgju: Þetta eru uppáhaldsskórnir mínir, þó svo að það hafi tekið sinn tíma að venjast trébotninum. Þeir eru frá merkinu Swedish Hasbeens og ég sé fram á að þeir muni endast mér lengi og vel.

AUGLÝSING: SIGURBOGINN KYNNIR

Mikið úrval er af fallegum toppum og bolum frá Olsen í Sigurboganum á Laugavegi 80. MYNDIR/ARNÞÓR

OLSEN FÆST NÚ HJÁ SIGURBOGANUM

Verslunin Sigurboginn hefur verið opinn í 22 ár og er nú á sínu 23. starfsári á Laugaveginum. Sigurboginn hefur verið þekktur fyrir frábæra þjónustu og vönduð vörumerki í gegnum árin.

Guðbjörg Hjálmarsdóttir, verslunarstjóri í Sigurboganum, segir að afgreiðslan í búðinni megi alveg taka langan tíma. „Við viljum hafa persónuleg viðskipti og í raun leitumst við eftir þannig viðskiptum. Okkur finnst gaman að spjalla um daginn og veginn en um leið veita viðskiptavinum okkar toppþjónustu," segir hún.

„Nýjasta merkið hjá okkur í Sigurboganum er Olsen sem var bara nokkuð stórt merki hérna á Íslandi fyrir nokkrum árum. Við rákumst á merkið á sýningu erlendis og áttuðum okkur á því að það vantaði alveg á Íslandi. Við fengum umboðið og vörumerkið er komið í Sigurbogann. Vörurnar hafa farið af stað hjá okkur með miklum látum og við höfum tekið inn fleiri sendingar en við ætluðum í fyrstu, sem er auðvitað frábært," segir Guðbjörg enn fremur.

„Olsen er merki sem hentar íslenskum konum alveg einstaklega vel, stærðirnar eru góðar, gæðin mikil og sniðin virkilega flott. Við höfum verið að taka inn stærðir 36 til 48 og getum fundið eitthvað fyrir alla. Olsen er gæðavara sem við mælum með og vonum að sem flestar konur komi við hjá okkur á Laugaveginum og skoði úrvalið."

Sigurboginn er með heimasíðu www.sigurboginn.is og er á Facebook, www.facebook.com/sigurboginn.

10 SPURNINGAR: BIRGITTA BIRGISDÓTTIR

1 **Þegar ég var ung þá ætlaði ég að vinna við** ... fornleifauppgröft og sá fyrir mér að sitja í skurði allan daginn að rannsaka.

2 **En núna er ég** ... leikkona og nemi í ferðamálafræði í Háskólanum á Hólum í Hjaltadal og svo vinn ég á ferðaskrifstofunni Pink Iceland með yndislegu fólki!

3 **Ég mun eflaust aldrei skilja fólk** ... sem skilur mig ekki.

4 **Ég hef ekki sérstakan áhuga á** ... rigningu og almennum leiðindum. Mér líkar betur í sólarsömbu.

5 **Karlmenn eru** ... alls konar.

6 **Ég hef lært að maður á alls ekki að** ... búast við góðu veðri á sumrin, bara alls ekki!

7 **Ég fæ samviskubit þegar** ... hmmmm, eru mæður ekki með stöðugt samviskubit?

8 **Ég slekk á sjónvarpinu þegar ég** ... fer að sofa.

9 **Um þessar mundir er ég mjög upptekin af** ... verknáminu mínu á Pink Iceland og undirbúningi mínum fyrir mastersnám og líka að fara í frí til Köben eftir nokkra daga með fjölskylduna mína.

10 **Ég vildi óska þess að fleiri vissu af** ... snilldarhugmyndum mínum sem ég fæ yfirleitt þegar ég er alveg að sofna og man svo ekki alveg daginn eftir. Sem minnir mig á að ég verð að fara að fá mér nýja bók og penna á náttborðið.

LOKA ÚTKALL

AÐEINS 2 VERÐ

Kr. 1000

Kr. 3000

Herra
hafnarfjörður
S. 572 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Instagram

Food
http://instagram.com/food

Þau Sarah og Tom voru heldur betur séð þegar þau tryggðu sér síðuna Food á Instagram en síðan þeirra er talin ein sú besta þegar kemur að mat á samfélagsmiðlinum. Þau ferðast vítt og breitt um New York og taka myndir af kræsingum sem verða á vegi þeirra en Sarah er matarstílisti og því myndirnar hver annarri fegurri.

facebook

World Of Architecture
https://www.facebook.com/worldofarchitecture

World of architecture er tímarit um arkitektúr og allt sem tengist faginu – hvort sem það eru hæstu byggingar heims eða litlar íbúðir þar sem plássið er nýtt til hins ýtrasta. Það er tilvalið að skoða Facebook-síðu tímaritsins ef þig vantar innblástur um hvernig hægt er að breyta rými með nokkrum, auðveldum skrefum eða fjölmörgum, dýrum leiðum.

Pinterest

Peter Som
http://www.pinterest.com/petersom

Flestir fatahönnuðir á Pinterest fylla síðuna af sinni eigin hönnun en ekki Peter Som. Á síðunni hans kennir ýmissa grasa og auðvitað birtir hann myndir af eigin hönnun en einnig myndir af því sem veitir honum innblástur – hvort sem það eru litir, mynstur, blóm eða fólk.

twitter

@pourmecoffee
https://twitter.com/pourmecoffee

Enginn veit hver stendur á bak við þennan Twitter-reikning sem tæplega 170 þúsund manns fylgja. En skemmtilegur er þessi aðili enda tilgangur tístanna að vera fyndin og áhugaverð. Hér er boðið upp á pólitíska háðsádeilu, athyglisverðar staðreyndir, myndir og kaldhæðnislega nálgun á viðburði og íþróttir.

BLOGGARINN HLAUPARI SEM BERST FYRIR MANNRÉTTINDUM

Ultra Runner Girl
http://ultrarunnergirl.com



Stephanie Case er mannréttindaráðgjafi hjá Sameinuðu þjóðunum og tekur hlaupaskóna allt af með sér þegar hún ferðast vegna vinnunnar.

Hún hefur æft eða keppt í hlaupi í Víetnam, Nepal, Ástralíu, Kína, Afganistan, Kirgisistan, Ekvador, Eþíópíu og Malasíu, ólíkt flestum öðrum hlaupurum.

Á bloggi sínu heldur hún dagbók yfir ferðir sínar og hlaup og er geysilega gaman að fylgjast með því til hvaða lands hún ferðast næst. Bloggið hennar er ekki síður athyglisvert fyrir þá sem láta sér annt um mannréttindi því hún leyfir lesendum að skyggnast inn í starf sitt og kynnast ólíkum menningarheimum.

ÚTSALAN HAFIN

Verð að komast á útsöluna í Soho

50-70% afsláttur af fatnaði

50% afsláttur af skarti klútum og töskum

10-20% afsláttur af standard bolum og toppum

Aðhalds-fatnaður 2.000 kr.

SOHO MARKET
Grensásvegi 8 - Sími 553 7300
Opið mánudaga – fimmtudaga 12–18
föstudaga 12–19 og laugardaga 12–17
SOHO/MARKET Á FACEBOOK

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **9-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARARTÆKI

TILVALIÐ FYRIR JEPPAM
Upphækkað VIKING 1906 epic. Árgerð 2004 Verð aðeins 550.000.- Rnr.192322.

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið á laugardögum 12-16
www.bilabankinn.is

M.BENZ C 350 4MATIC AMG. Árgerð 2008, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.einn eigandi, umboðsbíll Verð 5.990.000. Rnr.430706

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

Honda CR-V Executive 6/2012 ekinn 54. Þ. km., 4 cyl., 150 hö., sjálfskiptur, leðuráklæði, glerþak,heilsársdekk, þjónustubók. Verð 5,2 millj. S. 8958956 og 4312622

Bílasalan Bílás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

Camp Let Classic tjaldvagn árg 2013 með áföstu fortjaldi Og eldhúseiningu tjaldað aðeins tvisvar eins og nýr Lettur og þægilegur vagn Verð 1090 þús raðn. 121926

Ferðavagnamarkaður
Skútuvogur 6, 104 Reykjavík
Sími: 445 3367
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is



Yamaha Fazer 1000 árg 2007 ek 40 þús km. Ásett verð 1300 þús Rnr 125292 gsm 7836365

hjól.is
Sími: 577 4565
Erum með yfir 100 tæki á staðnum.....Kíktu í heimsókn!!!
www.hjol.is

NÝR BÍLL.
HYUNDAI I20 Classic. Árgerð 2014, bensín, 5 gírar. Verð aðeins 2.090.000.- Eru á staðnum. Rnr.156271.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

Jeep Grand Cherokee Limited, árg 12/2011, ek 42 Þ.KM, bensín 290hö, sjálfsk, Vel búinn og lítur mjög vel út, Ásett verð 6.990.000. Rnr.151303. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00, lokað lau
www.100bilar.is

Bílar til sölu

KAUPUM ALLA BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

Dekurbíll- Hyundai Getz árg.'08, 5 gíra. Aðeins ek. 48 þ. Km. Lítur mjög vel út. Álfelgur og vetrard. á felgum fylgja. Einn eig.V. 1155 þ. Uppl. í S. 695 3521

Volvo S60 2.5 bensin. 11/2008 árg. ek. 90.000. Verð 2.250.000. Uppls. 7774314.

Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

Til sölu Mazda 5 Sport, árg.2008, ssk, ek. 80þ., krókur, filmur, 7 manna. Verð 2.650 þ. Ath skipti. Uppæ. í S. 661 6000.

SELST VEGNA FLUTNINGA
Glæsilegt eintak af BMW 320d Touring. Dísil. Ssk. 164hö. E91 árg.2006. Ek. 144 þ.km. Verð aðeins 1.890 þ. Eyðsla að 5l/100. Nálægðarskynjarar. Bluetooth. Filmur. Raf í sætum. Digital miðstöð. Ný smurður, nýskoðaður. Engar rispur. Dekurbíll í toppstandi sem hefur fengið 100% viðhald og þjónustu. Hafið samband strax ef þið hafið áhuga því hann fer hratt á þessu verði. Uppl. í S: 864-1806 milli 9 og 17.

500-999 þús.

FLOTUR DISEL PAJERO -TILBOÐ 550 PÚS
MMC PAJERO 4X4 2800 TURBO DIESEL 7MANNA, 33" breyttur, árg 98 sjálfskiptur, ek.260 þús, smurbók, dráttarkrókur, xenon, kastaragrind ofl mjög flott eintak! verð 690 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

Bílar óskast

STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 PÚS!
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með þening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Fornbílar

Til sölu Ford Thunderbird 390 árgerð ,66 rauður að lit. Uppl. í S. 894 3765.

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar

Tveir Benz Sprinter til sölu. Góðir í húsbíla. Upplýsingar í síma 894 3765.

Hjólhýsi

Til sölu TEK TRAVEL KING hjólhýsi árg.'11, fullbúið m. Alde hitakerfi og glænýtt fortjald. V.3.900.000. Uppl. í S. 618 0069, Hörður.

Fellihýsi

Hjólbarðar

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla óskar eftir bílskúr til leigu. s: 896 8568.

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR
Alhliða málningarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Frí verkskoðun og verðtilboð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

til sölu

fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Sérhæð/sérbýli óskast!

Höfum mjög traustan kaupanda að 120 til 150 fermetra sérhæð eða sérbýli í Þingholtunum eða í gamla Vesturbænum, t.d. Hávallagötu, Stýrimannastíg og víðar.

Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.

Nánari upplýsingar veitir
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali.

Húsaviðhald

TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI
Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

Spáði í beinni í Sunnudagsmorgnum hjá Sirrý fyrir tveimur árum. Uppl. í S. 690 8160

SPÁSÍMI 908-6116
Ástir, fjármál & heilsa.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

ÓÐÝR HEIMILSTÆKI
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

ÓÐÝR HEIMILISTÆKI
Ísskápar, þvottavélar, örbylgjuofnar og fleira. Óska eftir bílskúr til leigu. Uppl. í s. 8968568.

VINNUSKÚR
Til sölu, vandaður 20 fm vinnuskúr með tengingum f. hitaveitu og rafmagn. Tilboð óskast í s. 897-1644

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

HAFNARFJÖRÐUR
Karlmaður á miðjum aldri óskar eftir 2-3 herbergja íbúð, er með eitt barn og tryggar tekjur. Greiðslugeta 130-150þús. uppl. s.898-4344,

Húsnæði í boði

TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

Glæsileg íbúð í 101 fullbúin húsgögnum til skammtíma leigu. Uppl. í S. 777 0122.

Sumarbústaðir

EIGNALÓÐIR
Til sölu fallegar sumarhúsalóðir í Grímsnesi. Frábært útsýni. Ekið út af Kiðjabergsvegi gegnt Hraunborgum. Stærð frá 0,7 ha til 1,6 ha. Heitt og kalt vatn að lóðarmörkum. Margvísleg afþreying í næsta nágrenni. Uppl. í s. 8673569

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

Bílskúr

Óska eftir bílskúr eða atvinnuhúsnæði til leigu. Uppl. í s. 8968568.

ATVINNA

Atvinna í boði

ARCTIC PRIME FISHERIES
óskar eftir að ráða yfirvélstjóra og 1.vélstjóra á ísfisktogara, skipið er með 16 91 Kw vél og er gerður út frá Grænlandi.
Upplýsingar og ferilskrá sendast á Arnar ar@apf.gl, 897-4838

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is

Óskum eftir starfsmanni með reynslu í smáviðgerðum. Fjölbreytt starfs og góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir sendist á solning@solning.is

BÍLSTJÓRI ÓSKAST!
Bílstjóri með rútupróf óskast. Sími 894-2901 / Kjartan.

Vana menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Umsóknir sendist á solning@solning.is

skemmtanir

Fréttablaðið er fáanlegt alls staðar!

- Fréttablaðið er fáanlegt á sölustöðum víða um land, í stórmörkuðum, sjoppum og á bensínstöðvum.

- Blað dagsins er alltaf aðgengilegt í rafrænni útgáfu á **visir.is**. Einnig er hægt að sækja Fréttablaðsappið í App Store, Google Play eða Windows Marketplace. Með appinu geta snjallsíma- og spjaldtölvunotendur lesið Fréttablaðið á hverjum morgni.

- Þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur af að missa af þínu daglega blaði þegar þú leggur af stað í sumarfríið. Fréttablaðið er aðgengilegt alltaf og alls staðar.

App sem þú þarft!
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Sláðu inn **Fréttablaðið** í App Store, Google Play eða Windows Marketplace og náðu í appið.

Allt sem þú þarft ...

JANÚAR

KL. 21:05
Another Happy Day
Gamanmynd með Demi Moore, Thomas Haden Church, Kate Bosworth og Ellen Barkin í aðalhlutverkum.

Skemmtilegt föstudagskvöld

KL. 20:00
Mike And Molly
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.

KL. 20:20
NCIS: Los Angeles
Spennuþáttaröð með Chris O´Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.

KL. 22:00
Wolverine
Hörkuspennandi mynd með Hugh Jackman í aðalhlutverki.

KL. 20:10
Spurningabomban
Logi Bergmann stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.

Krakkastöðin **KL. 07:00-20:30**
Barnaefni alla daga
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

KL. 22:30
Sons Of Anarchy
Adrenalínhlaðin þáttaröð með dramatískum undirtón og svörtum húmor.

Fáðu þér áskrift! 365.is

SUDOKU

LÉTT

							7	
5	7			2				3
	1			5				
	9		8			5	4	2
4					9	6		
3	8	5	6			1		
		4	9	6		2		
1	5		2					
2		9		1	5			

MIÐLUNGS

9		1						3
3				1	6		4	7
	7	8			9		5	1
	3				5		6	8
2			3				1	
		9		4	2			
			4		1			2
		2	7					
	1		9				7	

PUNG

		5		4				
				2	7	4		9
				3				2
		1		6			2	
6	8						3	1
		4	5				9	
	4			5				
1					9		7	
8		9			2	1		

9	8	3	2	1	7	5	6	4
2	4	5	8	9	6	7	1	3
6	1	7	3	4	5	8	9	2
8	3	1	4	5	9	2	7	6
5	7	9	6	3	2	1	4	8
4	6	2	1	7	8	9	3	5
1	9	6	5	2	4	3	8	7
3	2	4	7	8	1	6	5	9
7	5	8	9	6	3	4	2	1

5	2	7	9	3	4	1	6	8
9	1	3	8	5	6	7	2	4
4	6	8	7	1	2	9	3	5
1	9	6	2	4	3	8	5	7
2	7	5	1	6	8	3	4	9
3	8	4	5	9	7	2	1	6
7	4	2	3	8	5	6	9	1
6	3	9	4	7	1	5	8	2
8	5	1	6	2	9	4	7	3

6	7	8	4	1	5	2	3	9
9	1	2	6	7	3	4	5	8
3	5	4	2	8	9	6	7	1
4	6	9	3	2	1	7	8	5
2	3	5	8	4	7	1	9	6
1	8	7	5	9	6	3	2	4
7	2	1	9	6	8	5	4	3
5	9	6	7	3	4	8	1	2
8	4	3	1	5	2	9	6	7

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

GELGJAN Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes

BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

Beindu andlitinu að sólinni, þá sérðu aldrei skuggann.

Helen Keller



KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. plat, **6.** átt, **8.** drulla, **9.** ækslunarkorn, **11.** óreiða, **12.** aðfall, **14.** glingur, **16.** drykkur, **17.** orlof, **18.** tunna, **20.** til, **21.** horfðu.

LÓÐRÉTT
1. nýja, **3.** frá, **4.** þegn, **5.** steinbogi, **7.** hagnaður, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** ófrægja, **16.** blekking, **19.** ólæti.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. gabb, **6.** na, **8.** for, **9.** gró, **11.** rú, **12.** aðsog, **14.** skran, **16.** te, **17.** frí, **18.** ámа, **20.** að, **21.** litu.
LÓÐRÉTT: 1. unga, **3.** af, **4.** borgara, **5.** brú, **7.** arðsemi, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** níða, **16.** tál, **19.** at.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Jón Trausti Harðarson (2045) átti leik gegn FIDE-meistaranum Mark Lyell (2260) á alþjóðlegu móti í Andorra.

Svartur á leik

59...d1B! Ekki má vekja upp drottningu eða hrók vegna patts. 59...d1R hefði líka unnið. Jón Trausti vann skákina skömmu síðar. Vel hefur gengið hjá íslensku skákmönnunum þremur í Andorra.
www.skak.is Vika í Ólympíuskákmótið.

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

BEINT Á GRILLIÐ

159 kr. stk.
Pepsi, 2 lítrar

Hámark 12 x 2 lítrar á mann meðan birgðir endast!

25% afsláttur

2998 kr. kg

Verð áður ~~3998~~ kr. kg
Danskt ungnautafille kryddað með pipar

798 kr. pk.
Grillborgarar með brauði, 4 stk.

GRÍSAKÓTILETTUR – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, kryddað, marinerað með kolagrillkryddi, New York, ítalskri marineringu eða hvítlauk & rósmarín!

1198 kr. kg
Verð áður ~~1349~~ kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín

989 kr. kg
Grísakótilettur kryddaðar eða ókryddaðar

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

MENNING

Funi verður á ferð og flugi í allt sumar

Tvíeykið Funi, Bára Grímsdóttir og Chris Foster, kemur fram á næstu stofutónleikum Gljúfrasteins.

Við ætlum að spila á hljóðfæri sem fólk heyrir ekki oft í, langspil, íslenska fiðlu, finnskt hljóðfæri sem heitir kantele og svo auðvitað gítar," segir Bára Grímsdóttir spurð hvaða tónlist þau Chris Foster ætli að flytja á tónleikunum á Gljúfrasteini á sunnudaginn. „Þetta verður blandað prógramm, lög af diskunum okkar tveimur, Funa og Flúri, og líka annað efni, meðal annars vísur eftir föður minn, fallega vetrarlýsingu um Vatnsdalinn."

Bára og Chris hafa nóg fyrir stafni í sumar, eru að vinna nýtt efni auk þess sem þau munu spila á Hólum í Hjaltadal um verslunarmannahelgina og taka þátt í ráðstefnunni Tradition for Tomorrow á Akureyri seinnihluta ágústmánaðar þar sem þau verða bæði með tónleika og vinnusmiðjur. „Þetta er stærsti viðburður sinnar tegundar á Norðurlöndum," segir Bára. „Það verða þarna söngvarar, tónlistarmenn og dansarar frá öllum Norðurlöndunum."

Auk alls þessa verða þau Bára og Chris með tónleika í Norræna húsinu ásamt norrænu tónlistarfólki þann 19. ágúst. „Þannig að það er nóg að gera en við byrjum sem sagt á Gljúfrasteini á sunnudaginn," klykkir Bára út.

> Við ætlum að spila á hljóðfæri sem fólk heyrir ekki oft í, langspil, íslenska fiðlu og finnska hljóðfærið kantelele.

Stofutónleikarnir á Gljúfrasteini eru haldnir hvern sunnudag frá 1. júní til 31. ágúst og hefjast ávallt klukkan 16. **- fsb**

BÁRA OG CHRIS „Þetta verður blandað prógramm, meðal annars vísur eftir föður minn," segir Bára. MYND/ÚR EINKASAFNI



LISTAFÓLK Brice Sailly, Arnbjörg Stefánsdóttir og Mathurin Matharel mynda Corpo di Strumenti. MYND/ÚR EINKASAFNI

Tónlist sem hreif konungshirðirnar

Tónlistarhópurinn Corpo di Strumenti býður upp á fáheyrða tónlist franskra og ítalskra barokktónskálda í Reykjahlíðarkirkju við Mývatn á laugardagskvöld.

„Ef ég dett út þarftu að hringja aftur því ég er í Borgarfirðinum og þar er svolítið gloppótt samband. En ég er ekki við stýrið svo þú þarft ekki að óttast að ég keyri út af," segir Margrét Bóasdóttir, söngkona og listrænn stjórnandi Sumartónleika við Mývatn. Hún er stolt af dagskránni um helgina sem er ítölsk og frönsk barokktónlist leikin á upprunaleg hljóðfæri. „Þetta er tónlist sem hreif fólkið við konungshirðirnar á sínum tíma og hrífur alla enn þann dag í dag," segir hún glaðlega.

Flytjandi á laugardagskvöld klukkan 21 er tónlistarhópurinn Corpo di Strumenti. Í honum er Íslendingurinn Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, sellóleikari frá Akureyri, og Frakkarnir Mathurin Matharel á bassafiðlu og Brice Sailly á virginal. Auk þess spila Hélène Houzel og Patrick Bismuth á fiðlur. „Það verður gaman að heyra þetta listafólk spila," segir Margrét og kynnir það frekar: „Steinunn Arnbjörg er búsett í Frakklandi og kemur með manninn sinn og vinafólk með sér sem allt er franskt og leikur í hljómsveitum í París, auk þess að fást við kennslu og einleik víða um heim."

Corpo di Strumenti er þekktur tónlistarhópur að sögn Margrétar og hún segir Patrick Bismuth þekktan fyrir að gera allt skemmtilegt. „Hann er fjölhæfur tónlistarmaður og lék meðal annars í hinni þekktu kvikmynd The Intouchables þar sem hann spilaði brot úr Árstíðum Vivaldis," upplýsir hún.

> **Steinunn Arnbjörg er búsett í Frakklandi og kemur með manninn sinn og vinafólk með sér sem allt er franskt.**
>
> *Margrét Bóasdóttir*

Margét segir alltaf vel mætt á sumartónleikana. „Það er margt ferðafólk á svæðinu sem kann vel að meta að fá klukkutíma langa tónleika þegar það er búið að ganga á fjöll, skoða hveri og borða," segir Margrét. **gun@frettabladid.is**

Lokatónleikar Engla og manna

Gunnar Guðbjörnsson tenór og Helga Bryndís Magnúsdóttir orgelleikari halda síðustu tónleika tónlistarhátíðar sumarsins í Strandarkirkju.

Lokatónleikar Tónlistarhátíðarinnar Englar og menn í Strandarkirkju í Selvogi fara fram á morgun og hefjast klukkan 14. Þar koma fram þau Gunnar Guðbjörnsson tenór og Helga Bryndís Magnúsdóttir orgelleikari undir yfirskriftinni „Heyr mig, lát mig lífið finna".

Hluti dagskrár þeirra verður tileinkaður 150 ára fæðingarafmæli Einars Benediktssonar skálds, sem bjó síðustu æviár sín í Herdísarvík í Selvogi. Á dagskránni eru einnig Kirkjulög Jóns Leifs ásamt tónlist eftir Bach og suðurevrópsk tónskáld.

Tónlistarhátíðin Englar og menn hefur staðið yfir á laugardögum í júlímánuði. Markmið hátíðarinnar er að bjóða upp á lifandi og vandaða tónlistarviðburði á hinum sögufræga stað og auðga um leið tónlistarlíf á Suðurlandi. Þema hátíðarinnar er englar og menn, land, trú og saga þar sem íslenska sönglagið ásamt trúarljóðum og klassískum verkum hljómar á um klukkustundarlöngum tónleikum. Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona er listrænn stjórnandi og framkvæmdastjóri hátíðarinnar. **- fsb**

TENÓRINN Gunnar Guðbjörnsson lýkur tónlistarhátíðinni Englar og menn með tónleikum á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síðustu dagarnir!

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ

DORMA
– býður góða nótt

EKKI MISSA AF ÞESSU
SUMARÚTSALA
20-50% AFSLÁTTUR

NATURE'S COMFORT
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 180x200 cm

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
134.900
FULLT VERÐ 164.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

NATURE'S REST
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 100x200 cm

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
52.900
FULLT VERÐ 72.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Fábærar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
179.900
FULLT VERÐ 239.900

FLORIDA
hornsófi
með tungu

ÚTSALA
60.000
KRÓNA AFSL.

Stærð: 320 x 200/150 H: 90 cm.
Slitsterkt Cortina svart áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna. Vinstri tunga á mynd.

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
24.950
FULLT VERÐ 49.900

ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR

MILANO
hægindastóll

Brúnt tauáklæði

AUGUSTA
hægindastóll

Rautt, svart, brúnt, grátt og beige ekta-leður á slitflötum..

DORMA – býður góða nótt
HM TILBOÐ
84.900
FULLT VERÐ 99.900

100% Real LEATHER Top Quality

SIESTA svefnsófi

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
109.900
FULLT VERÐ 139.900

Stærð: 192 x 85 cm. Slitsterkt áklæði – margir litir. Dýnustærð 147x197 cm. Rúmfatageymsla

DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ: 13.230
Fullt verð: 18.900,-

DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ: 3.430
Fullt verð: 4.900,-

DORMA
– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á útsölunni stendur og birgðir endast.

FÖSTUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FÖSTUDAGUR 25. JÚLÍ 2014

Tónleikar

17.00 Perlur íslenskra sönglaga í Hörpu. Á tónleikunum fá áheyrendur að kynnast sígildri íslenskri tónlist. Listrænn stjórnandi tónleikanna er óperusöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson. Miðaverð er 3.900 krónur.

20.00 Opnunartónleikar Reykholtshátíðar. Flutt verða verk eftir tvo af risum 20. aldarinnar, Prokofiev og Sjostakovits. Tónleikarnir enda á píanókvartett lettneska tónskáldsins Peteris Vasks. Miðaverð er 3.000 krónur.

22.00 Eftir komu plötunnar Komdu til mín svarta systir hefur Mammút stimplað sig inn sem ein besta tónleikasveit landsins en í þetta sinn kemur sveitin fram á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er 2.500 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

Sýningar

09.00 Á sýningunni Villt hreindýr á Íslandi í Flóanum í Hörpu er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa.

10.00 Heimþrá, myndlistarsýning Lilju Bjarkar Egilsdóttur verður opnuð í Café Flóru í Grasagarðinum. Á sýningunni vinnur Lilja með rýmið og sýnir málverk og skúlptúra með áherslu á gegnsæi og orku.

14.00 Sýninguna S.I.R.K.U.S. hefur Sirkus Íslands sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Hún er klukkutími og er miðuð við leikskólaaldur. Tjaldið Jökla er nú á Akureyri og er miðaverð 2.500 krónur.

17.00 Sirkus Íslands er staddur með tjaldið Jökla á Akureyri. Heima er best er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands. Miðaverð er 3.000 krónur.

19.00 How to become Icelandic in 60 minutes er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af Bjarna Hauki Þórssyni í Kaldalóni, Hörpu og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni.

21.00 Sirkus Íslands er staddur með tjaldið sitt Jökla á Akureyri. Skinnsemi er kabarettsýning með sirkusívafi þar sem lagt er upp úr fullorðinshúmor og stundum sýnt smá skinn. Miðaverð er 3.500 krónur.

Uppákomur

21.00 Skemmtikvöld Lollu og Steina með bingóívafi. Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson skemmta bæjarbúum í Hljómahöllinni, Reykjanesbæ. Dagskráin samanstendur af uppistandi, upplestri, leikþáttum, tónlist, gríni og glensi. Miðaverð er 2.500 krónur.

Leikrit

20.00 Ræflavík í Tjarnarbíói. Leikritið er byggt á breska verðlaunaleikritinu Punk Rock eftir Simon Stephens og er hér sett upp í staðfærslu og leikgerð Jóns Gunnars og Norðurbandalagsins. Miðaverð er 2.500 krónur.

Uppistand

21.30 Iceland Comedy Festival á Bar 11, Hverfisgötu. Miðaverð er 1.000 krónur.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

FÉKK HUGLJÓMUN Róbert veit hvað honum finnst gott og hverju hann þarf að passa sig á.

Keyrir um í geimnum

Róbert Sveinn Lárusson er betur þekktur sem MC Bjór en hann kemur fram á Húrra í kvöld ásamt rappettunum í Reykjavíkurdætrum og sveitinni Caterpillarmen.

„Sjálfur hef ég verið að gera tónlist síðan 2004 en færði mig yfir í rappið fyrir svona tveimur, þremur árum," segir hinn 25 ára gamli Róbert Sveinn Lárusson sem gengur jafnan undir nafninu MC Bjór. Spurður um listamannsnafnið segir Róbert það hafa komið sem hugljómun eftir langa vinnuvakt.

„Ég var búinn að vera að vinna í 48 tíma og kom síðan heim, settist niður og opnaði mér bjór," segir rapparinn. „Maður veit hvað manni finnst gott og hverju maður þarf að passa sig."

Róbert er ekki óvanur því að koma fram á sviði en hann hefur rappað þó nokkrum sinnum opinberlega sem MC Bjór og einu sinni á Hóteli Valaskjálf á Egilsstöðum, þar sem hann kom fram með pönksveit sem hét Ákavíti. „Ég var nú bara að öskra og spila á gítar," segir hann og hlær.

Róbert er með fjöldann allan af lögum á heimasíðu sinni á Soundcloud en segir plötu vera væntanlega á næstu misserum sem mun bera nafnið Ölæði, en það þykir viðeigandi nafn á plötu með MC Bjór.

Ungi rapparinn blæs til tónlistarveislu á skemmtistaðnum Húrra í kvöld en tónleikarnir eru í tilefni nýs tónlistarmyndbands sem verður frumsýnt á tónleikunum við lagið Hrísgrjón.

„Það rappa tveir með mér í laginu, BRR og Bjarki B-Nice," segir Róbert. „Við erum bara að rölta um, að keyra í geimnum og svona hversdagslegt," segir hann en í myndbandinu bregður fyrir belju úr Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Ásamt Róbert koma fram á tónleikunum rappetturnar í Reykjavíkurdætrum og proggsveitin Caterpillarmen en Róbert hefur nokkrum sinnum komið fram með Reykjavíkurdætrum „Mér finnst þær mjög skemmtilegar sem manneskjur og tónlistarmenn," segir Róbert. „Ég hef gaman af góðu rappi og þær vildu vera með."

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og verður enginn aðgangseyrir. - bþ

Tekur gítarsóló á sellóið

Robert the Roommate er skemmtileg hljómsveit með örlítið óhefðbundna hljóðfæraskipan en sveitin kemur fram á Café Rosenberg í kvöld.

„Þetta er þjóðlagapopp í anda sjöunda og áttunda áratugarins," segir Rósa Guðrún Sveinsdóttir, söngkona Robert the Roommate, en sveitin kemur fram á Café Rosenberg í kvöld.

„Þetta er mjög „acoustic", við erum ekki með trommusett og engan bassa," segir hún. „Við erum með slagverk og selló þannig að þetta er pínu óvenjuleg hljóðfæraskipan."

Sveitin hóf störf vorið 2010 og er þekkt fyrir að spila sína útgáfu af helstu slögurum sjöunda áratugarins en sveitin gaf einnig frá sér sína fyrstu plötu með eigin efni í fyrra sem ber nafnið Robert the Roommate.

Hins vegar verða tónleikarnir í kvöld fyrstu tónleikar sveitarinnar sem hafa eiginlegt þema. „Við höfum verið að halda tónleika með blandi af mismunandi efni," segir Rósa. „En í kvöld munum við bara flytja efni eftir okkur sjálf og Led Zeppelin."

Hljómsveitin hefur mest verið að spila efni eftir tónlistarmenn á borð við Bob Dylan, Neil Young, Nick Cave og fleiri frá þessu tímabili en Rósa segir sveitina ekki breyta lögunum neitt þrátt fyrir óhefðbundna hljóðfæraskipan. „Það kemur náttúrulega aðeins öðruvísi hljómur," segir hún. „Þórdís tekur einhverjar gítarlínur og riff á sellóið."

Sveitin sendi frá sér sitt fyrsta tónlistarmyndband í gær við lagið I Will Touch You When You Fall en hver veit nema hægt verði að heyra lagið á tónleikunum í kvöld sem fara fram á Café Rosenberg og hefjast klukkan 22.00. - bþ

ÖÐRUVÍSI HLJÓMUR Sveitin er þekkt fyrir að spila gamla slagara á sinn hátt.

YAMAHA

125 YEARS
OF PASSION &
PERFORMANCE

YAMAHA GRÆJU DAGAR

24. júlí. – 9. ágúst. verða Yamaha græju dagar.
Magnarar, geislaspilarar, samstæður, heyrnartól, bassar, soundbar og allar hinar græjurnar á frábærum tilboðsverðum.
Takmarkað magn.
Fyrstur kemur fyrstur fær!

ALLT AÐ 100.000 KR. AFSLÁTTUR!

Powered by music

Sjónvarpsmiðstöðin

YAMAHA

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LÍFIÐ

Sítt ljóst hár er málið

Það hefur borið á því undanfarið meðal stórra hljómsveita á Íslandi að svokallaðir frontmenn beri sítt, ljóst hár og skegg. Margir hafa eflaust velt því fyrir hver fyrirmyndin sé, en tískugúrúar hafa lýst yfir misjöfnum skoðunum á stílnum. Ef til vill má rekja hann til bogamannsins Legolas úr Lord of the Rings-myndunum?

HÁRPRÚÐUR HÖGNI Högni er þekktur fyrir ljósu lokkana.

SEIÐANDI SÖNGVARI Eyþór Ingi sveiflar gjarnan hárinu á sviði.

SÍÐHÆRÐUR OG SEXÍ Teitur Magnússon syngur sólskinsreggí í Ojba Rasta.

SAKLAUS OG SÍÐHÆRÐUR Bogamaðurinn Legolas úr Lord of the Rings.

TÍST VIKUNNAR

Steiney Skúladóttir
@steiney_skula
21. júlí
Druslugangan er komin á Twitter!! @druslugangan

Kristbjörg Jónasdóttir
@KrisJ_fitness
21. júlí
Bottom Lines class finished tonight! Loads of sweat and 741 kcal burned.

Bergur Ebbi
@BergurEbbi
24. júlí
Af hverju er ekki til staður sem býður upp á grillmat (lamba- og svínakótilettur) með flötu köldu kóki, salati og baked, allt árið um kring?



Atli Fannar Bjarkason
@atlifannar
23. júlí
Hver fékk nálgunarbann á sólina? Við vitum af henni bak við skýin og þegar hún kemur hverfur hún þegar maður ætlar að gera e-ð í því. #lægðin



Oliver Sigurjónsson
@OSigurjonsson
23. júlí
Skrifaði undir samning hjá Breiðabliki í dag. Mjög sáttur að fá að klæðast grænu treyjunni aftur. #blikar

Halldór Halldórsson
@DNADORI 23. júlí
Sé að RÚV fagnar 60 ára afmæli Frikka Þór með viðhöfn. Guðný Halldórsdóttir móðir mín er líka 60 á árinu og býður við símann.

Björn Bragi
@bjornbragi 23. júlí
Gunnar Nelson og Aníta Hinriks þurfa að búa til ofurbarn saman. #HinrikNelson



EUROVISIONFARAR Pollapönkararnir kunna svo sannarlega að ná upp stuðinu hvar sem þeir koma fram.

EMILÍANA Tekur þátt í Bræðslunni í ár.

BRJÁLÆÐISLEG BRÆÐSLA

Mikil hátíðarhöld fara fram á Borgarfirði eystra um helgina þegar að Bræðslan fer þar fram í tíunda skiptið. Bræðslustjórinn Magni Ásgeirsson er miklu meira en spenntur.

„Þetta byrjaði á þriðjudagskvöldið og hefur verið geggjuð vika, svo hefur veðrið verið alveg frábært í allt sumar hér fyrir austan," segir Magni Ásgeirsson bræðslustjóri en tónlistarhátíðin Bræðslan fer fram um helgina, þótt hátíðin hafi í raun hafist síðastliðinn þriðjudag. „Formlega Bræðslukvöldið er á laugardagskvöld en það hafa verið tónleikar hérna öll kvöld síðan á þriðjudag. Áhöfnin á Húna kemur fram í kvöld en við getum samt eiginlega ekki kallað hljómsveitina Áhöfnina á Húna í kvöld," segir Magni. Ástæðan fyrir því að Áhöfnin á Húna heitir Big band Fjarðarborgar er sú að Lára Rúnarsdóttir, söngkona og hljómborðsleikari sveitarinnar, þurfti að boða forföll vegna barnsburðar. „Hún er bara nýbúin að eiga lítinn strák en við höfum nú þegar bókað hana á Bræðsluna á næsta ári," segir Magni. Eiginmaður Láru, Arnar Þór Gíslason trommuleikari, mætir þó á svæðið en hann spilar þó stórt hlutverk á Bræðslunni. „Addi er að spila með Áhöfninni, nei ég meina Big bandinu, og svo er hann líka að spila með Pollapönki."

Pollapönk kemur einnig fram á tónleikum á fótboltavellinum á laugardeginum. „Pollarnir spila snemma á laugardag til að þreyta börnin, svo að foreldrarnir geti svæft þreytt ungviðið og mætt á Bræðsluna um kvöldið," segir Magni og hlær.

Á laugardagskvöldið koma fram Drangar, Emilíana Torrini, Mammút og SúEllen. „Það verður mikil stemning hérna enda varð uppselt á fjörutíu mínútum, ég get ekki beðið ég er svo spenntur," segir Magni sem er miklu meira en spenntur yfir Bræðslunni í ár.

> **Formlega Bræðslukvöldið er á laugardagskvöld en það hafa verið tónleikar hérna öll kvöld síðan á þriðjudag.**
>
> *Magni Ásgeirsson bræðslustjóri*

gunnarleo@frettabladid.is



BRÆÐSLUSTJÓRINN Rokkarinn Magni Ásgeirsson stýrir Bræðslunni.

Stelpur liggja undir drusludómnum

Spurning vikunnar verður að fá að koma í formi pistils því hugur minn liggur hjá druslum þessa lands. Stelpum leyfist ekki enn að njóta frjálsra ásta því þær liggja undir drusludómnum. Til hans telst einnig fas, húðflúr á ákveðnum stöðum, drykkja og klæðaburður. Það er í raun bara tímaspursmál hvenær þær „lenda" í að „láta" nauðga sér. Druslugangan fer fram um helgina, fjórða árið í röð, og því tileinka ég þennan pistil öllum þeim sem hafa verið kallaðar druslur, kallað aðrar konur og stúlkur druslur, réttlætt nauðgun, upplifað nauðgun og nauðgað sjálfir eða ekki vitað hvað það þýðir að nauðga.

Orðið drusla, að vera drusla, er stimpill sem konur og karlar nota yfir stúlkur (og stundum stráka) sem þykja heldur „lausgyrtar" eða of „auðveldar". Með öðrum orðum, þær stunda of mikið kynlíf eða kynlíf sem hentar ekki öðrum sem ákveða að kalla þær druslur. Auðvitað má svo ýmislegt yfir druslur ganga og þær beinlínis auglýsa þennan drusluhátt með ósmekklegum klæðnaði sem er beint til þess fallinn að fá blóðið til að streyma rakleitt til kynfæranna. Gvuðhjálpiokkuröllum og forði óflekkuðum sálum frá þessum druslum. Þær brjóta, bramla og skemma hjörtu hreinna manna og hvað skal til bragðs taka? Brjóta á þeim, þagga niður í þeim, benda þeim á að klæða sig öðruvísi og hætta að ríða svona úti um allt. Best að þagga niður í þeim með einni almennilegri nauðgun. Eða var það ekki annars markmiðið þitt með þessari nauðgun? Voru ekki skilaboð til mín og samfélagsins í heildinni með þessu öllu saman? Ó, varstu bara graður? Eða var það ekki einu sinni það. Þú bara vildir og ætlaðir að koma þínu fram. Þið voruð komin upp í rúm og að kela, það er hið ósagða samþykki, er það ekki? Ástæðurnar fara í einn hrærigraut og skipta engu máli því rétturinn er þinn. Hún á þetta skilið, þú mátt þetta. Eða kannski varstu bara fullur. Það auðvitað afsakar allt. Greyið, fer svo illa í hann að blanda sterku ofan í létt. Og hann var orðinn svo graður og þú svo mikil daðurdrós. Þó að það hafi verið erfitt að ná honum upp með allt þetta áfengi í blóðinu og þú þurftir beinlínis að halda við hann er honum var troðið inn. Er þetta óþægileg lesning? Stingur hún smá? Það er ágætt því málefnið er þannig.

Það stingur að vera kölluð drusla. Það stingur líka að vera nauðgað. Nauðgun er aldrei réttlætanleg. Ekki undir neinum kringumstæðum. Það eru ekki til afsakanir, hvað þá ástæður. Þú þarft að fá og gefa samþykki en það má líka alltaf draga samþykki til baka. Ekki ríða með lokuð augu og eyru, ef þú getur ekki talað við bólfélagann þinn og spurt einfaldra spurninga þá leyfi ég mér að segja að þú sért ekki hæf/-ur til að stunda kynlíf með annarri manneskju. „Finnst þér þetta gott?", „er allt í lagi?" „mmm, þetta er ótrúlega gott", „já haltu áfram", „mmmmm", „ahhhhh". Þetta er ekki flókið. Sjáumst á laugardaginn.

KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

FERSKUR HUMAR

(föstudag og laugardag)

TILBOÐ
AÐEINS Í 2 DAGA

3.500

HUMARSÚPA

1.290 Líter

Verð áður 1.690

HUMAR

Stærð 30/40

1.990 kr./kg

Verð áður 3.600

OPIÐ LAUGARDAG 10 - 15

FISKIKÓNGURINN
HÖFÐABAKKA 1
v/Gullinbrú
SÍMI 555 2800

FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

www.fiskikongurinn.is

GÓÐA HUMARHELGI

Finndu Fiskikónginn á

Þú keyrðir á Bjössa bollu!

BAKÞANKAR Kolbeins Tuma Daðasonar

Hornstrandarferð tók óvænta stefnu í Reykjanesi þar sem Sigga Hagalín sagði alla vera á leiðinni á Ögurballið. Hún hefur sín sambönd. Sem betur fer gat Siggi Ó. troðið mér í rib-safaribátinn sinn á Ísafirði þótt í fyrstu hafi Bent ætlað að hafa af mér sætið.

EINKADÓTTIR Salvars í Vigur fékk að fljóta með úr Vigur í Ögur þar sem Þórunn og Halli fóru á kostum. Þar stundar fólkið böllin af lífi og sál. Vá, hvað rabarbaragrauturinn hitti í mark. Honum þurfti ég reyndar að skila í Djúpið á bakaleiðinni á meðan fallegi smiðurinn söng Bonnie Tyler-smelli. Hákon Hermanns kaupfélagsstjóri skellti sér svo til sunds áður en bát lagði að landi og sofið var úr sér í Hnífsdal.

HRÓLFUR Vagns og Hemmi Smelt sáu um að ferja okkur út í Lónafjörð. Dóri vitavörður færði gestrisni á hærra stig í Hornbjargsvita þar sem vertinn Ketill leyfði vöfflujárninu aldrei að kólna. Atli Rómeó veiddi í sushi og Hlédís Sveins og Sigrún Ósk bökuðu brauð ofan í mannskapinn. Villi verðlaunaljósmyndari sá um leiðsögn á daginn fyrir Lóu lofthræddu og Einar Zoo spilaði á gítar á kvöldin.

SOSSA Vagns hristi hausinn við bryggjuna í Bolungarvík við heimkomu. Þar hafði Andri Ólafs læst lyklana að bílnum í skottinu. Davíð Barða brást strax við. Traustur vinur sem getur gert kraftaverk. Djöfull sló Benni Sig svo í gegn á Vaxon um kvöldið áður en Hugrún Halldórs dró liðið í nætursund. Í pottinum virtist ég skilja sjálfan mig. Heyrðist úr fjarska segja mér, því ekki að dvelja lengur hér?

GUNNAR Hallsson hristi hausinn morguninn eftir þegar ég greiddi næturgjaldið skömmustulegur á svip. Á leiðinni út í bíl, með stefnuna setta á Reykjavík, labbaði ég svo næstum því á Nigel Quashie. Ótrúlegt hvað hann nennir alltaf að hanga á Ísafirði.

KÁTIR KRAKKAR Mikil aðsókn er í vinnuskóla Codlands í Grindavík sem eflir áhuga unglinga á sjávarútvegi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Tuttugu unglingum stefnt út á haf

Codland er vinnuskóli staðsettur í Grindavík sem sérhæfir sig í að kynna greinar sjávarútvegsins fyrir unglingum. Mikill áhugi er fyrir skólanum og aðsókn góð.

„Markmiðið með skólanum er að efla áhuga ungs fólks á sjávarútveginum," segir Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codland sem starfrækir Codland-vinnuskólann í samstarfi við Grindavíkurbæ. Um er að ræða engan venjulegan vinnuskóla þar sem unglingar reyta arfa og sópa gangstéttir, heldur fá ungmenni Codland-vinnuskólans að kynna sér störf innan sjávarútvegsgeirans en fá þó laun líkt og þau væru í hefðbundnum vinnuskóla.

ERLA ÓSK PÉTURSDÓTTIR

Unglingarnir fá að fara um borð í skip, í vinnslu, sjá fullvinnslu aukaafurða og fræðast um sjávartengdar rannsóknir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.

„Við fáum þau einnig til þess að koma með hugmyndir, því hugmyndir hafa komið fram um að þróa sjávarútvegsapp og okkur langar til að vita hvað þeim finnst spennandi við sjávarútveginn. Það er gott að fá ferskar hugmyndir frá unglingunum. Það er auðvitað hagur sjávarútvegsins að ungt fólk vilji vinna innan geirans."

Upphaflega hugmyndin að skólanum kom frá Íslenska sjávarklasanum, sem er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi á Íslandi. „Grindavíkurbær sýndi þessu strax mikinn áhuga og nú erum við að fara af stað með skólann í annað sinn," segir Erla Ósk.

Um tuttugu krakkar taka þátt en færri komast að en vilja og segir Erla Ósk alla þá unglinga sem tóku þátt í fyrra hafa verið mjög ánægða og finnur hún fyrir mikilli spennu á meðal ungmenna í ár.

„Þau voru mjög spennt yfir þessu en það hafa auðvitað ekki allir áhuga á veiðum og að vera úti á sjó, því áhugi þeirra er misjafn eins og þau eru mörg. Við erum þess vegna að sýna krökkunum að það sé mikilli fjöldi starfa og greina innan sjávarútvegsins; þau geti farið í tölvunarfræði eða líffræði og samt starfað við sjávarútveg og að sjávarútvegurinn þurfi fólk með mismunandi bakgrunn," útskýrir Erla Ósk.

GAMAN Í VINNUNNI

Fyrirhugað var að hefja skólastarfið í dag en það þurfti að fresta því. „Við sáum að meira en helmingur þátttakenda er að keppa á Rey Cup og þess vegna var ekki annað hægt en að seinka þessu fram yfir helgi. Það er líka svo mikið af flottu knattspyrnufólki hérna í Grindavík," segir Erla Ósk og hlær.

gunnarleo@frettabladid.is

SMÁRA BÍÓ — HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ			HÁSKÓLA BÍÓ		
SEX TAPE	KL. 5.45 - 8 - 10.10	12	SEX TAPE	KL. 5.40 - 8 - 10.10	12
SEX TAPE LÚXUS	KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10	12	DAWN ...PLANET OF THE APES 3D	KL. 6 - 9	14
DAWN ...PLANET OF THE APES 3D	KL. 5 - 8 - 10.45	14	THE PURGE: ANARCHY	KL. 10.40	16
THE PURGE: ANARCHY	KL. 8 - 10.20	16	DELIVER US FROM EVIL	KL. 10.40	16
DELIVER US FROM EVIL	KL. 8	16	AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL. TAL 2D	KL. 5.45	L
EARTH TO ECHO	KL. 3.20	L	FAULT IN OUR STARS	KL. 8	12
AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL. TAL 2D	KL. 3.30 - 5.45	L	VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI	KL. 5.20	14
AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL. TAL 3D	KL. 3.30	L	VONARSTRÆTI	KL. 8	14
22 JUMP STREET	KL. 10.40	12			
VONARSTRÆTI	KL. 5.20	14			

5% afsláttur — Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN — Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði — NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ — midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — PÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
SEX TAPE	5:50, 8, 10:10	14
HERCULES	8, 10:10(P)	12
PLANET OF THE APES 3D	7:30, 10:10	14
TEMJA DREKANN SINN 2D	5	L
TÖFRALANDIÐ OZ 2D	4	L
22 JUMP STREET	5	12

5% — Sími: 553-2075 — www.laugarasbio.is

SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HERCULES	KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	12
HERCULES VIP	KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	VIP
SEX TAPE	KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	14
CHEF	KL. 8 - 10:30	12
TAMMY	KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	12
TARZAN ÍSL.TAL 2D	KL. 3:40 - 5:50	7
SABOTAGE	KL. 10:20	16
MALEFICENT 2D	KL. 3:40 - 5:50	10

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

HERCULES	KL. 10:20	12
SEX TAPE	KL. 8	14
CHEF	KL. 8	12
DAWN OF THE PLANET OF THE APES 3D	KL. 10:10	12
TARZAN ÍSL.TAL 2D	KL. 5:50	L
AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL.TAL 2D	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

HERCULES	KL. 5:40 - 8 - 10:20	12
DAWN OF THE PLANET OF THE APES 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40	12
TAMMY	KL. 5:50 - 8 - 10:30	12
TARZAN ÍSL.TAL 2D	KL. 5	7
TRANSFORMERS 4 2D	KL. 7 - 10:10	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

HERCULES	KL. 5:50 - 8 - 10:10	12
CHEF	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
TRANSFORMERS 4 3D	KL. 5:50 - 9:10	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI

HERCULES	KL. 5:50 - 8 - 10:10	12
CHEF	KL. 10:10	12
TAMMY	KL. 8	12
TARZAN ÍSL.TAL 2D	KL. 5:50	7

SPARBÍÓ — MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR. 750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

BÍÓ PARADÍS — EUROPA CINEMAS



SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Verslun okkar að Tangarhöfða 2 er opin á laugardögum frá kl. 10-14 á meðan verslunin í Skeifunni er lokuð

Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

Birgir Leifur byrjar vel

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson er í forystu eftir fyrsta keppnisdag á Íslandsmeistaramótinu í höggleik sem fór af stað á Leirdalsvelli GKG-manna í gær. Birgir fór hringinn í gær á fimm höggum undir pari. Hann var á pari þegar sex holur voru eftir en fékk þá einn örn og þrjá fugla.

Birgir Leifur er ríkjandi meistari og hefur unnið Íslandsmótið fimm sinnum. Hann sækir að sjötta titlinum til að jafna við þá Björgvin Þorsteinsson og Úlfar Jónsson.

Gísli Sveinbergsson, 16 ára strákur úr GK, er í öðru sæti á þremur höggum undir pari, en hann var 5 höggum undir fyrir 18. holu þar sem hann fékk tvöfaldan skolla.

Í kvennaflokki eru Valdís Þóra Jónsdóttir, GL, og Ragnhildur Kristinsdóttir, GR, efstar og jafnar eftir fyrsta hring á fjórum höggum yfir pari.

Hilmar Örn komst í úrslit

FRJÁLSAR Hilmar Örn Jónsson, sleggjukastari úr ÍR, komst í úrslit á heimsmeistaramóti ungmenna í frjálsum 19 ára og yngri sem nú stendur yfir í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum.

Hilmar þurfti að kasta 74,50 metra til að komast í úrslitin, en hann gerði ógilt í fyrsta kasti. Hann lét það þó ekki á sig fá heldur þrumaði sleggjunni 76,03 metra í öðru kasti, sem er hans næstbesti árangur með 6 kg sleggju. Best á hann 76,51 metra sem hann náði fyrr á þessu ári.

Norðlensku spretthlaupararnir Kolbeinn Höður Gunnarsson og Jóhann Björn Sigurbjörnsson eru úr leik í 200 metra hlaupi, en þeir kepptu í gær.

Kolbeinn Höður keppti í fjórða riðli og varð þriðji í sínu hlaupi. Hann var á eftir Kúbumanninum Yaniel Carrero þegar 50 metrar voru eftir, en átti góðan endasprett og tryggði sér þriðja sætið á 21,44 sekúndum.

Jóhann Björn keppti í áttunda riðli af níu og hafnaði í fimmta sæti, en hann hljóp á 21,59 sekúndum og var 1/100 á eftir Sambíumanninum Brian Kasinda.

Efstu tveir í hverjum riðli komust áfram í undanúrslitin ásamt sex bestu tímunum og voru þeir ekki þar á meðal. - tom

LÍKLEGUR Hilmar Örn getur hæglega unnið til verðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI

MARK! Harpa Þorsteinsdóttir skoraði í síðasta leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Nágrannaliðin berjast á ný

FÓTBOLTI Breiðablik og Stjarnan eigast við í kvöld í undanúrslitum Borgunarbikars kvenna í knattspyrnu, en í boði er sæti í sjálfum úrslitaleiknum í Laugardalnum.

Liðin hafa nú þegar mæst tvívegis í deildinni, nú síðast á þriðjudagskvöldið þegar Stjarnan vann 1-0 sigur með marki Hörpu Þorsteinsdóttur úr vítaspyrnu.

Breiðablik vann fyrri leik liðanna í sumar, 1-0, með marki Aldísar Köru Lúðvíksdóttur, en það var í fyrstu umferð Pepsi-deildarinnar. Það er jafnframt eina deildartap Stjörnunnar undanfarin tvö sumur.

Stjarnan varð Íslandsmeistari í fyrra án taps, en liðið komst ekki í úrslitaleik bikarsins. Þór/KA kom í veg fyrir það en tapaði í úrslitunum fyrir Breiðabliki, sem er Borgunarbikarmeistari kvenna.

Leikir liðanna í sumar hafa verið mjög jafnir og spennandi og má búast við annarri eins spennu á Kópavogsvelli í kvöld. Þetta verður í fyrsta sinn sem liðin mætast þar í sumar þar sem fyrsta umferðin fór fram í Fífunni. Leikurinn hefst klukkan 19.15. - tom

Lennon á leið til Íslands

FÓTBOLTI Steven Lennon, skoski framherjinn sem lék áður fyrr með Fram, vill losna frá félagsliði sínu í Noregi, Sandnes Ulf, og hafa FH og KR haft samband. Þetta staðfesti Lennon í samtali við Eve Magazine í Noregi.

„Ég á von á því að tilboð komi á næstu dögum og að leikurinn gegn Strömsgodset verði minn síðasti fyrir Sandnes," sagði Lennon. - kpt

ÚRSLIT

FORKEPPNI EVRÓPUDEILDAR

2. UMFERÐ

STJARNAN - MOTHERWELL 3-2
1-0 Steven Hammel (11.), 1-1 Ólafur Karl Finsen (37., víti), 1-2 Lionel Ainsworth (66.), 2-2 Rolf Toft (85), 3-2 Atli Jóhannsson (115.)
Stjarnan áfram, samanlagt 5-4

FH - NEMAN GRODNO 2-0
1-0 Atli Guðnason (42.), 2-0 Atli Viðar Björnsson (80.)
FH áfram, samanlagt, 3-1

BORGUNARBIKAR KVENNA

FYLKIR - SELFOSS 2-2
0-1 Blake Stockton (8.), 1-1 Cary Hawkins (38.), 2-1 Blake Stockton (48.), 2-2 Anna Björg Björnsdóttir (81.).
Selfoss vann, 3-0, í vítaspyrnukeppni og er komið í úrslitaleikinn.

Byrjunarliðssæti ekki gefins

Gylfi Þór Sigurðsson var ósáttur við fá tækifæri í sinni stöðu hjá Tottenham. En hverjir eru möguleikar Gylfa hjá Swansea City og hvaða leikmenn á hann í samkeppni við? Fréttablaðið kannaði málið.

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is

FÓTBOLTI Sem kunnugt er gekk Swansea City frá kaupum á landsliðsmanninum Gylfa Þór Sigurðssyni frá Tottenham í fyrradag. Talið er að kaupverðið hljóði upp á 1,96 milljarða króna.

Gylfi þekkir vel til hjá Swansea, en hann lék sem lánsmaður hjá velska liðinu seinni hluta tímabilsins 2011-2012. Gylfi átti góðu gengi að fagna með Swansea og skoraði sjö mörk í átján deildarleikjum og átti þrjár stoðsendingar. Í kjölfarið var hann keyptur til Tottenham á 1,7 milljarða króna. Gylfi lék 85 leiki með Tottenham í öllum keppnum og skoraði 13 mörk.

Líður best inni á miðjunni

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Gylfi hafa upplifað bæði góða tíma og slæma hjá Lundúnaliðinu. „Ég átti margar góðar stundir hjá Tottenham og auðvitað er allt af leiðinlegt að kveðja félag sem maður hefur notið þess að vera hjá. En ég tók þessa ákvörðun af fótboltalegum ástæðum," sagði landsliðsmaðurinn.

Mikil samkeppni var hjá Tottenham, en á árunum tveimur á White Hart Lane þurfti Gylfi að berjast um stöður við leikmenn á borð við Gareth Bale, Nacer Chadli, Lewis Holtby, Christian Eriksen og Paulinho. Hlutskipti Gylfa var því oft að spila á vinstri kantinum sem hann segir að henti sér ekki:

„Eins og flestir vita líður mér best inni á miðjunni. Ég er ekkert þessi fljóta týpa á kantinum sem sprettar fram hjá bakverði og neglir fyrirgjöf inn á teiginn eins og Gareth Bale eða Andros Townsend," sagði Íslendingurinn og bætti við: „Ég er allt öðruvísi leikmaður. Vonandi fæ ég bara að spila sem númer tíu hjá Swansea eða sem númer átta inni á miðri miðjunni."

Baráttan við Shelvey

Þegar Gylfi var hjá Swansea fyrir tveimur árum notaði Brendan Rodgers, þáverandi þjálfari liðsins, hann oftast í stöðu framliggjandi miðjumanns (tíu), í leikkerfinu 4-2-3-1. Þótt Rodgers sé horfinn á braut hefur Swansea haldið áfram að spila þetta leikkerfi, bæði undir stjórn Michaels Laudrup og Garrys Monk sem tók við liðinu um mitt síðasta tímabil.

Ljóst er að Gylfa er ætlað stórt hlutverk hjá Swansea, en það er ekki þar með sagt að hann eigi bókað sæti í velska liðinu. Brotthvarf Spánverjanna Michu, sem sló í gegn tímabilið 2012-2013, og Alejandro Pozuelo í sumar er vatn á myllu Gylfa, en að öllum líkindum verður aðalkeppninautur hans um stöðu framliggjandi miðjumanns Jonjo Shelvey, sem gekk til liðs við Swansea frá Liverpool fyrir síðustu leiktíð.

Shelvey átti fína leiktíð í fyrra og skoraði sex mörk og gaf sex stoðsendingar í 32 deildarleikjum. Gylfi er því ekki að glíma við neinn aukvisa. Pablo Hernández og Wayne Routhledge geta einnig spilað umræddа stöðu, en þeir eru meiri kantmenn en miðjumenn.

Sama staða og hjá landsliðinu?

Svo gæti einnig farið að Gylfi yrði notaður aftar á miðjunni, ekki ósvipað og hjá íslenska landsliðinu. Það ríkir nokkur óvissa um hverjir skipa þessar stöður hjá Swansea í vetur. Leon Britton hefur verið fastamaður hjá Swansea í áraraðir og er eins konar holdgervingur tikitaka-leikstílsins sem Swansea hefur spilað undanfarin ár.

Britton verður áfram í lykilhlutverki hjá Wales-mönnunum. Suður-Kóreumaðurinn Ki Sung-Yueng er einnig kominn aftur til Swansea eftir að hafa verið í láni hjá Sunderland á síðustu leiktíð. Spánverjinn José Cañas hefur verið sagður á leið frá Swansea og þá er óljóst hvað verður um hollenska landsliðsmanninn Jonathan de Guzmán, en hann hefur verið á láni hjá Swansea frá spænska liðinu Villareal undanfarin tvö ár.

ENDURKOMA Gylfi Þór er kominn á kunnuglegar slóðir. MYND/SWANSEACITY.NET

Aukin tækifæri

Einhverjir leikmenn gætu komið og farið, en burtséð frá því ætti Gylfi Þór Sigurðsson að fá nóg af tækifærum hjá Swansea á næstu leiktíð. Og það er líklegra en ekki að hann fái að spila sínar eftirlætisstöður en ekki á vinstri kantinum eins og tilfellið var svo oft hjá Tottenham.

> **Vonandi fæ ég að spila sem númer tíu hjá Swansea eða númer átta inni á miðri miðjunni**
> *Gylfi Þór Sigurðsson, leikm. Swansea*

Magnað Evrópukvöld

FH og Stjarnan bæði áfram með góðum sigrum.

FÓTBOLTI FH og Stjarnan komust bæði áfram í 3. umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA í gærkvöldi með góðum sigrum. FH lagði Neman Grodno frá Hvíta-Rússlandi, 2-0, í Kaplakrika, eftir að hafa gert 1-1 jafntefli ytra og þá gerði Stjarnan sér lítið fyrir og vann Motherwell, 3-2 (5-4 samanlagt) eftir framlengingu.

Stjarnan sýndi hreint ótrúlegan karakter gegn skoska liðinu sem komst tvisvar sinnum yfir, en í fyrri leiknum ytra komst Motherwell í 2-0 áður en Stjörnumenn jöfnuðu metin.

Ólafur Karl Finsen skoraði fyrra mark Stjörnunnar í venjulegum leiktíma úr vítaspyrnu, þriðja markið sem hann skoraði úr víti í einvíginu. Danski framherjinn Rolf Toft jafnaði svo, 2-2, með marki á 85. mínútu og kom Stjörnumönnum í framlengingu.

Stjarnan átti ekkert minna en sigur skilið úr leiknum, og hann datt í hús þökk sé mögnuðu einstaklingsframtaki Atla Jóhannssonar. Hann fékk boltann 30 metrum frá marki á 115. mínútu og þrumaði honum í netið. Stemningin ævintýri líkast í Garðabænum en Stjarnan mætir Lech Poznan frá Póllandi í næstu umferð.

FH átti ekki í miklum vandræðum með hvítrússneska liðið Neman Grodno í Hafnafirði. Atlarnir voru báðir á skotskónum, en Atli Guðnason skoraði fyrra markið og Atli Viðar Björnsson það síðara eftir að koma inn á sem varamaður.

FH-ingar fá því aðrar 20 milljónir í sinn hlut líkt og Stjörnumenn og mæta Elfsborg í næstu umferð. Þægilegt ferðalag hjá Hafnfirðingum í næstu umferð. - tom

HETJAN Atli Jóhannsson skoraði sigurmarkið með þrumuskoti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

BÆKUR, FRÍ OG FERÐALÖG

„Amma biður að heilsa" er einstök saga um ofurhetjur úr hversdagslífinu sem eiga erfitt með að fóta sig í veruleikanum. Eftir höfund metsölubókarinnar „Maður sem heitir Ove" sem sló rækilega í gegn.

Verð: 3.499.-
Amma biður að heilsa

Vegahandbókin á að baki 40 ára feril í bílum landsmanna. Bókin hefur verið í stöðugri uppfærslu og endurnýjun frá fyrstu útgáfu. Í máli myndum og með kortum er ferðalangnum vísað til vegar og hann fræddur á ferð sinni um landið. Við tökum gamla vegahandbók upp í fyrir 1.000 kr.

Verð: 5.499.-
Vegahandbókin 2014

Verð: 2.799.-
Risa syrpa - Á framandi slóðum

Verð: 3.499.-
Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur



Verð: 5.499,-
155 ísland

Vildarverð: 5.199,-
Verð áður: 5.699,-
Hraun í Öxnadal

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.00

Mike and Molly

Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.

Í KVÖLD

Íslandsmótið í hestaíþróttum

STÖÐ 2 SPORT KL. 15.50 Bein útsending frá Íslandsmeistaramótinu í hestaíþróttum sem fram fer á félagssvæði Fáks í Víðidal. Keppt er í tölti. Umsjón með þættinum hefur Telma Tómasson.

Survivor

SKJÁR EINN KL. 20.15 Það er komið að 25. þáttaröðinni af Survivor með kynninn Jeff Probst í fararbroddi og í þetta sinn er stefnan tekin á Filippseyjar. Keppendur eru átján talsins að þessu sinni.

Britain's Got Talent

STÖÐ 3 KL. 19.40 Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar í keppninni eru Simon Cowell, David Walliams, Amanda Holden og Alesha Dixon en kynnar eru skemmtikraftarnir Ant og Dec.

X977 kl. 8-11

Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.

FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ

TÓK RÓMANTÍKINA FRAM YFIR ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Halldóra Björnsdóttir leikkona hvarf af sviði Þjóðleikhússins fyrir sex árum og flutti vestur á firði með manni sínum. Í haust snýr hún aftur á svið í nýju íslensku verki, Róðaríi, sem sýnt verður í Tjarnarbíói. Hún segir að sumum þyki kannski gamaldags að elta manninn sinn frekar en starfsframann en hún kjósi að kalla það rómantík.

Heimahagar bláklukkunnar

Áhugaverðir viðkomustaðir eru víða á Austurlandi hvort sem ekið er með ströndum eða um þjóðveg 1.

Medúsa gerði mig að betri manni

Þór Eldon var einn af stofnendum listahópsins Medúsu og meðlimur hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar Fan Houtens Kókó sem nú hefur sent frá sér sinn fyrsta geisladisk, þrjátíu árum eftir að hljómsveitin hætti störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ

Ómissandi hluti af góðri helgi

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Malcolm in the Middle
08.25 Drop Dead Diva
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Last Man Standing
10.40 The Face
11.25 Junior Masterchef Australia
12.15 Heimsókn
12.35 Nágrannar
13.00 10 Years
14.40 Pönk í Reykjavík
15.05 Geggjaðar græjur
15.20 Young Justice
16.05 Frasier
16.25 The Big Bang Theory
16.48 How I Met Your Mother
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 Super Fun Night *(8:17)*
19.35 Impractical Jokers *(8:8)* Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á um að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.
20.00 Mike and Molly *(18:23)* Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.
20.20 NCIS. Los Angeles *(8:24)*
21.05 Another Happy Day
23.05 Vehicle 19
00.35 The Descendants
02.30 13
04.00 Red
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

08.40 Fimmgangur
15.10 Símamótið
15.50 Íslandsmótið í hestaíþróttum
22.50 UFC Countdown
23.20 UFC Fight Night
01.15 Royce Gracie - Ultimate Gracie Þáttur frá UFC.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Guinness International Champions Cup 2014
15.00 Robert Pires 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
15.30 Belgía - Rússland
17.10 Suður-Kórea - Alsír
18.50 Guinness International Champions Cup 2014
20.30 Liverpool - Roma
22.10 Tottenham - Norwich
23.50 PL Classic Matches. Blackburn - Norwich, 1992

INN

20.00 Kling klang **21.00** Harmóníkan heillar **21.30** Eldhús meistaranna

STÖÐ 3

16.40 Jamie's 30 Minute Meals
17.05 Raising Hope
17.30 The Neighbors
17.50 Cougar Town
18.15 The Secret Circle
19.00 Top 20 Funniest *(9:18)*
19.40 Britain's Got Talent *(7:18)*
20.40 Community *(18:24)*
21.05 The Listener *(4:13)*
21.50 Grimm *(2:22)*
22.30 Sons of Anarchy
23.15 The Secret Circle
00.00 Longmire
00.45 Top 20 Funniest
01.25 Britain's Got Talent
02.25 Community
02.50 The Listener
03.30 Grimm
04.15 Sons of Anarchy
05.00 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

07.00 Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Skógardýrið Húgó **09.44** Skoppa og Skrítla **09.56** Leyndarmál vísindanna **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Skógardýrið Húgó **13.47** Skoppa og Skrítla **13.56** Leyndarmál vísindanna **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Skógardýrið Húgó **17.47** Skoppa og Skrítla **17.56** Leyndarmál vísindanna **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Litla stóra Pandan **20.25** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

18.05 Strákarnir
18.35 Friends
19.00 Seinfeld
19.25 Modern Family
19.50 Two and a Half Men *(13:24)*
20.10 Spurningabomban *(7:21)*
21.00 Breaking Bad
21.50 Wallander
23.25 It's Always Sunny In Philadelphia *(8:12)*
23.45 Boardwalk Empire
00.35 Hustle
01.30 Spurningabomban
02.20 Breaking Bad
03.05 Wallander
04.35 It's Always Sunny In Philadelphia
05.00 Boardwalk Empire

BÍÓSTÖÐIN

12.00 The American President
13.50 My Week With Marilyn
15.30 Gambit
17.00 The American President
18.50 My Week With Marilyn
20.30 Gambit
22.00 The Wolverine
00.05 The Crazies
01.45 Zero Dark Thirty
04.20 The Wolverine

RÚV

15.40 Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
17.20 Kúlugúbbarnir
17.44 Undraveröld Gúnda
18.07 Nína Pataló
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Með okkar augum
19.00 Fréttir
19.20 Veðurfréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Orðbragð *(3:6)*
20.10 Saga af strák *(8:13) (About a Boy)* Bandarísk gamanþáttaröð um áhyggjulausan piparsvein sem sér sér leik á borði þegar einstæð móðir flytur í næsta hús.
20.35 Séra Brown *(3:10) (Father Brown)* Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna.
21.25 Fræ efans *(Legacy)* Tilfinningaþrungin sakamálamynd frá BBC byggð á sögu Alan Judd. Njósnari á tímum kalda stríðsins er fenginn til að nálgast gamlan rússneskan skólafélaga sinn á nýjum forsendum.
22.55 Á síðasta snúningi *(Young Adult)* Rithöfundur í ástarsorg einsetur sér að vinna aftur hjarta fyrrum kærasta síns. Gamansöm mynd um krákustigu ástarinnar með Charlize Theron í aðalhlutverki.
00.25 Bifurinn *(The Beaver)*
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 Pepsi MAX tónlist
15.05 The Voice
17.20 Dr. Phil
18.00 Necessary Roughness
18.45 An Idiot Abroad
19.30 30 Rock *(6:22)* Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.
19.50 America's Funniest Home Videos *(41:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.15 Survior *(9:15)* Það er komið að 25. þáttaröðinni af Survivor með kynninn Jeff Probst í fararbroddi og í þetta sinn er stefnan tekin á Filippseyjar. Keppendur eru átján talsins að þessu sinni. Fimmtán þeirra eru nýliðar en þrír eru að spreyta sig í annað sinn eftir að hafa dottið út á sínum tíma sökum veikinda eða meiðsla.
21.00 The Bachelorette *(6:12)*
22.30 The Tonight Show Morgan Freeman er gestur kvöldsins ásamt söngkonunni Kesha. Söngvarinn Tweedy tekur lagið.
23.15 Royal Pains *(15:16)*
00.05 Leverage
00.55 Inside Men
01.45 The Tonight Show
03.15 Survior
04.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 **11.00** The Open Championship Highl **11.30** Golfing World 2014 **12.20** PGA Tour 2014 **17.00** Inside The PGA Tour 2014 **17.25** Golfing World 2014 **18.15** Web.com Tour Highligts **19.10** Golfing World 2014 **20.00** PGA Tour 2014 **23.00** Golfing World 2014

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin

ICELANDAIR

HELLIST LUKKAN YFIR ÞIG?

4 FERÐ FYRIR TIL **NEW YORK** MEÐ ICELANDAIR

16x **25** ÞÚSUND KR. ELDSNEYTIS-INNEIGN

8x **150** ÞÚSUND VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

16x **50** ÞÚSUND VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

NOTAÐU LYKILINN

HJÁ OLÍS OG ÓB OG ÞÚ GÆTIR DOTTIÐ

Í LUKKUPOTTINN!

Heppnir einstaklingar sem nota lykilinn, Staðgreiðslu- eða Tvennukort á stöðvum ÓB og Olís geta átt von á því að næla sér í glæsilega vinninga í sumar! Vinningshöfum verður komið skemmtilega á óvart og mun einn þeirra hljóta **FERÐ FYRIR FJÓRA TIL NEW YORK MEÐ ICELANDAIR**. Fjöldinn allur af frábærum vinningum verður jafnframt dreginn út vikulega.

PIPAR\TBWA • SÍA • 141878

FÖSTUDAGSLAGIÐ

„Föstudagslagið mitt þennan föstudaginn er Sky full of stars með Coldplay. Frábært lag sem leiðir mann mjúklega inn í vinnuhelgina sem er fram undan.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir laganemi.

Björk kveikti áhugann á nýjan leik

Eygló Höskuldsdóttir er á leið í einn stærsta tónlistarskóla Bandaríkjanna.

„Mig langaði alltaf að verða tónskáld þegar ég var yngri,“ segir Eygló Höskuldsdóttir. „Síðan kom dálítið upp á í tónlistarnáminu sem varð til þess að ég ákvað að hætta við þann draum,“ segir Eygló. Hún fór í kjölfarið að læra sálfræði í Háskóla Íslands en fór síðan í tónleikaferðalag með Björk Guðmundsdóttur og þar blossaði tónlistaráhuginn upp aftur. „Þá hugsaði ég með mér að tónlistarþerapía væri frábær millivegur þess að vera tónskáld og sálfræðingur.“

Eygló sótti þá um í tónlistarþerapíu við Berklee College of Music en skólinn þykir einn besti tónlistarskóla Bandaríkjanna. „Síðan þegar mér var boðið í prufu þá hélt ég að ég væri að fara að spila á píanó,“ segir Eygló sem komst að því fimm mínútum fyrir prufuna að hún ætti ekki að spila á píanó heldur syngja. „Ég hitaði bara upp í hvelli og gólaði síðan eitthvað,“ segir Eygló og hlær. Hún fékk síðan bréf tveimur mánuðum seinna þess efnis að hún hefði komist inn. „Þá tók við meira vesen, þar sem ég á ekki sjö milljónir á ári í fjögur ár,“ segir hún en skólagjöldin eru svimandi há. Eygló hefur því verið að búa til hárbönd og annan söluvænan varning ásamt móður sinni sem hægt er að nálgast á Facebook-síðunni Eygló fer í skóla. „Síðan er stóri Eyglóar-dagurinn 10. ágúst í Langholtskirkju,“ segir Eygló en þar heldur hún nokkurs konar styrktar- og kveðjutónleika klukkan 13.00. - þþ

SÖNGELSKUR SÁLFRÆÐINGUR Eygló mun læra svonefnda tónlistarþerapíu við Berklee.

– KOMDU NÚNA –

TAXFREE DAGAR

20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

– EKKI MISSA AF ÞESSU –

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNAHÖLLIN

– Reykjavík – Akureyri –

Sænskur snillingur sem kunni sitt fag

Sænski tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn Christian Falk lést í gær, 52 ára gamall. Hann var náinn vinur og samstarfsmaður Bubba Morthens og elskaði Ísland.

„Þetta eru ömurlegar fréttir, hann var náinn vinur minn og mér þótti mjög vænt um hann,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens en náinn vinur og samstarfsfélagi hans, tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn Christian Falk, lést í gær 52 ára gamall eftir baráttu við krabbamein í briskirtli.

Falk var þekktur og vinsæll upptökustjóri og tónlistarmaður í Svíþjóð og vann með listamönnum á borð við Neneh Cherry og Robyn, ásamt því að hafa verið meðlimur í sænsku rokkhljómsveitinni Imperiet. „Það er alltaf til fólk sem fæðist með eitthvað extra, sem tónlistarmaður, pródúsent, var hann algjör snillingur. Hann var líka dásamleg mannvera, vel lesinn, klár og einnig mikil barnagæla. En umfram allt var hann stór manneskja í bestu merkingu orðsins,“ bætir Bubbi við.

„Ég var að veiða og heyrði í útvarpinu að hljómsveitin hans, Imperiet, væri að spila hér á landi og fór á tónleikana. Imperiet var stærsta rokksveit Skandinavíu á þessum tíma og ég hitti þá eftir tónleika. Það endaði þannig að Christian Falk fór ekkert af landinu strax og bjó hjá mér í viku og við urðum miklir vinir,“ segir Bubbi spurður út í upphaf vinskaparins.

Í kjölfarið gerði Bubbi plötusamning við sama fyrirtæki og Imperiet var með samning við, Mislur-Records.

Saman unnu þeir að fimm plötum; Frelsi til sölu árið 1986, Serbian flower árið 1988, Nóttin langa árið 1989, Sögur af landi árið 1990 og Þrír heimar árið 1994. „Hann var ekki bara upptökustjóri, hann gat spilað á öll hljóðfæri og hafði hann skarpa sýn á melódíurnar og náði fram einstökum hljómi, sem var í raun fyrsta hipphoppsándið sem kom fram á Íslandi,“ segir Bubbi.

Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld starfaði einnig með Falk á þessum tíma. „Við unnum saman að Bubbaplötunni Nóttin langa og það er skemmtilegasta upptökuferli sem ég hef upplifað. Hann var bráðskemmtilegur og algjör snillingur. Ég heyrði frá honum síðast fyrir um tíu árum og við vorum alltaf á leiðinni að búa til tónlist saman en það kom alltaf eitthvað upp á sem kom í veg fyrir það,“ segir Hilmar um sín kynni af Christian Falk.

Bubbi heyrði síðast frá Falk um jólin en vissi af því að hann hafði farið á spítala í febrúarmánuði með kviðverki en þá kom í ljós krabbameinið í briskirtli sem ekkert var hægt að gera í. gunnarleo@frettabladid.is

> En umfram allt var hann stór manneskja í bestu merkingu orðsins.
>
> *Bubbi Morthens*

SAMSTARF FALKS OG BUBBA

Christian Falk vann að fjórum plötum með Bubba en þær voru:

Frelsi til sölu 1986
Serbian flower 1988
Nóttin langa 1989
Sögur af landi 1990
Prír heimar 1994

Christian Falk vann með listamönnum á borð við Neneh Cherry, Robyn og hljómsveitinni Imperiet, sem var ein vinsælasta rokksveit Skandinavíu á níunda áratug tuttugustu aldar.

Reykjavík er rosalegt púsluspil

Vala Matt stýrir sjónvarpsþættinum Gatan mín en þátturinn hefur göngu sína á þriðjudag. Í þættinum fáum við að kynnast hinum fjölbreyttu götum landsins.

„Það er mjög áhugavert að sjá hvað göturnar í Reykjavík eru ótrúlega fjölbreyttar. Borgin er svo mikill bútasaumur,“ segir fjölmiðlakonan og arkitektinn Vala Matt, en á þriðjudaginn hefur þátturinn Gatan mín göngu sína á Stöð 2. Í þættinum hittir Vala nokkra þjóðþekkta einstaklinga og fer með þeim í gönguferð um uppáhaldsgötur þeirra, götur sem þeir hafa búið við eða götur sem eru í einstöku uppáhaldi. Í fyrsta þættinum þræðir hún Kaplaskjólsveg ásamt Hraðfréttamanninum Benedikt Valssyni. „Benedikt er Vesturbæingur í húð og hár og við förum vel yfir blokkina sem hann er alinn upp í á Kaplaskjólsveginum. Í hverjum þætti fáum við svo Pétur Ármannsson arkitekt til að flétta inn sögu götunnar og hverfisins en skyggnumst einnig í myndaalbúm Íslendinganna og sjáum gamlar myndir af þeim á heimaslóðum,“ segir Vala, sem bregður sér einnig út á land. „Við komum við á Spítalavegi á Akureyri en þar ætlar Kristján Jóhannsson að segja okkur allt um dvölina þar. Þá liggur leiðin á Hof á Hofströndum þar sem Lilja Pálmadóttir sýnir okkur nýja húsið þeirra Baltasars og bóndabæinn sem þau gerðu upp.“ Vala segir höfuðborgina okkar töluvert frábrugðna erlendum stórborgum. „Ef maður skoðar borgir erlendis sér maður fljótlega að það er ákveðinn stíll og stefna sem eru ríkjandi, eins og til dæmis í Kaupmannahöfn og London. Reykjavík er hins vegar rosalegt púsluspil.“ - ka

KYNNIST ÍSLENSKUM GÖTUM Fjölmiðlakonan og arkitektinn Vala Matt þræðir fjölbreyttar götur ásamt þjóðþekktum viðmælendum í sjónvarpsþættinum Gatan mín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

AÐEINS ÞESSA 5 DAGA!

25. - 29. JÚLÍ Í FAXAFENI 7

GÁMASALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ

FULLUR GÁMUR AF MONGOOSE HJÓLUM SEM VIÐ ÞURFUM AÐ LOSNA VIÐ - STRAX!

SÖLUMENN OKKAR VERÐA Í SAMNINGSSTUÐI!

GAP

OPIÐ ALLA HELGINA! LAUGARDAG KL. 10 – 16 SUNNUDAG KL. 12 – 16

HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 SÍMI 5 200 200 · GAP.IS

Verslaðu núna - borgaðu seinna!

Netgíró

Einfalt, fljótlegt og ókeypis að skrá sig!

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

París norðursins í stað Fúsa

París norðursins, í leikstjórn Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, verður frumsýnd á Íslandi þann 5. september í stað nýjustu kvikmyndar Dags Kára Péturssonar sem átti að frumsýna þennan dag. Frumsýningu Fúsa, myndar Dags Kára, verður seinkað. Heimsfrumsýning París norðursins fór fram á kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary í Tékklandi fyrr í mánuðinum. Leikstjórinn er nú á leið til Motovun í Króatíu þar sem hann verður viðstaddur sýningu myndarinnar, en þar keppir hún ásamt 20 öðrum evrópskum kvikmyndum um aðalverðlaun hátíðarinnar. Með aðalhlutverk fara Helgi Björnsson, Björn Thors og **Nanna Kristín Magnúsdóttir.**

- ósk

Bæjarstjórinn hlustaði á kall prestsins

Heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu lauk í byrjun mánaðarins með sigri Þjóðverja. Þýskaland atti kappi við Argentínu í úrslitaleiknum og hafði betur í framlengdum leik. Einn heitasti aðdáandi þýska liðsins á Akureyri er bæjarstjórinn **Eiríkur Björn Björgvinsson** og lofaði hann því á Facebook-síðu sinni fyrir úrslitaleikinn að ef Þjóðverjar myndu hampa heimsmeistaratitlinum í leikslok myndi hann efna til götugrills. Svo fór að Eiríkur Björn stóð við stóru orðin og grillaði þessi lifandis býsn ofan í svanga nágranna. Glatt var á hjalla í Brekatúninu þetta kvöld og þýska fánanum flaggað í fánaborg sem sett var upp í tilefni veislunnar.

Mest lesið VÍSIR

1. Misstu samband við vél Air Algerie
2. Biður fólk um að dæma ekki Ísraela
3. Mætti alltof snemma í vinnuna út af tímarugli í Candy Crush
4. Furðu lostin eftir búðarferð á Íslandi
5. Vara við hryðjuverkaárás á Noreg á næstu dögum

SONOS
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Spotify Google play
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

AFMÆLISDÝNAN – Reynir

AFMÆLIS AFSLÁTTUR 20 PRÓSENT

20 ÁRA AFMÆLI

Reynir Sigurðsson
stofnandi Betra Baks

BETRA BAK

Í TILEFNI 20 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS HÖFUM VIÐ FENGIÐ STÆRSTA OG EINN VIRTASTA DÝNUFRAMLEIÐANDA Í HEIMI – SERTA – TIL AÐ FRAMLEIÐA ALGJÖRLEGA EINSTAKA, SÉRHANNAÐA AFMÆLISDÝNU FYRIR OKKUR. DÝNAN ER NEFND EFTIR STOFNANDA FYRIRTÆKISINS REYNI SIGURÐSSYNI.

SERTA – REYNIR heilsurúm
Verðdæmi 180x200 cm
með Classic botni
Afmælistilboð Kr. 149.900
Fullt verð 190.900
Fæst í stærðunum:
120/140/160/180 x 200 cm
og 192 x 203 cm

Reynir
SPECIALLY MADE FOR BETRA BAK BY Serta

- Vandað 5 svæðaskipt pokagormakerfi. Minni hreyfing betri svefngæði.
- Steyptar kantstyrkingar.
- Hægt að endasnúa.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 30 cm.
- Val um fleiri en eina gerð af botni.
- Val um nokkrar gerðir af löppum.

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is